


**ÁRNI RAFN RÚNARSSON**
*Í blindbyl á eftir örverum*

Ferðir • bílar • börn
allt Í MIÐJU BLAÐSINS

**SARA MARÍA SKÚLADÓTTIR**
*Vinnur fyrir fræga hönnuði*
Saumaði fyrir Henrik Vibskov
FÓLK 38



**BIRGITTA HAUKDAL**
*Rétti tíminn kominn*
Gefur út fyrstu sólóplötu sína fyrir jól
FÓLK 30




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. ágúst 2007 — 207. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


**MIÐVIKUDAGUR**



**Mótsagnakennd ástarjátning**
Pete Doherty var undarlegri en nokkru sinni í viðtali við The Mirror.
FÓLK 28

**Bar Dóru opnar í kvöld**
Dóra Takefusa opnar barinn Jolene í Kaupmannahöfn.
FÓLK 38



**Tími almennings**
„Með stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar Geirs Haarde horfir nú betur fyrir almenning í landinu. Þar eru skýr loforð um kjarabætur með skattalækkunum og öðrum umbótum,“ segir Stefán Ólafsson.
Í DAG 20

**AZ hafnaði Newcastle**
Enska úrvalsdeildarliðið Newcastle gerði á dögunum formlegt tilboð í íslenska landsliðsmanninn Grétar Rafn Steinsson. Tilboðinu var umsvifalaust hafnað.
ÍÞRÓTTIR 34




**VEÐRIÐ Í DAG**




**BJART SUÐVESTAN TIL** Í dag verður allhvöss norðanátt austan til annars hægari. Rigning norðaustan og austan til. Hiti 10-17 stig, hlýjast til landsins syðra.
VEÐUR 4

# Ofurlaun fyrirstaða í tilfærslu til ríkisins

**Starfsmenn Ratsjárstofnunar eru á hærri launum en almennir starfsmenn ríkisins. Við tilfærslu stofnunarinnar undir íslenska ríkið 15. ágúst verða íslenskir kjarasamningar að gilda. Forstjóri stofnunarinnar neitar að upplýsa um launin.**

**STJÓRNMÁL** Breyta þarf samningum starfsmanna Ratsjárstofnunar þegar stofnunin verður færð undir íslenska ríkið. Engar heimildir er að finna í lögum um fjárveitingar til stofnunarinnar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru starfsmenn Ratsjárstofnunar á talsvert hærri launum en almennir opinberir starfsmenn. Stofnunin, sem fjármögnuð hefur verið af bandarískum stjórnvöldum, verður færð undir íslenska ríkið 15. ágúst næstkomandi, samkvæmt varnaráætlun við Bandaríkin frá september í fyrra.

„Starfsmenn eru á þeim kjarasamningum sem þeir eru þar til annað er ákveðið,“ segir Þórir Ibsen, sem stýrir starfshópi á vegum utanríkisráðuneytisins um tilfærsluna.

„Það er verið að skipa starfshópinn, við erum að skoða aðstæður og við ætlum að leggja einhverjar tillögur fyrir ráðherrann bráðum,“ segir Þórir. „Það segir sig sjálft að þegar þessi stofnun verður færð yfir verður hún aðlöguð íslenskri stjórnsýslu.“ Starfshópurinn kom fyrst saman á mánudag, en þegar ákvarðanir liggja fyrir verða þær gerðar opinberar.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra hefur sagt að Ratsjárstofnun kosti um 800 milljónir árlega í rekstri. Óvíst er enn hvort ríkisins. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks samþykkti á fundi í apríl að fjárveitingar upp á 241 milljón króna yrðu heimilaðar í fjáraukalögum árið 2007. Þau fjáraukalög verða ekki afgreidd fyrr en í haust og verður stofnunin þangað til rekin í trausti þess að samþykkt ríkisstjórnarinnar verði efnd.

Ólafur Örn Haraldsson, forstjóri Ratsjárstofnunar, vill engar upplýsingar gefa um stofnunina, hvorki hvað varðar laun starfsmanna, laun hans sjálfs eða hvort rætt hafi verið innan stofnunarinnar um hvort starfsmenn þyrftu að taka á sig launalækkanir við tilfærsluna.

Ólafur játar að þessar upplýsingar eigi að liggja fyrir og vera aðgengilegar almenningi. Hann segir utanríkisráðuneytið verða að svara fyrir málið. **- sgj /** **sjá síðu 6**



**FLÓTTAMENN Í DARFÚR** Tvær milljónir hafa flúið heimili sín og 200 þúsund látist í átökunum í Darfúr. NORDICPHOTOS/AFP

Öryggisráð SÞ:

## Friðargæsluliðið til Darfúr-héraðs

**BANDARÍKIN, AP** Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti í gær að senda 26.000 manna friðargæslulið til Darfúr-héraðs í Súdan. Fjögurra ára löng átök í héraðinu hafa valdið dauða yfir 200 þúsund manns.

Friðargæsluliðið mun koma í stað sjö þúsund manna herliðs Afríkubandalagsins, sem lítið hefur getað aðhafst í héraðinu. Ban Ki-moon, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, kallaði ákvörðunina sögulega og án fordæmis. Hann sagðist vona að með aðgerðunum lyki þessum kafla í sögu Súdans. **- sgj**



**ALLT SKAL OPINBERT** Gestur á skrifstofu skattstjóra skráir nafn sitt í gestabók Sambands ungra sjálfstæðismanna þegar hann skoðar álagningarskrár. Ungir sjálfstæðismenn hafa mótmælt því að álagningarskrár séu opnar öllum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Álagningarskrár birtar:

## Hreiðar Már skattakóngur

**SKATTAR** Þeir menn og konur sem skipa lista tíu stærstu greiðenda opinberra gjalda í hverju skattumdæmi, samtals 90 manns, greiddu rösklega tvö prósent af opinberum gjöldum einstaklinga vegna ársins 2006.

Stærsti greiðandi opinberra gjalda var Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, sem greiddi rúmar 400 milljónir króna. Næstur honum var Hannes Þór Smárason, forstjóri FL Group, sem greiddi tæplega 377 milljónir króna.

Álagningarskrár voru birtar í gær og um leið upplýsingar um þá einstaklinga sem greiddu hæst gjöld í hverju skattumdæmi. **- bj /** **sjá síðu 14**

Gengishækkanir hjá stærstu fjármálafyrirtækjum Norðurlanda á árinu:

# Íslensku félögin hækka langmest

**VIÐSKIPTI** Íslensku fjármálafyrirtækin Exista, Landsbankinn, Kaupþing, Glitnir og Straumur-Burðarás fjárfestingarbanki hafa hækkað langmest af tuttugu stærstu fjármálafyrirtækjum Norðurlanda það sem af er ári og eru þau einu sem hafa náð yfir fimmtungshækkun.

Exista hafði hækkað mest allra félaga eða um 67 prósent frá áramótum miðað við lokagengi félagsins á mánudaginn. Gengi hlutabréfa í Landsbankanum og Kaupþingi hefur hækkað um helming á árinu en hækkunin var minni í tilviki Glitnis og Straums.

Góð uppgjör hjá bönkunum og væntingar um frekari yfirtökur skýra miklar hækkanir á íslensku félögunum á þessu ári að mati Hermanns Þórissonar, sérfræðings hjá Landsbankanum. „Aðstæður á markaði hafa hjálpað til, fjármögnun er ódýrari og bönkunum gengur vel að fjármagna sig í skuldabréfum og innlánum.“

Kaupþing, sem er áttunda stærsta fjármálafyrirtæki Norðurlanda, er metið á rúma 900 milljarða króna og hefur vaxið mest allra fyrirtækja á árinu eða um rúma 280 milljarða króna.

Glitnir, Landsbankinn og Exista skipa sæti níu til ellefu á lista stærstu fjármálafyrirtækjanna. Félögin eru metin á um 430-440 milljarða króna. **- eþa /** **Sjá Markaðinn**












*Logi, ætlarðu að kalla til liðsmenn KF Nörd?*

„Hæfileikar þeirra liggja á öðrum sviðum en inni á vellinum. Þannig að það gæti verið að við nýttum þá til annarra verka.“

Logi Ólafsson hefur tekið við þjálfun KR af Teiti Þórðarsyni. Hann stýrði áður liðinu KF Nörd sem sett var saman úr miður hæfileikaríkum knattspyrnumönnum.

Þjóðarpúls Gallup sýnir mikla andstöðu við núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi:

# 15 prósent styðja kvótakerfið

**STJÓRNMÁL** Einungis fimmtán prósent aðspurðra eru ánægðir með núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi og meira en helmingur þjóðarinnar styður ákvörðun sjávarútvegsráðherra um að skera þorskkvótann niður um þriðjung á næsta fiskveiðiári. Þetta kemur fram í Þjóðarpúlsi Gallup, sem fjallað var um í sjónvarpsfréttum Ríkisútvarpsins í gær.

Fimmtán prósent aðspurðra sögðust ánægð með kvótakerfið, en 72 prósent óánægð. Þeim sem eru óánægðir fækkar um þrjú prósent frá árinu 2004. Karlar eru ánægðari með kvótakerfið en konur og nær fjórðungur kjósenda Sjálfstæðisflokksins segist ánægður með það.



**FISKVEIÐAR** Meirihluti styður ákvörðun sjávarútvegsráðherra um niðurskurð á aflaheimildum.

Einnig voru viðmælendur spurðir hvort þeir væru sammála eða ósammála ákvörðun sjávarútvegsráðherra um niðurskurð á aflaheimildum. 55 prósent sögðust styðja hana, en 37 prósent sögðust andvígir. Karlmenn voru hlynntari því að skera niður kvótann. 60 prósent karla studdu niðurskurð og helmingur kvenna.

61 prósent stuðningsmanna Vinstri grænna studdu niðurskurðinn, 57 prósent sjálfstæðismanna og 54 prósent Samfylkingarfólks. Einungis 39 prósent framsóknarmanna og rúmlega þriðjungur frjálslyndra studdu niðurskurðinn.

Könnunin var gerð dagana 11. - 23. júlí og var úrtakið 1211 manns. Svarhlutfall var 62 prósent. - sgj

Ný skoðanakönnun:

# Tólf prósent lesa tölvupóst í kirkju

**BANDARÍKIN Samkvæmt nýrri könnun hafa um tólf prósent Bandaríkjamanna notað farsíma eða lófatölvur til að lesa tölvupóst á meðan þeir eru staddir í guðsþjónustu. Þetta kom fram í Chicago Sun-Times. Rannsóknin, sem náði til fjögur þúsund Bandaríkjamanna yfir 13 ára aldri, sýndi að þetta væri mismikið stundað eftir búsetu. Níu prósent íbúa Chicago höfðu skoðað tölvupóst í kirkju, en heil 22 prósent íbúa Atlanta.**

**Hins vegar viðurkenndu tólf prósent aðspurðra að hafa skoðað tölvupóst á meðan þeir gengu örna sinna.** - sgj



**EIN MEÐ ÖLLU** Hátíðin er fyrir fjölskyldur, að sögn aðstandenda.

„Ein með öllu“ á Akureyri:

# Aldurstakmörk á tjaldstæði

**AKUREYRI** Forsvarsmenn fjölskylduhátíðarinnar „Ein með öllu“ á Akureyri hafa ákveðið að einstaklingar á aldrinum 18-23 ára geti að öllu jöfnu ekki búist við að fá tjaldstæði á hátíðinni. Hátíðin fer fram um verslunarmannahelgina.

Bæjaryfirvöld styðja þessa ákvörðun og verður lögregla innan handar til að aðstoða við að framfylgja þessum aldurstakmörkunum. Reynsla af rekstri sérstakra tjaldsvæða fyrir ungt fólk hefur ekki gefið góða reynslu að sögn aðstandenda og mun lögregla fylgjast með hvort tjaldað verði ólöglega í bænum.

Börn yngri en 18 ára fá ekki aðgang að tjaldstæðinu nema í fylgd með fullorðnum. - sgj

Hætta á svindli í Flórída:

# Kosningavélar enn gallaðar

**BANDARÍKIN, AP** Kosningavélar í Flórídaríki í Bandaríkjunum eru enn gallaðar, samkvæmt rannsókn.

Flórídaríki tók til notkunar kosningavélar með augnskanna og snertiskjá eftir forsetakosningarnar árið 2000. Talning vafaatkvæða var stöðvuð af hæstarétti, sem úrskurðaði að George Bush, frambjóðandi repúblikana, væri sigurvegarinn.

Nýju vélarnar hafa valdið vandræðum. Auðvelt er að skipta út minniskorti og setja inn annað með fölsuðum niðurstöðum. - sgj

# Dró Rósu úr Hálslóni

## Ómar Ragnarsson bjargaði bílnum Rósu úr Hálslóni á sunnudag vegna kæru. Rósa var tólf daga á kafi og er húðuð drullu, en Ómar hyggst aka henni áfram.

**FÓLK** „Ég er búinn að fela góðum manni að koma Rósu í gang á ný,“ segir Ómar Ragnarsson, en Rósu, sextán ára gömlum Daihatsu Feroza jeppa hans, var bjargað af botni Hálslóns á sunnudag. Ómar ók bílnum inn í Kringilsárrana í fyrravetur en sökum snjóleysis varð að skilja bílinn eftir í vor, þar sem Ómar vildi hvergi snerta jörð á bílnum. Hann þurfti að hörfa undan með bílinn þegar vatnsborð Hálslóns hækkaði, en það hækkaði mun hraðar en búist var við og að endingu fór bíllinn á kaf.

Bóndi á Héraði hafði kært það að bíllinn væri á staðnum og Ómar sá sig því tilneyddan til að sækja hann til að forðast frekari vandræði.

Bíllinn var sjö metrum undir yfirborði gruggugs vatnsins þegar köfunarþjónusta Árna Kópssonar fór á sunnudag og festi reipi og loftbelg í bílinn til að unnt væri að draga hann á land. Að sögn Árna þurfti að gera aðgerðina blindandi þar sem skyggni í vatninu var einungis um tveir sentimetrar. Notast var við sónartækni við björgunina.

Setið úr lóninu húðaði bílinn allan að innan. „Það er eins og hann hafi verið húðaður með sementi,“ segir Ómar, sem hefur ekki í hyggju að þrífa drulluna af honum, þar sem hún sé orðin hluti af sögu bílsins.



**RÓSA HEIMT ÚR HÁLSLÓNI** Ómar var keikur þegar hann mundaði lykilinn eftir dráttinn úr lóninu. Lykillinn kom þó að litlu gagni í þetta sinn þar sem svissinn var fullur af drullu. MYND / HELGI BERG FRIÐÞJÓFSSON



**KOMINN Á LAND** Ómar segir bílinn vitaverðlausan en hann leiki stórt hlutverk í sögu heimildamyndarinnar sem hann vinnur að.

Eftir að jeppinn var grýttur í fyrra og stórskemmdur hlaut hann nafnið Rósa, með hliðsjón af hinum fræga og sprelllifandi bíl Stephens King, Christine. Ómar segist hafa í hyggju að halda áfram að aka honum. „Fyrst hann lifði af misþyrmingarnar í fyrra þá hlýtur hann að þola það að vera drekkt í tólf daga líka.“

Ómar myndaði björgunina sem lið í gerð heimildamyndar um Hálslón. „Þetta var orðinn gjörsamlega verðlaus gripur en Rósa er orðin það mikill hluti af atburðarás heimildamyndarinnar að ég verð að koma henni í samt lag. Hún er orðin jafnmikil persóna og Geir Haarde og Árni Kópsson.“

Rósa var síðan dregin í kafi að landi hangandi í loftbelgnum, og þaðan til byggða. Ómar segir dráttinn hafa verið hinn skemmtilegasta. „Ég samdi meira að segja vísu um hann sem er matsatriði hvort er prenthæf.“



**DREGIN Í KAFI** Rósa hékk neðan í þessum loftbelg til að unnt væri að draga hana að landi.

stigur@frettabladid.is

Hótelin rísa í Reykjavík:

# Fjögur hundruð herbergi á árinu

**VIÐSKIPTI Fyrirséð er að hótelherbergjum fjölgi um 376 í Reykjavík á þessu ári samkvæmt upplýsingum frá Samtökum ferðaþjónustunnar. Það er sautján prósenta fjölgun. Áætlaður fjöldi hótelherbergja á höfuðborgarsvæðinu í lok þessa árs er því 2.578.**

**Um síðustu aldamót lýsti ferðamálastjóri Ferðamálastofu áhyggjum af því að skortur á gæðum gistimöguleika á landinu gæti staðið ferðaþjónustunni fyrir þrifum. Síðan hefur íslenskum hótelmarkaði verið snúið í sókn. Staðan nú er sögð einkennast af betri nýtingu hótelrýmis, auknum gæðum og meiri fjölbreytni.** - hhs / sjá Markaðinn



**BJÖRNINN BRUNO** Ekki var um lifandi bjarndýr að ræða í þetta skiptið.

Geigvænlegt bjarndýr í skógi:

# Lögregla réðst að tuskudýri

**ÞÝSKALAND** Lögreglan í Þýskalandi var kölluð út vegna geigvænlegs skógarbjörns í Svartaskógi. Í ljós kom að einungis var um tuskubangsa að ræða.

Íbúar í nálægum bæ hringdu á lögreglu af ótta við björninn. Lögreglan var minnug þess þegar bangsinn Bruno ráfaði um rætur Alpanna seinasta sumar, drepandi búfénað og smá skógardýr. Sérsveit var því send út til að ráða niðurlögum bjarnarins.

Í ljós kom að bangsinn var stærðarinnar tuskudýr, sem bogfimifélag í nágrenninu hafði notað sem skotmark. - sgj

BÍLL DAGSINS
SAAB 9-3 LINEAR
Nýskr. 07.07 - Beinskiptur - Ekinn 1 þús. km.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Sævarhöfða 2 Sími 525 8020 Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00.

Íranar sýna lit í kjarnorkudeilu sinni við stórveldi heims:

# Þungavatnsverksmiðjur opnar eftirliti Sameinuðu þjóðanna

**ÍRAN, AP** Eftirlitsmenn frá Sameinuðu þjóðunum fengu á mánudag að heimsækja þungavatnsverksmiðju í Arak, í fyrsta skipti síðan í janúar, samkvæmt írönskum heimildum.

Eftirlitsmennirnir skoðuðu kjarnakljúf í verksmiðjunni og tók heimsóknin fimm tíma. Þetta mun vera hluti samkomulags íranskra yfirvalda við Alþjóðakjarnorkumálastofnunina, en hún hefur lagt áherslu á að fá aðgang að verksmiðjunni til að geta metið kjarnorkustarfsemi almennt í Íran.

Íranar munu hafa samþykkt heimsóknina eftir samningaviðræður við hinn finnska Olli Heinonen, sem er einn yfirmanna stofnunarinnar.

Í þungavatnsverksmiðjum er framleitt plúton, sem má nota í kjarnorkusprengjur. Írönsk yfirvöld hafa ætíð haldið því fram að kjarnorkuframleiðsla þeirra sé til borgaralegra nota. Þeim hefur hins vegar verið vantreyst eftir að upp komst um leynilega kjarnorkuframleiðslu þeirra árið 2002.

Forsvarsmenn Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar vilja ekki tjá sig um heimsóknina. - kóþ



**FRÁ FUNDINUM Í AUSTURRÍKI** Olli Heinonen og Javad Vaeidi, aðstoðaryfirmaður Þjóðaröryggisstofnunar Írans, funduðu þann 24. júlí í Vínarborg. Viðræðurnar áttu að stuðla að bættu aðgengi Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar að þungavatnsverksmiðjunni. NORDICPHOTOS/AFP




# ÚTSÖLULOK

## ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR

## GÖTUMARKAÐUR

### FRÁ MIÐVIKUDEGI TIL LAUGARDAGS




Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

ENNEMM / SÍA / NM28956

## GENGIÐ 31.07.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 60,86 | 61,16 |
| Sterlingspund | 123,66 | 124,26 |
| Evra | 83,36 | 83,82 |
| Dönsk króna | 11,200 | 11,266 |
| Norsk króna | 10,468 | 10,530 |
| Sænsk króna | 9,064 | 9,118 |
| Japanskt jen | 0,5101 | 0,5131 |
| SDR | 93,16 | 93,72 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

113,1068

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Formaður íslenskra sveitarfélaga segir ríkið ekki hafa sýnt sveitarfélögum skilning:

# Ekki eðlilegt að ríkið njóti eitt góðs af fjármagnstekjuskatti

**SVEITARFÉLÖG** „Það er ekkert eðlilegt að sveitarfélögin njóti ekki góðs af tekjum af fjármagnstekjuskatti,“ segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Fram kom í fjölmiðlum í fyrra að um 2.200 manns greiddu eingöngu fjármagnstekjuskatt til ríkisins árið 2005 en óljóst er hversu stór sá hópur var í fyrra. „Þessar upplýsingar [álagningarskrár] undirstrika að það er eðlileg krafa að sveitarfélögin fái hluta af þessum tekjum þegar íbúar sveitarfélaganna borga fjármagnstekjuskatt. Þetta sýnir samt hversu skammt við erum á veg komin í viðræðum við ríkið um þessi mál því nær allir forsvarsmenn sveitarfélaga líta svo á að sveitarfélög eigi að fá hluta af fjármagnstekjuskatti íbúa til sín.“



HALLDÓR HALLDÓRSSON

Fjármagnstekjuskattur er tíu prósent af fjármagnstekjum en tekjur ríkissjóðs af honum hafa margfaldast á undanförnum árum.

Að sögn Halldórs hefur engum hugmyndum um hversu stóran hluta sveitarfélögin ættu að fá til sín verið varpað fram í viðræðum við ríkið. Stefnt er á að taka málið upp við stjórnvöld sem fyrst. - mh

Vöruskipti óhagstæð á árinu:

## Ástandið betra en á síðasta ári

**EFNAHAGSMÁL Vöruskipti við útlönd voru óhagstæð um tæpa 40,6 milljarða króna á fyrstu sex mánuðum ársins. Í júnímánuði einum voru vöruskiptin óhagstæð um 9,9 milljarða króna.**

**Fyrstu sex mánuði ársins voru fluttar inn vörur fyrir 180,5 milljarða króna en út fyrir 140 milljarða króna, samkvæmt tilkynningu frá Hagstofu Íslands.**

**Á sama tíma árið 2006 var vöruskiptajöfnuðurinn óhagstæður um 73 milljarða króna. Vöruskiptajöfnuðurinn er því hagstæðari um sem nemur 32,5 milljörðum í ár en á síðasta ári, segir í tilkynningunni. - bj**



**LÍK SUÐUR-KÓRESKA GÍSLSINS** Hinn 29 ára gamli Shim Sung-min fannst látinn í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Talibanar standa við orð sín:

## Annar suður-kóreski gíslinn drepinn

**AFGANISTAN, AP** Lögregla fann lík suðurkóresks gísls sem talibanar sögðust hafa drepið. Þetta er annar gíslinn sem talibanar drepa en 21 manns er enn í gíslingu. Ættingjar þeirra biðla til Bandaríkjastjórnar um að hjálpa til við að leysa málið.

Talibanar hóta að drepa fleiri gísla verði ekki gengið að kröfum þeirra um að liðsmenn þeirra verði látnir lausir.

Afganska stjórnin segir að talibönsku föngunum verði ekki sleppt. - pal

### LEIÐRÉTTINGAR

Í blaðinu í gær misritaðist að aukning hefði verið í áhorfi á Ísland í bítið sem er ekki lengur á dagskrá. Það var að sjálfsögðu Ísland í dag sem átt var við.

Í umfjöllun Fréttablaðsins um skotárásina á Sæbraut á sunnudaginn kom fram með maðurinn sem skotinn var hefði komið á bráðamóttöku klukkan 12.30. Hið rétta er að hann var kominn þangað klukkan 11.40.

### ÁRÉTTING

Myndin sem fylgdi frétt í Fréttablaðinu á mánudag um ölóðan mann í Þórsmörk tengdist ekki efni fréttarinnar með beinum hætti. Myndin var úr Langadal í Þórsmörk en atvikið átti sér stað í Básum.




**VERÐ Á NOKKRUM AFGREIÐSLUSTÖÐVUM SKELJUNGS**
Ekki fengust fullnægjandi upplýsingar um verð á afgreiðslustöðvum hinna stóru olíufélaganna tveggja.

# Gefa ekki upp bensínverð á öllum stöðvum

**Ekki er hægt að fá uppgefið olíuverð á öllum afgreiðslustöðvum N1 og Olís, hvorki á vefsíðu þeirra né í gegnum síma. Skeljungur er eina stóra olíufélagið sem birtir slíkar upplýsingar. Þar má sjá að nokkur munur getur verið milli nálægra staða.**

**NEYTENDUR** „Við fáum þessar upplýsingar ekki,“ segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, um þá staðreynd að tvö stóru olíufélaganna, N1 og Olís, neiti að gefa upp verð á bensíni og dísil á öllum afgreiðslustöðvum sínum.

Skeljungur birtir upplýsingar um verð á öllum 43 afgreiðslustöðvum sínum, eitt stóru olíufélaganna. Olís birtir verð á völdum stöðvum á vefnum en á vefsíðu N1 er engar verðupplýsingar að finna.

„Ef við vildum fá upplýsingar um verð á öllum stöðvum þyrftum við að hringja í þær allar,“ segir Jóhannes. „Það gerum við ekki. Þá þyrftum við mann í að gera það og ekkert annað.“ Hann segir þetta undarlegt. „Til þess að samkeppnin virki fyrir neytendur þá þurfa að vera upplýsingar. Þess vegna finnst mér mjög dapurlegt þegar dregið er úr þeim.“

Í upplýsingunum sem finna má á vef Skeljungs má sjá að oft munar nokkru á milli staða sem ekki eru ýkja langt hvor frá öðrum. Til dæmis er þriggja króna munur á bensínverði á Akureyri og Árskógssandi hjá Dalvík. Þá er bensín í Skógarhlíð í Reykjavík 1,6 krónum ódýrara en víðast hvar í borginni.

Stefán Karl Segatta, framkvæmdastjóri neytendasviðs hjá Skeljungi, segir að ástæðu ólíks bensínverðs megi yfirleitt rekja annaðhvort til samkeppnisaðstæðna á hverjum stað eða rekstraraðstæðna. „Í Hveragerði er verðið lágt því þar sem við erum að bregðast við samkeppnisaðstæðum. Svo erum við með nokkrar litlar dælur á tiltölulega afskekktum stöðum þar sem við höldum uppi góðri þjónustu og erum með aðeins hærra verð.“ Hann segir að verðið sé lágt í Skógarhlíð þar sem aðgengið sé erfitt vegna framkvæmda.

stigur@frettabladid.is

Vill fund í utanríkismálanefnd:

## Framtíð ratsjárkerfis verði rædd

**ÞJÓÐARÖRYGGI** Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstihreyfingarinnar - græns framboðs, hefur farið fram á það við formann utanríkismálanefndar að fundur verði boðaður í nefndinni eins fljótt og komið verði við.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Í tilkynningu frá VG kemur fram að þar vilji Steingrímur að rædd verði staða öryggismála, og sérstaklega nýtt hlutverk NATO í loftvörnum Íslands. Einnig framtíð ratsjárstöðvakerfisins og kostnaður því tengdur.

Steingrímur sér einnig ástæðu til að ræða fyrirhugaðar heræfingar hér á landi í ágúst, meðal annars til að gera grein fyrir því hvaða fjárheimildir verði nýttar til að standa straum af skuldbindingum vegna æfingarinnar. - bj

Brotist inn í sumarbústaði:

## Myndavél fældi innbrotsþjóf

**LÖGREGLUMÁL** Þjófur fældist við innbrot í sumarbústað í Norðurkotslandi skammt frá Þingvöllum þegar hann varð var við eftirlitsmyndavél.

Eigandi bústaðarins fékk aðvörun frá öryggiskerfi í bústaðnum og lét lögreglu vita. Skömmu síðar tilkynnti maður í nágrenninu að hann hefði vaknað við umgang í sínum bústað. Hann sá á eftir þjófnum stökkva inn í bíl og keyra á brott.

Þegar lögreglan á Selfossi kom á staðinn kom í ljós að sami þjófur hafði farið inn í næsta bústað við hliðina.

Engu var stolið í innbrotunum en eigendur grunar að sopar hafi verið teknir úr áfengisflöskum. - aví






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VERSLUNARMANNAHELGIN**

**Segja má að þessa verslunarmannahelgi fái hver landsluti bland í poka þegar kemur að veðrinu. Ástandið er einna krítískast aðfaranótt föstudags og á föstudagsmorgun hvað vindinn varðar. Þá verður talsvert hvasst sunnan og vestan til og raunar víðar. Síðan lægir smám saman. Síðla föstudags verður rigning um mest allt land. Á sunnudag gæti rofað nokkuð til syðra.**

**REYKJAVÍK Í DAG**

**Norðaustan 5-10 m/s og léttir smám saman til. Hiti 10-14 stig.**




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 20°C hálfskýjað | London | 23°C léttskýjað | Friedrichshafen | 26°C léttskýjað |
| Billund | 20°C hálfskýað | París | 25°C hálfskýjað | Basel | 27°C hálfskýjað |
| Osló | 20°C hálfskýjað | Eindhoven | 24°C hálfskýjað | Alicante | 31°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 24°C hálfskýjað | Frankfurt | 24°C hálfskýjað | Algarve | 29°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 20°C hálfskýjað | Berlín | 20°C hálfskýjað | Las Palmas | 29°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Allar útsöluvörur

nú á allt að seljast

# 125-1000 kr.

## verðhrun

## 50% auka afsláttur af útsölu



### Verðdæmi

| Upphaflegt verð | Útsöluverð | 50% auka afsláttur |
|---|---|---|
| ~~499~~ kr. | ~~250~~ kr. | 125 kr. |
| ~~799~~ kr. | ~~500~~ kr. | 250 kr. |
| ~~999-1.299~~ kr. | ~~750~~ kr. | 375 kr. |
| ~~1.499-1.699~~ kr. | ~~1.000~~ kr. | 500 kr. |
| ~~1.999-2.499~~ kr. | ~~1.500~~ kr. | 750 kr. |
| ~~2.999-4.999~~ kr. | ~~2.000~~ kr. | 1.000 kr. |

*Nú fer allt á hvolf!*

**Bolir 250-500 kr.**
**Buxur og peysur 500-1000 kr.**
**Skór 500-1000 kr.**

*Nú er bara að haska sér og gera kaup aldarinnar!*

Þessi auglýsing á við fatnað og skó, ekki raftæki, húsgögn og heimilisvöru.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



*Hefur þú hugsað þér að hringja í tré?*

| | |
|---|---|
| Já | 7% |
| Nei | 93% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hlustar þú á Megas?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Sprotafyrirtæki á Selfossi selur íslenska hönnun:

# Flytur út nýja slökkviliðsbíla

**SELFOSS** „Þetta er bylting," segir Jóhannes Hauksson, slökkviliðsstjóri í Búðardal, um nýjan slökkviliðsbíl liðsins. Bíllinn var smíðaður á Selfossi og sameinar framleiðslan evrópska tækni við bandaríska.

Fyrirtækið Slökkvi- og umhverfistækni er þriggja ára gamalt og hefur framleitt bílana í tvö ár. Norðmenn, Bandaríkjamenn og flugyfirvöld á flugvellinum í Kabúl í Afganistan hafa nú þegar keypt sér eintak til prufu. Einnig eru tveir bílar í notkun á Íslandi.

Sigurður Ástráðsson hjá SUT svarar því neitandi hvort bílaútflutningur frá Íslandi hljóti ekki að vera óhagstæður.

„Við erum með stórt markaðssvæði, sem er Norðurlöndin. Það sem gerir þetta hagstætt er að við fáum bílana frá Ameríku, breytum þeim töluvert og seljum síðan til Evrópu. Staða okkar innan Evrópska efnahagssvæðisins gerir það að verkum að verndartollar, sem annars væru á bíla frá Ameríku, falla niður," segir hann.

Bílarnir eru minni en hefðbundnir slökkviliðsbílar en Sigurður segir þá mun öflugri.

„Þessi slökkvibúnaður margfaldar slökkvigetuna. Þegar 1.000 lítrar af vatni fara í gegnum hann koma út 8.000 lítrar af slökkviefni," segir hann.

Sex starfsmenn starfa við smíðina og eru tveir þeirra í fullu starfi. **- kóþ**



**NÝI SLÖKKVILIÐSBÍLLINN** Bíllinn var smíðaður á Selfossi.

Átak gegn glæpum:

# Spila klassík á strætóstöðvum

**BANDARÍKIN, AP Yfirvöld í borginni Tacoma hafa ákveðið að spila klassíska tónlist í strætisvagnastöðvum til að fæla burt glæpamenn.**

**Þessa vikuna verður hátölurum komið fyrir í samgöngumiðstöð við verslunarmiðstöð í borginni til að fæla unga glæpamenn frá því að stunda fíkniefnaviðskipti á stoppistöðinni. Hugmyndin byggist á þeirri kenningu að breytilegt umhverfi komi glæpamönnum úr jafnvægi.**

**Ef áætlunin virkar verður hátölurum komið fyrir í strætisvögnunum sjálfum. - sgj**

Ölvunarakstur um helgina:

# Sá yngsti sem var tekinn var sextán ára

**LÖGREGLUMÁL** Sextán ára ökumaður var einn af tuttugu og þremur ökumönnum sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði fyrir ölvunarakstur um helgina. Ekki er hægt að svipta hann ökuréttindum þar sem hann hefur aldrei öðlast ökuréttindi, en lágmarksaldur fyrir þau er sautján ár.

Má hann búast við því að fá ökuréttindi síðar en jafnaldrar sínir.

Karlar voru í meirihluta þeirra sem keyrðu undir áhrifum eða tuttugu á meðan konurnar voru þrjár.

Þá voru þrír piltar um tvítugt teknir um helgina fyrir að keyra undir áhrifum fíkniefna. **- aví**

Karlmaður dæmdur:

# Lamdi mann og beit hann

**DÓMSMÁL Karlmaður var í gær dæmdur í 45 daga fangelsi í Héraðsdómi Suðurlands fyrir að slá mann í andlitið og bíta hann, en ákvörðun refsingarinnar er frestað haldi ákærði skilorð í tvö ár. Í ákæru var manninum gefið að sök að hafa slegið „nokkur hnefahögg í höfuð og skrokk" fórnarlambs árásarinnar en hún átti sér stað í borðsal skips er það lá við bryggju á Eskifirði aðfaranótt 9. apríl 2005.**

**Dómurinn taldi ekki sannað að hinn dæmdi hefði lamið og bitið fórnarlambið ítrekað, eins og haldið var fram í ákæru. Hins vegar þætti ljóst að hann hefði lamið hann einu sinni í andlitið og bitið hann sömuleiðis. - mh**









# Ekki búið að ganga frá fjárveitingum

**Íslenska ríkið tekur við rekstri ratsjárstöðvanna fjögurra hinn 15. ágúst. Engin heimild er fyrir fjármunum í rekstur stöðvanna. Síðasta ríkisstjórn samþykkti 241 milljón króna fjárveitingu, sem hefur ekki verið afgreidd í fjáraukalögum.**

**STJÓRNMÁL** Íslenska ríkið tekur við rekstri Ratsjárstofnunar og þar með íslensku ratsjárstöðvanna fjögurra hinn 15. ágúst næstkomandi. Hvergi liggur fyrir heimild um fjárveitingar til reksturs Ratsjárstofnunar.

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks samþykkti á fundi í apríl að fjárveitingar upp á 241 milljón króna yrðu heimilaðar í fjáraukalögum árið 2007. Þau fjáraukalög hafa ekki verið afgreidd.

Fjáraukalög eru að jafnaði lögð fram á fyrsta degi haustþings, 1. október. „Það hefur ekki verið fjallað um þetta í fjárlaganefndinni," segir Gunnar Svavarsson, formaður nefndarinnar, en hún kom fyrst saman í júní. Vinna við undirbúning að fjáraukalögum er hafin en beiðni um fjármuni í rekstur Ratsjárstofnunar hefur ekki borist.

„Ratsjárstofnun starfar í trausti þess að fjármunir fáist," segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra. „Auðvitað má segja að það hefði þurft að standa öðruvísi að þessu, en þetta er eina leiðin út." Ingibjörg gerir ráð fyrir að þetta sé inni í tillögum fjármálaráðuneytisins að fjáraukalögum.

„Þetta er ekki eina stofnunin sem greiðir laun eða annan kostnað í skjóli þess að það fáist fyrir því á fjáraukalögum," segir Ingibjörg. „Ríkisstjórnin hefur ákveðið að þessir fjármunir fáist, enda þingmeirihluti bak við það."



**RATSJÁRSTÖÐIN Á STOKKSNESI** Ekki er búið að ganga frá fjárveitingum til reksturs ratsjárstöðvanna.

Árni Mathiesen fjármálaráðherra segir ekki til siðs að ræða það sem verði í fjárlögum og neitar að segja til um hvort loforð um fjárveitingar verði efnt.

Ratsjárstöðvarnar eru fjórar, á Miðnesheiði, Bolafjalli, Stokksnesi og Gunnólfsvíkurfjalli. Stöðvarnar eru forsenda þess að hægt sé að halda uppi eftirliti eða halda heræfingar á landinu.

Orrustuþotur á vegum Nató munu koma til landsins fjórum sinnum á ári til æfinga og eftirlits. Jafnframt koma árlega þotur frá bandaríska hernum til æfinga. Hvort tveggja var samþykkt á síðasta ári.

Kostnaður við yfirtöku ríkisins á ratsjárstöðvunum er að mestu leyti launakostnaður og ýmis annar rekstrarkostnaður. Nefnd á vegum utanríkisráðuneytisins undirbýr nú yfirtökuna á kerfinu.

**steindor@frettabladid.is**

Miriam Rose, mótmælandi Saving Iceland, skuldaði fyrir ársgamalt afbrot:

# Í haldi vegna ógreiddrar sektar

**MÓTMÆLI** Mótmælasamtökin Saving Iceland héldu því fram á heimasíðu sinni í gær að lögreglan segði að enginn mótmælandi frá samtökunum væri í haldi. Þetta segja samtökin rangt hjá lögreglu, enda sé 23 ára stúlka, að nafni Miriam Rose, fangi í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg.

„Þessi stúlka er að afplána sektarafplánun sem hún fékk í fyrra," segir Guðmundur Gíslason, forstöðumaður fangelsanna í Reykjavík. „Þegar fólk fær svokallaðan vararefsingardóm er fólki gert að greiða sekt vegna lagabrots. Ef það neitar að borga sektina fer það í fangelsi. Í hennar tilviki er þetta bara vika."

Miriam verður sleppt í dag, að sögn Guðmundar. Hann segist ekki þekkja nákvæmlega hvernig haft var uppi á henni. „Hún hlýtur að hafa verið handtekin í einhverju samhengi og þá kemur í ljós að hún á þessa sekt," segir Guðmundur. „Þannig að það er rétt sem lögreglan segir, að það eru engin mótmælendur í haldi núna, að mér vitanlega, sem hafa verið settir inn fyrir það eitt að mótmæla." **- sgj**



**MÓTMÆLI Í STRAUMSVÍK** Miriam Rose neitaði að greiða ársgamla sekt, að sögn forstöðumanns fangelsanna.


AUKAKRÓNUR:
ÞÆR KOMA BARA
Skráðu þig á aukakrónur.is og safnaðu Aukakrónum við hverja færslu á kortið
– Við vildum byggja upp gagnsæja og góða fríðindasöfnun sem veitti þér ríkulega umbun fyrir góð viðskipti.
– Við vildum að þú þyrftir ekki að hafa fyrir því að safna fríðindum.
– Við vildum byggja upp stórt og öflugt net samstarfsaðila svo þú gætir notið fríðindanna sem víðast.
– Við vildum að það væri einfalt fyrir þig að leysa út fríðindin.
– Við vildum að ein Aukakróna væri einfaldlega ein króna.
– Við vildum að þú nytir viðskiptanna. Þess vegna bjuggum við til Aukakrónur.
AUKAKRÓNUR
Aukakrónur eru fríðindasöfnun Landsbankans. Við viljum umbuna fólki fyrir góð viðskipti á einfaldan og gagnsæjan hátt. Skráðu þig á aukakronur.is, hringdu í síma 410 4000 eða komdu við í næsta útibúi Landsbankans. Vertu með. Það er einfalt. Aukakrónur: þær koma bara.
Landsbankinn


ÞÚ FÆRÐ ENN FLEIRI AUKAKRÓNUR H
olís
ÓB ódýrt bensín
Ellingsen
ÚRVAL-ÚTSÝN
Betra BAK
vodafone
Gleraugnaverslunin í Mjódd
gallerí sautján
HESTAR & MENN
Jói Fel
THE BODY SHOP
Iceland Express
Express Ferðir
Kultur
JOE BOXER
gs skór
Olympia
REGNBOGINN
SMÁRABÍÓ
HÁSKÓLABÍÓ
LÖÐUR
SÝN besta sætið
vörður tryggingar hf.
World Class ICELAND
BÍLALEIGA AKUREYRAR
National Car Rental
ÍSLENSKA SIA.IS LBI 38433 08/07
AUKAKRÓNUR
Aukakrónur eru fríðindasöfnun Landsbankans.
Við viljum umbuna fólki fyrir góð viðskipti á einfaldan og gagnsæjan hátt. Skráðu þig á aukakronur.is, hringdu í síma 410 4000 eða komdu við í næsta útibúi Landsbankans.
Vertu með. Það er einfalt. Aukakrónur: þær koma bara.
ÞÚ FÆRÐ LÍKA ENN FLEIRI AUKAKRÓNUR HJÁ
Augnsýn
Barinn
Borgarbíó Akureyri
Centrum
Companys
Deres
Fjölvarpið
Focus
Gleraugnaverslun Suðurlands
GolfBlaðið
Hótel Björk, Reykjavík
Hótel Gígur, Mývatn
Hótel Harpa, Akureyri
Hótel Norðurland
Hús og híbýli
Ísafold
Kultur Menn

# JÁ SAMSTARFSAÐILUM OKKAR




## EFTIRTÖLDUM SAMSTARFSAÐILUM:

- Mannlíf
- Nýtt Líf
- Q-bar
- SaganÖll
- Silfur
- Smash
- Sólbaðsstofan Smart
- Sparkz
- Sýn2
- Vikan

Landsbankinn



1. Hvað kostar að vera sjálfboðaliði á Þjóðhátíð í Eyjum?
2. Hvaða sparisjóðir kunna að sameinast á næstunni?
3. Hvaða þjóðarleiðtogi er í heimsókn hjá Rússaforseta?

Upplýsingafulltrúi 365 segir verð á Enska boltanum aðeins hækka lítillega:

# Segir flesta fá afslátt á Sýn 2

**NEYTENDUR** Skarphéðinn Guðmundsson, upplýsingafulltrúi 365, segir langflesta áskrifendur Sýnar 2, sem sýna mun Ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu í ár, munu fá stöðina með 20 til 30 prósent afslætti vegna annarra viðskipta við 365. Það renni stoðum undir mælingar sem segi að 80 prósent viðskiptavina SkjárSport, sem sýndi boltann í fyrra, hafi einnig verið áskrifendur að Sýn.

Fréttablaðið greindi frá því á mánudag að áskrift að Sýn 2 fyrir þann sem ekki er í áskrift að öðrum sjónvarpsstöðvum hjá 365 kosti tvöfalt meira en áskrift að SkjárSport kostaði í fyrra. Jafnframt sé verðlagningin hærri en þekkist á Norðurlöndum.Verð á Sýn 2 lækkar ef viðskiptavinur er áskrifandi að fleiri sjónvarpsstöðvum hjá 365.



**ENSK KNATTSPYRNA** Robin van Persie fagnar með Emmanuel Eboue. NORDICPHOTOS/AFP

„Engin leið er að segja til um hversu mikið SkjárSport hefði hækkað áskriftarverðið ef boltinn hefði verið áfram þar," segir Skarphéðinn. Innkaupsverð á boltanum hafi hækkað mikið milli ára.

Skarphéðinn segir ekki auðvelt að bera saman verðið á Sýn 2 við verð á sjónvarpsefni í Skandinavíu. „Það má ekki gleyma því að við þurfum að flytja efnið frá Evrópu og það kostar sitt. Mjög kostnaðarsamt hefur verið að tryggja að sjónvarpsefnið nái til allra landsmanna," segir Skarphéðinn. Hann segir dreifingu á enska boltanum aldrei hafa verið meiri, hún nái til 98 prósent landsmanna. - sgj

Verslun Kaupáss opnuð:

# Viðskiptaráðherra opnar

**VIÐSKIPTI Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra og Jón Helgi Guðmundsson, eigandi Kaupáss, opna í dag nýja Krónuverslun við Fiskislóð 15-21 úti á Granda. Verslunin er stór og rúmgóð, að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá Kaupási, og þar munu nýjungar „ráða ríkjum".**

**„Þessi verslun verður í sama anda og okkar nýjustu verslanir, sem við köllum lágvöruverðsverslanir í takt við tímann. Húsnæðið er 2.200 fermetrar og í henni verða um 7.000 vörunúmer," segir Kristinn Skúlason, rekstrarstjóri Krónunnar.** - mh

LÖGREGLUMÁL

### Skemmdi bensíndælu

Lögreglan á Suðurnesjum lýsir eftir aðila sem skemmdi bensíndælu hjá N1 í Grindavík aðfaranótt sunnudags. Aðilinn ók á brott án þess að taka bensíndæluna úr bensíntanknum og skemmdi þannig dæluna.

LÖGREGLUFRÉTTIR

### Tólf líkamsárásir tilkynntar

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fékk tilkynningar um tólf líkamsárásir um helgina. Meðal annars handleggsbrotnaði tvítugur piltur í átökum á Laugavegi og starfsmaður verslunar var kýldur er hann reyndi að koma í veg fyrir þjófnað í versluninni.

Tvö þúsund konur mótmæla í Íslamabad:

# Vilja að íslömsk lög gildi í Pakistan

**ISLAMABAD, AP** Tvö þúsund konur í Íslamabad í Pakistan hrópuðu slagorð um heilagt stríð til stuðnings leiðtogum rauðu moskunnar í Íslamabad. Þær kröfðust þess einnig að íslömsk lög giltu fyrir landið.



Róstugt hefur verið í Pakistan frá því að pakistönsk yfirvöld réðust inn í rauðu moskuna en 102 manns létust í átökunum. „Blóð píslarvottanna í rauðu moskunni mun ekki renna til einskis," hrópuðu mótmælendur.

Á sama tíma létust tólf manns í borginni Miranshah þegar hópur manna réðst á eftirlitsstöð þar í bæ. Sveitir yfirvalda, með hjálp þyrlu, náðu að hrinda árásinni á bak aftur. - pal

**PAKISTANSKAR KONUR MÓTMÆLA.**



**EKKI ÖRVÆNTA** Engin ástæða er til að reyta hár sitt í örvæntingu eins og þessir brasilísku verðbréfamiðlarar þótt markaðir hafi lækkað tímabundið. Íslenskt efnahagslíf stendur óbreytt eftir sem áður. NORDIGPHOTOS/AFP

# Titringur en ekki kreppa

**Ólafur Ísleifsson, lektor við viðskiptadeild HR, segir hræringar á mörkuðum undanfarna daga bera fremur merki titrings en varanlegrar niðursveiflu. Þær komi erlendis frá. Staða efnahagslífsins sé sterk.**

**FJÁRMÁL** „Fyrirtækjunum gengur vel, fólk hefur vinnu og hálaunastörfum fjölgar. Ríkið mokar inn tekjum í sína sjóði. Þetta er efnahagsástandið hér," segir Ólafur Ísleifsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík.



**ÓLAFUR ÍSLEIFSSON**

Ólafur telur ekki sérstaka ástæðu til að óttast langvarandi áhrif titrings síðustu daga. Íslenskt efnahagslíf sé með sterkasta móti. Sveiflur síðustu daga, þegar verðbréf lækkuðu og gengi féll lítillega, hafi að meginstefnu komið erlendis frá.

„Við búum í heimsþorpinu. Um leið og markaðir fóru að rísa aftur á Wall Street þá jöfnuðust þeir hérna líka. Það er ekkert sérstakt innan íslensku efnahagslögsögunnar sem skapaði þennan titring annað en ef til vill það að markaðir hafa verið myndarlega verðlagðir og því fylgir auðvitað varkárni og taugatitringur," segir hann.

Þó nefnir Ólafur tvennt sem hugsanlega þætti í innanlandstitringi. Það eru krónubréf og greiðslur til hluthafa í Actavis. Hið mikla peningaflóð sem fylgdi kaupunum á Actavis hafi valdið fullmikilli hækkun á gengi krónunnar og að sú hækkun hafi nú að einhverju leyti gengið til baka.

Ólafur vill ekki tala um lendingu í efnahagslífinu, hvorki mjúka né harða. „Ég er ekki hrifinn af þessu lendingartali. Erum við að fara nokkuð annað en áfram? Efnahagsspár sem liggja fyrir hjá Seðlabanka og fjármálaráðuneyti eru nú þegar nokkuð varkárar um hagvöxtinn í ár. Ýmsir eru á því að hann verði meiri en þar kemur fram, í ljósi mikilla umsvifa í atvinnulífinu og spennu á vinnumarkaði," segir hann.

Ráðleggingar til sparifjáreigenda séu áfram hinar gömlu að menn kunni fótum sínum forráð og stígi varlega til jarðar. „Aðalmálið er að menn geri sér grein fyrir áhættunni og reyni að dreifa henni. Að kaup séu byggð á þekkingu," segir Ólafur. klemens@frettabladid.is

## ÚRVALSVÍSITALAN TEKUR VIÐ SÉR

Úrvalsvísitalan hækkaði í gær um 1,46 prósent og nam í lok dags 8.631 stigum. Þetta var fyrsta hækkun hennar eftir lækkun sex viðskiptadaga í röð. Úrvalsvísitalan hefur ekki lækkað jafn lengi sleitulaust síðan árið 2005.

Íslenska krónan hefur jafnframt veikst síðastliðna daga, en tók við sér í gær og hækkaði um 1,14 stig.

Sveiflur á erlendum hlutabréfamörkuðum jöfnuðust að mestu í fyrradag og bandarísk hlutabréf hækkuðu í kjölfar jákvæðra frétta frá verðbréfafyrirtækjum á Wall Street. Þau mæltu með kaupum á hlutabréfum.




Samtökin Sól á Suðurlandi standa fyrir jákvæðum mótmælum:

# Vekja athygli með jákvæðum aðgerðum

**UMHVERFISMÁL** Þrjú skilti eru nú komin upp í mynni Þjórsárdals en þeim er ætlað að sýna hvaða fórnir Landsvirkjun hyggst færa við Þjórsá. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá samtökunum Sól á Suðurlandi. Samtökin eru á móti öllum virkjunaráformum í Þjórsá.

Hátt í hundrað manns komu saman til samverustundar síðastliðið föstudagskvöld. Stundin og skiltin eru meðal margra aðferða verjenda Þjórsár til að vekja jákvæða athygli. Fólkið mun nota hvert tækifæri til að koma að sanngjörnum sjónarmiðum heimamanna og landeigenda sem vilja varðveita Þjórsá og umhverfi hennar. „Að þessu stendur fólk sem á mikilla hagsmuna að gæta, það hefur ekki óskað eftir því sem er í vændum og hefur ekki verið spurt álits,“ segir í fréttatilkynningunni.

„Okkur fannst að almenningur þyrfti að fá að vita sannleikann,“ segir Ólafur Sigurjónsson hjá Sól á Suðurlandi. Hann setti upp eitt skiltanna. „Skiltið var sett upp við anddyri Þjórsárdals, svo fólk geti séð það dýrðarland sem þar er, og verður algjörlega sökkt.“ Skiltið sem sett var upp á umræddum stað er með áletruninni „Fer þetta á kaf?“ - þeb




**EITT SKILTANNA ÞRIGGJA** Ólafur Sigurjónsson og Guðfinnur Jakobsson afhjúpuðu skiltið í mynni Þjórsárdals.



**ÖSKUGOS Á FILIPPSEYJUM** Mikill reykur gýs upp sex kílómetra upp í loftið úr fjallinu Bulusan á eyjunni Luzon á Filippseyjum. Ösku rigndi yfir tvær borgir en engar fréttir eru af mannfalli. Nokkur þorp nálægt fjallinu gætu verið í hættu.

NORDICPHOTOS/AFP




**„LEYFÐU OKKUR AÐ LIFA“** Íbúi í Augustow mótmælir lögbanninu en vegurinn myndi létta af umferð í gegnum bæinn.

Evrópusambandið mótmælir:

## Pólverjar fresta framkvæmdum

**VARSJÁ, AP** Pólverjar hafa ákveðið að fresta vegaframkvæmdum í gegnum fágæta mómýri vegna mótmæla Evrópusambandsins. Pólska stjórnin hafði ákveðið að hundsa lögbann Evrópusambandsins og hefja framkvæmdir í Rospuda-dalnum í dag. Hún ákvað síðan að fresta framkvæmdum á svæðinu og láta dómstóla úrskurða um lögmæti framkvæmdanna.

Hinn sautján kílómetra langi vegarkafli færi gegnum mýrina sem villtur furuskógur umlykur og í lifa ernir, úlfar og gaupur. - pal



**FRÁ ÍSAFIRÐI** Stefnt er á mikla sókn í nýsköpun á Vestfjörðum.

Dagskrá skipulögð á Ísafirði:

## Nýsköpun sett á oddinn á Vestfjörðum

**NÝSKÖPUN** Nýsköpunarmiðstöð Íslands tekur til starfa í dag og verður sérstök dagskrá vegna þess í Edinborgarhúsinu á Ísafirði, frá hádegi til klukkan þrjú.

Össur Skarphéðinsson, iðnaðar- og byggðamálaráðherra, og dr. Þorsteinn Ingi Sigfússon, forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar, munu kynna helstu markmið nýrrar stofnunar og fyrirhugað nýsköpunarstarf á Vestfjörðum. Á fundinum verður tilkynnt um stofnun útibús IMPRU á Ísafirði sem starfa mun í nánum tengslum við Þróunarsetur Vestfjarða. - mh

VÍNBÚÐ



AÐ KAUPA VÍN ER EKKERT GRÍN

Hafðu skilríkin meðferðis.

Takk fyrir að sýna okkur skilríki að eigin frumkvæði þegar þú kemur í Vínbúðina. Þannig leggjumst við á eitt um að takmarka aðgengi unglinga að áfengi.

# Opið 9-21



UNGNAUTAFILLET MEÐ KRYDDOSTI

**2.698** kr. kg

**Nóatún mælir með!**



GRÍSAKÓTELETTUR ÚRB. ORIENTAL

**1.698** kr. kg

Þú sparar **300** kr. kg



LÚÐU SPJÓT MIÐJARÐARHAFS

**498** kr. stk.

Þú sparar **100** kr. stk.



LAMBAINNRALÆRI SPJÓT TOSCANA

**498** kr. stk.

Þú sparar **150** kr. stk.



GRILLKARTÖFLUR M/MOZZARELLA OG BEIKONI

**798** kr. kg

Þú sparar **140** kr. kg



MAÍSKÓLFUR Á GRILLPRJÓNI

**98** kr. stk.

Þú sparar **60** kr. stk.



SJÓBLEIKJA FLÖK

**1.298** kr. kg

Þú sparar **200** kr. kg



6x1 lítri!

COKE OG COKE LIGHT 6X1 LÍTRI

**499** kr. pk.

Lay's snakk gott á góðu kvöldi!



LAY'S S FLÖGUR 200 G

**199** kr. pk.



GÓU DÚNDUR TVENNA

**389** kr. pk.



MYLLU FJÖLKORNA SAMLOKUBRAUÐ

**199** kr. stk.

**Opið alla verslunarmannahelgina: lau. 10-21 sun. 11-21 og mán. 11-21**


NÓATÚN
Bestir í kjöti
Tilboð
á lambalæri!
25% afsláttur
SS NY hamborgarar
2x125 grömm
388 kr. pk.
Þú sparar
399 kr. kg
LAMBALÆRI MEÐ FERSKUM KRYDDJURTUM
1.499 kr. kg.
Bestir í kjöti, ferskir í fiski og eigum allt á grillið fyrir þig!
SS KRYDDLEGNAR LÆRISSNEIÐAR
1.688 kr. kg
25% afsláttur
MÓA APPELSÍNU KJÚKLINGA-LÆRI/LEGGUR
449 kr. kg
20% afsláttur
Kjúklingabringur og kjúklingaspjót!
20% afsláttur
HÚSAVÍKUR
PILSNER
Gott og þjóðlegt ferðanesti!
Verði ykkur að góðu!



**SKÁL Í BOTN** Rússneskur sjóliði, sem sestur er í helgan stein, hellir sér hestaskál til að fagna hátíðardegi sjóliða, sem haldinn var hátíðlegur í St. Pétursborg á sunnudag. NORDICPHOTOS/AFP

Hraðakstur á höfuðborgarsvæðinu um helgina:

# Á tvöföldum hámarkshraða

**LÖGREGLUMÁL** Fimm ökumenn voru teknir á tvöföldum leyfilegum hámarkshraða í íbúagötu í Breiðholti um helgina.

Leyfilegur hámarkshraði í götunni er 30 kílómetrar á klukkustund. Að sögn lögreglunnar mældust bílarnir á bilinu 60 til 70 kílómetra hraða. Þeir sem mældust á bilinu 56 til 60 kílómetra hraða þurfa að greiða 25 þúsund krónur í sekt.

Þeir sem mældust á bilinu 61 til 65 kílómetra hraða fá hins vegar 45 þúsund króna sekt og eru sviptir ökuleyfi í þrjá mánuði. Það er því talsverður munur á því hvort ökumenn mælist á 60 kílómetra hraða eða á 61 kílómetra hraða.

Alls voru tæplega sextíu ökumenn teknir um helgina fyrir of hraðan akstur á höfuðborgarsvæðinu. Sá sem hraðast ók var maður á fertugsaldri sem var tekinn á 153 kílómetra hraða sunnan Hafnarfjarðar. Hann má búast við að missa ökuleyfið og borga yfir hundrað þúsund krónur í sekt.



**RADARMÆLINGAR** Lögreglan tók tæplega 60 ökumenn fyrir of hraðan akstur um helgina. Þeir fá allir sekt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þá var sautján ára ökumaður stöðvaður í Garðabæ á 143 kílómetra hraða. Fær hann háa sekt og missir jafnvel ökuréttindin.

- aví

Slys við Hádegismóa:

## Kranabóma rakst upp í brú

**LÖGREGLUMÁL Kranabóma á vörubíl rakst upp undir brú á Suðurlandsvegi við Hádegismóa með þeim afleiðingum að bóman fór í framrúðu vörubílsins.**

**Í fyrstu leit út fyrir að um alvarlegt slys væri að ræða en ökumaður vörubílsins fékk höfuðáverka. Að sögn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu var maðurinn fluttur á sjúkrahús, ekki jafn mikið slasaður og óttast var í fyrstu.**

**Líklega hefur misfarist hjá ökumanninum að setja bómuna niður að loknu síðasta verki, að sögn lögreglunnar.**

- aví

Framlagning álagningarskráa:

## Forvitnir skrifi í gestabók SUS

**SKATTAR Félagar í Sambandi ungra sjálfstæðismanna (SUS) mótmæltu í gær framlagningu álagningarskráa hjá skattayfirvöldum, eins og þeir hafa gert undanfarin ár.**

**Lögðu þeir fram gestabók hjá Skattstjóranum í Reykjavík sem þeir hvöttu þá sem flettu í álagningarskrám til að skrifa í, að því er fram kemur í tilkynningu.**

**Þar segir að þeir sem telji eðlilegt að mega skoða slík gögn um náungann hljóti að fagna því að sama gagnsæi gildi um eigin gjörðir og muni því rita nöfn sín og þeirra sem flett var upp í gestabók SUS.**

- bj



**GESTABÓK** Þeim sem skoðuðu álagningarskrár í Reykjavík í gær var boðið að skrifa í gestabók SUS. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Þrjár konur á skattalistum

**Af 45 einstaklingum sem voru á listum yfir fimm hæstu skattgreiðendurna í hverju umdæmi voru þrjár konur. Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, greiddi hæsta skatta á síðasta ári, 400 milljónir króna.**

**SKATTAR** Álagningarskrár skattstjóra í skattumdæmunum níu voru lagðar fram í gær. Teknir voru saman listar yfir þá einstaklinga sem greiddu hæstu opinberu gjöldin vegna ársins 2006.

Aðeins þrjár konur eru í einhverjum af fimm efstu sætunum í skattumdæmunum og samtals eru sex konur í tíu efstu sætunum. Ein kvennanna var í efsta sætinu í sínu umdæmi.

Katrín Anna Guðmundsdóttir, hjá Femínistafélagi Íslands, segir ljóst að konur reki sig enn á glerþak á leið sinni upp metorðastigann innan fyrirtækja, og eigi erfiðara með að fá aðgengi að fjármagni. Það endurspeglist í mjög skökku kynjahlutfalli meðal efnuðustu einstaklinganna.

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, greiddi hæstu opinberu gjöldin á landinu öllu, tæplega 400,2 milljónir króna. Næstur kom Hannes Þór Smárason, forstjóri FL Group, sem greiddi 376,6 milljónir króna. Báðir telja fram í Reykjavík.

Í öðrum umdæmum en Reykjavík greiddi Baldur Örn Guðnason, forstjóri Eimskipafélags Íslands, hæstu gjöldin, rúma 121,1 milljón króna. Hann telur fram í Reykjanesumdæmi, og býr á Seltjarnarnesi. Næsthæstar greiðslur af þeim sem töldu fram utan Reykjavíkur greiddi Arngrímur Jóhannsson, fyrrverandi forstjóri flugfélagsins Atlanta, tæpar 118,4 milljónir á Norðurlandi eystra.

brjann@frettabladid.is

### REYKJAVÍK

| | |
|---|---|
| 1. Hreiðar Már Sigurðsson | 400.165.920 krónur |
| 2. Hannes Þór Smárason | 376.613.398 krónur |
| 3. Ingunn Gyða Wernersdóttir | 287.537.329 krónur |
| 4. Eiríkur Kristján Gissurarson | 106.362.458 krónur |
| 5. Guðmundur Ingi Jónsson | 88.588.033 krónur |

### VESTURLAND

| | |
|---|---|
| 1. Ingibjörg Kristjánsdóttir | 25.882.468 krónur |
| 2. Richard A. Starkweather | 25.273.052 krónur |
| 3. Einar S. Ólafsson | 22.716.719 krónur |
| 4. Jón Þór Hallsson | 19.806.136 krónur |
| 5. Örn Gunnarsson | 17.862.501 krónur |

### VESTFIRÐIR

| | |
|---|---|
| 1. Jakob Valgeir Flosason | 34.244.328 krónur |
| 2. Sigurður Guðjónsson | 25.846.776 krónur |
| 3. Einar Guðmundsson | 24.088.949 krónur |
| 4. Daði Guðmundsson | 22.856.731 krónur |
| 5. Guðmundur Einarsson | 22.425.494 krónur |

### NORÐURLAND VESTRA

| | |
|---|---|
| 1. Stefán H. Jósefsson | 17.466.266 krónur |
| 2. Þórólfur Gíslason | 12.216.537 krónur |
| 3. Sævar Rafn Hallgrímsson | 10.744.341 krónur |
| 4. Ingvi Þór Sigfússon | 10.039.088 krónur |
| 5. Halldór Guðmundsson | 9.440.990 krónur |

### NORÐURLAND EYSTRA

| | |
|---|---|
| 1. Arngrímur Jóhannsson | 118.377.053 krónur |
| 2. Bjarni Aðalgeirsson | 44.386.514 krónur |
| 3. Oddgeir Ísaksson | 28.576.173 krónur |
| 4. Erhard Joensen | 28.496.880 krónur |
| 5. Vilhjálmur Ísaksson | 27.595.319 krónur |

### AUSTURLAND

| | |
|---|---|
| 1. Jón Hafdal Héðinsson | 42.621.284 krónur |
| 2. Hrefna Lúðvíksdóttir | 42.436.399 krónur |
| 3. Gianni Porta | 15.533.304 krónur |
| 4. Tómas Már Sigurðsson | 11.590.915 krónur |
| 5. James Warren McKenzie | 9.593.363 krónur |

### SUÐURLAND

| | |
|---|---|
| 1. Guðmundur A. Birgisson | 65.735.119 krónur |
| 2. Friðrik Guðmundsson | 58.000.308 krónur |
| 3. Sveinn Samúel Steinarsson | 49.194.778 krónur |
| 4. Erlingur Kristinn Ævarr Jónsson | 40.743.913 krónur |
| 5. Sigurður Bjarnason | 28.890.620 krónur |

### VESTMANNAEYJAR

| | |
|---|---|
| 1. Magnús Kristinsson | 32.608.834 krónur |
| 2. Gunnar Jónsson | 8.239.207 krónur |
| 3. Leifur Ársælsson | 7.304.724 krónur |
| 4. Bjarni Sighvatsson | 7.126.513 krónur |
| 5. Eyjólfur Guðjónsson | 6.253.849 krónur |

### REYKJANESUMDÆMI

| | |
|---|---|
| 1. Baldur Örn Guðnason | 121.144.494 krónur |
| 2. Páll Breiðdal Samúelsson | 104.557.230 krónur |
| 3. Bjarni Ármannsson | 71.729.123 krónur |
| 4. Jón Sigurðsson | 64.068.261 krónur |
| 5. Steingrímur Wernersson | 58.464.857 krónur |




Nýtt líf þarf öryggi

VÍS og Öryggismiðstöð Íslands bjóða barnshafandi konum viðbótarbúnað við öryggisbelti bifreiðar, BeSafe meðgöngubelti, sem eykur þægindi og öryggi móður og barns. BeSafe meðgöngubeltið skorðar mjaðmastreng bílbeltisins undir kvið móðurinnar og minnkar þannig líkur á að ófætt barn hennar verði fyrir hnjaski ef til harkalegs átaks kemur. Meðgöngubeltið hefur þegar sannað gildi sitt og varnað því að börn í móðurkviði verði fyrir skaða vegna stöðu bílbeltisins.

**Kynntu þér málið nánar á vis.is eða hafðu samband við þjónustuver VÍS í síma 560 5000.**

Þar sem tryggingar snúast um fólk

Vátryggingafélag Íslands Ármúla 3 108 Reykjavík Sími 560 5000 vis.is

F i t o n / S Í A


ALLT FYRIR BAÐHERBERGIÐ!
SÉR-TILBOÐ!
10 mm HERT ÖRYGGISGLER
Verð kr 44.900
Verð kr 28.900
hvítt háglans
STURTUSKJÓL
10 mm
hert öryggisgler
í mörgum stærðum
30 x 220
70 x 220
80 x 220
90 x 220
100 x 220
110 x 220
120 x 200
E000479
Öryggisgler skv. staðli
það eina löglega fyrir baðherbergi
BAÐINNRÉTTING 75 sm
Innifalið í verði: Handlaug, undirskápar, spegill, ljóskappi með ljósi, efriskápar og sökkulfætur.
WLU 125 45 x 30 sm
Fáanleg í eik og hvítu háglans
A-105 40 x 40 sm
A-155 40 x 40 sm
A-163 40 x 40 sm
GAVIN 42 x 42 sm
B-C06 46 x 46 sm
KENT 30 x 30 sm 40 x 40 sm
CAESAR 41 x 41 sm
CINDYS 55 x 36 sm
Margar stærðir
HANDLAUGAR OG BLÖNDUNARTÆKI
HANDKLÆÐAOFNAR krómaðir eða hvítir
SCC-002 32 x 32 sm
SCC-003 26,5 x 26,5 sm
SCC-001 32 x 28,5 sm
TINA 40 sm
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
Mikið úrval blöndunartækja og innréttinga
Opið virka daga frá kl. 09-18
Lokað laugardaga
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332
i-t@i-t.is



ÓDÝRT Í KRÓNUNNI
FYRIR FERÐALAGIÐ
40% afsláttur
1498 kr. kg
Móa kjúklingabringur
50% afsláttur
1169 kr. kg
Grísalundir
25% afsláttur
1198 kr. kg
Goða grísalærvöðvar Piri Piri
4 hamborgarar og brauð
398 kr. pk.
Krónu grillhamborgarar með brauði
30% afsláttur
1279 kr. kg
Goða lambaframpartssneiðar, marineraðar
2 lítrar
69 kr. 2 ltr.
7 UPFree 2 ltr.
25% afsláttur
598 kr kg
Kea hangiframp. m. beini
500 g
KARTÖFLU salat
198 kr. pk.
Bautabúrs hrásalat eða kartöflusalat
159 kr. stk.
Eðalfiskur brauðsalat
33% afsláttur
Goða hangiálegg bunki


KRÓNAN
fyrst og fremst.
... ódýr
898 kr. kg
Goða lambalæri frosið
KRÓNUBRAUÐ
99 kr. stk.
Krónu samlokubrauð
4 x 2 lítrar
399 kr. pk
Kippa af Coke, Coke Light eða Coke Zero
TILBOÐ FYRIR ÞIG !
12 dósir
599 kr. pk.
33 cl kók í dós 12 stk. í pakka
Doritos
Cool American
128 kr. pk.
Doritos Nachos 200 g, 2 tegundir
199 kr. kg
Ferskjur
ÚRVALS
Piparsósa
Gráðostasósa
Hvítlaukssósa
199 kr. stk.
Úrvals sósur
Pipar-, gráðaosta eða hvítlaukssósa
Vítamín og kalsíumríkur krakkadrykkur
Yippy
29 kr. stk.
Yippy krakkadrykkur
1 lítri
Appelsínu safi
Epla safi
69 kr. 1 lítr
Líf ávaxtasafi
289 kr. pk.
Snúðar
Kanil-, sælu eða súkkulaðisnúðar
PRINCE POLO XXL
28 x 52 g
799 kr. pk.
Prince polo 28x52 g

## Svona erum við

> Fjöldi frumsýndra leikinna íslenskra kvikmynda




**baksvið**

*fréttir og fróðleikur*

FBL-GREINING: FRÍDAGUR VERSLUNARMANNA

# *Ekki frí lengur hjá verslunarmönnum*

Á mánudaginn er frídagur verslunarmanna sem hefur verið almennur frídagur frá því upp úr miðri síðustu öld. Helgin fyrir frídaginn er ein mesta ferðamannahelgi ársins á Íslandi.

**Hvenær var fyrsti frídagur verslunarmanna?**

Fimmtudaginn þrettánda september 1894 var frídagur verslunarmanna haldinn í fyrsta sinn.

Skömmu áður hafði verið tilkynnt, á félagsfundi Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, að allir kaupmenn og verslunarstjórar stærri verslana myndu bjóða starfsfólki sínu upp á frídag til að starfsfólkið gæti skemmt sér. Verzlunarmannafélagið, sem heitir í dag VR, sá um að skipuleggja daginn sem var vísir að fyrsta orlofi launafólks á Íslandi því sumarfrí tíðkuðust ekki á þessum tíma.

**Hefur dagurinn verið haldinn síðan?**

Fyrstu þrjú árin var dagurinn haldinn með svipuðu sniði og á svipuðum tíma. Næstu árin á eftir var dagurinn haldinn með þjóðhátíðardeginum sautjánda júní.

Árið 1931 var ákveðið að fyrsti mánudagurinn í ágúst skyldi verða frídagur verslunarmanna og hefur hann verið haldinn síðan þann dag fyrir utan árin 1940 til 1943 þegar heimsstyrjöldin síðari stóð sem hæst.

**Hvenær varð helgin svona vinsæl ferðamannahelgi?**

Um miðja síðustu öld varð dagurinn almennur frídagur. Eftir heimsstyrjöldina er talið að helgin hafi byrjað að vinna sér sess sem ferðahelgi.

Í dag má með sanni segja að frídagur verslunarmanna sé almennur frídagur þar sem flestir eru í fríi nema verslunarmenn og þeir sem vinna í þjónustugeiranum. Þeir eru að þjónusta ferðafólkið.



Heimild vr.is

## SPURT & SVARAÐ

SKÁTAR OG SKÁTAHEITIÐ



**MARGRÉT TÓMASDÓTTIR** Skátaforingi.

### *Endurnýjum heitið af og til*

Alheimsmót skáta fer núna fram í Englandi í tilefni af því að hundrað ár eru síðan Baden Powell stofnaði hreyfinguna. Af því tilefni er skátaheitið endurnýjað um allan heim í dag. Margrét Tómasdóttir er skátaforingi.

**Hvað felst í því að endurnýja skátaheitið?** Þegar við göngum í hreyfinguna þá heitum við þessu og við endurnýjum heitið af og til og minnum okkur á að þetta er lífsmottóið. Skátalögin eru tíu en meðal þeirra er að skáti á að vera hjálpsamur, tillitssamur, sjálfstæður og náttúruvinur.

**Hvað eru margir skátar á Íslandi?** Það eru náttúrlega margir sem hafa verið í skátahreyfingunni. Það eru um 20.000 á skrá hjá okkur en þeir sem eru virkir, frá tíu ára til fimmtán ára, eru 3.500. Svo er fólk á öllum aldri í hreyfingunni. Það þarf að styðja við unglingana og vera með þeim. Það er ekkert kynslóðabil í skátahreyfingunni.


13 HÓTEL ALLAN HRINGINN

1 ML Laugarvatn • 2 ÍKÍ Laugarvatn • 3 Skógar
4 Vík í Mýrdal • 5 Nesjaskóli • 6 Neskaupstaður
7 Egilsstaðir • 8 Eiðar • 9 Stórutjarnir • 10 Akureyri
11 Laugarbakki • 12 Ísafjörður • 13 Laugar




ENNEMM / SÍA / NM13168




BROSANDI
ALLAN HRINGINN

Pantaðu allan hringinn á www.hoteledda.is Sími 444 4000


# Yfir 20 milljarðar í hersetu í Írak

**Í febrúar á þessu ári tóku Danir þá ákvörðun að kalla herlið sitt heim frá Írak. Í gær var gæslusvæði Dana afhent Bretum og þar með lauk fjögurra ára hersetu Dana í landinu.**



**DANSKIR HERMENN** Síðustu hermennirnir fóru frá Írak í gær. Flestar deildir danska herliðsins voru þegar farnar en gæslusvæði Dana var formlega afhent Bretum í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Danir voru ein þeirra fjölmörgu þjóða sem studdi innrás í Írak vorið 2003. Eins og í flestum hinna landanna hefur ákvörðun um stuðning við stríðið verið umdeild í Danmörku.

Í byrjun stríðsins lögðu Danir ekki fram herlið. Þá var framlag þeirra til innrásarinnar einn kafbátur, bíll og sjúkralið. Nokkru síðar var ákveðið að senda einnig herlið til landsins og var það gert sumarið 2003. Voru hermennirnir langflestir sendir til Basra-héraðs í suðurhluta Íraks. Þar hafa þeir verið undir yfirstjórn breskra hersins undanfarin fjögur ár.

Um 500 manna herlið var að jafnaði staðsett í Írak frá árinu 2003 til ársins 2006. Þá var ákveðið að fækka hermönnum um 100, eða tuttugu prósent.

**Misjöfn viðhorf til hersetu**

Gallup í Danmörku gerði könnun um viðhorf Dana til stríðsins rétt áður en það hófst. Samkvæmt könnuninni voru 61 prósent þeirra mótfallnir þátttöku landsins í stríðinu, án þátttöku og samþykkis Sameinuðu þjóðanna. 35 prósent vildu ganga svo langt að sniðganga allar bandarískar vörur ef til stríðsins kæmi.

Um það bil ári síðar, eða í mars 2004, höfðu viðhorf dönsku þjóðarinnar breyst. Þá bentu skoðanakannanir til þess að 72 prósent þjóðarinnar væru samþykk veru hermannanna í Írak. Árið 2006 höfðu viðhorfin breyst enn á ný og 40 prósent landsmanna voru samþykk veru herliðsins.

**Ákvörðun um brotthvarf**

Í lok febrúar á þessu ári tilkynnti forsætisráðherra Danmerkur, Anders Fogh Rasmussen, að allt herlið Dana yrði kallað heim frá Írak í ágúst. Á blaðamannafundi um málið var einnig sagt frá því að Danir myndu veita íröskum yfirvöldum aukna aðstoð við uppbyggingu stjórnkerfisins. Að auki yrði aðstoð við flóttamenn í Írak og nágrannaríkjum aukin.

Enn og aftur var gerð könnun, nú um afstöðu Dana til brotthvarfsins. Þar kom í ljós að 67 prósent voru fylgjandi því en 21 prósent á móti. 12 prósent landsmanna tóku ekki afstöðu til ákvörðunar ríkisstjórnarinnar. Samt sem áður gagnrýndu danskir fjölmiðlar ákvörðunina harðlega og sögðu flest að markmiði hernaðaraðgerðanna hefði ekki verið náð.

**Síðustu dagarnir og framhaldið**

Þann 20. júlí fóru danskir hermenn í síðustu eftirlitsferð sína í Írak. Í gær, þriðjudag, lauk hersetunni svo opinberlega þegar breski herinn tók við gæslusvæði Dana að viðstöddum varnarmálaráðherra Danmerkur, Søren Gade. Stærstur hluti hermannanna hafði þegar yfirgefið landið, en um 110 manna hópur tafðist í Írak vegna þess að flugvél sem flytja átti hann til Kúveit bilaði.

Þrátt fyrir að opinberlega sé aðgerðum Dana í landinu lokið mun 50 manna hópur vera eftir. Sá hópur mun stjórna fjórum herþyrlum fyrir Breta út þetta ár.

Samhliða brotthvarfi herliðsins frá Írak verður herlið Dana í Afganistan styrkt. 200 hermenn til viðbótar fara þangað og verða því um 640 hermenn þar í landi.

Á þeim fjórum árum sem herseta Dana í Írak hefur staðið yfir hafa átta danskir hermenn látið lífið samkvæmt Danmarks Radio. Á bilinu 22 til 28 milljarðar íslenskra króna hafa farið í verkefnið.



**SKIPTAR SKOÐANIR** Ekki eru allir Danir á eitt sáttir með þátttökuna í innrásina í Írak. Samkvæmt skoðanakönnunum voru þó flestir ánægðir með brotthvarf herliðsins.

## » TÍMALÍNA

**18. mars 2003 »** Innrásin hefst.

**6. júní 2003 »** Herlið kemur til Basra.

**12. ágúst 2003 »** Fyrsti danski hermaðurinn lætur lífið.

**23. apríl 2004 »** Svend Aage Jensby lætur af störfum sem varnarmálaráðherra og Søren Gade tekur við.

**11. október 2005 »** Fjölskylda látins hermanns lögsækir forsætisráðherrann, Anders Fogh Rasmussen, vegna þátttöku Dana í innrásinni.

**1. janúar 2007 »** Forsætisráðherra talar um möguleikann á brotthvarfi í nýársávarpi sínu.

**21. febrúar 2007 »** Tilkynnt um brotthvarf hersins.

**20. júlí 2007 »** Síðasta eftirlitsferð danskra hermanna á Basra.

**31. júlí 2007 »** Hersetu Dana í Írak lýkur með formlegum hætti.



FRÉTTASKÝRING
ÞÓRUNN ELÍSABET BOGADÓTTIR
thorunn@frettabladid.is


Ertu með allt fyrir helgina?
Þú færð allt fyrir verslunarmannahelgina í 66°Norður.
Glymur svefnpoki á 4900 kr., óbrjótanleg drykkjarflaska á 950 kr. og bestu regnföt í heimi frá 1500 kr.*
* PVC regnfatnaðurinn fæst í verslunum okkar í Miðhrauni, Kringlunni, Faxafeni og á Akureyri.
Höfuðborgarsvæðið: Smáralind, Kringlan, Bankastræti 5, Faxafen 12, Miðhraun 11 Garðabæ. Akureyri: Glerárgata 32.
Keflavík: Leifsstöð og söluaðilar um land allt.
www.66north.is
Klæddu þig vel
66° NORÐUR
66° NORTH
JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ofstjórnunarþjóðfélag?

## Orð sem féllu í skugga

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Þegar iðnaðarráðherra talar er jafnan eftir því tekið. Nýlega lét hann þó orð falla um stjórnkerfi ríkisins sem minni athygli hafa vakið en þau verðskulda. Aldrei þessu vant er eins og orð hans um það efni hafi fallið í skugga annarra umræðuefna síðustu vikur.

Ráðherrann fullyrti í grein á heimasíðu sinni að við lifðum í ofstjórnunarþjóðfélagi. Tilefni svo afgerandi fullyrðingar voru fréttir af athugasemdum opinberra víneftirlitsmanna um fjölda stóla utan dyra við veitingastaði á sólardögum.

Um þessa opinberu starfsemi sagði iðnaðarráðherra: „Af ákaflega skammri veru í ríkisstjórninni hallast ég eindregið að því að stjórnvöld hafi töluvert margt þarfara við fjármuni skattborgaranna að gera en senda umboðsmenn sína út á götur til að spilla lífsgleði friðsamra borgara um hábjartan dag.“

Ætla verður að iðnaðarráðherra hafi skyggnst um víðar í kerfinu með athugulu auga þegar hann dró af þessu dæmi þá ályktun að við lifðum í ofstjórnunarþjóðfélagi. Skörp ályktun ráðherrans gefur hins vegar tilefni til að velta upp þeirri spurningu hvort ekki geti verið rétt og skynsamlegt að endurmeta með kerfisbundnum hætti hlutverk opinberra stofnana.

Þegar ný ríkisstjórn tók við völdum í Svíþjóð á síðasta ári var eitt af hennar fyrstu verkum að krefja ríkisstofnanir um endurnýjaðan rökstuðning fyrir tilveru sinni. Sú krafa hvílir á stjórnvöldum að nýta fjármuni skattborgaranna á sem hagkvæmastan máta. Markvisst og samræmt heildarmat af þessu tagi getur verið ein leið til að mæta slíkum kröfum.

Liðinn tíðarandi getur hafa kallað á opinbera starfsemi sem ekki er þörf fyrir lengur. Í öðrum tilvikum getur komið í ljós að verkefnum eða starfsháttum þurfi að breyta. Þau dæmi munu líka koma í ljós við slíka skoðun að hugmyndir löggjafans hafi verið svo óskýrar í upphafi, þó að góður hugur hafi fylgt máli, að starfsemin hafi að sama skapi verið ómarkviss og árangurinn eftir því.

Ratsjárstofnun hefur verið nokkuð til umræðu upp á síðkastið. Hún hefur verið rekin án lagaheimildar en með viðurkenningu í fjárlögum í tvo áratugi. Bandaríkin hafa fram til þessa kostað reksturinn. Í fjárlögum kemur fram að bandarískir skattgreiðendur hafa verið rukkaðir um rúmlega 1.200 milljónir króna á ári til að standa straum af rekstrinum.

Þegar að því kom að stofnunin þurfti að rökstyðja tilveru sína fyrir íslenskum skattborgurum kom í ljós að unnt var að sinna viðfangsefninu fyrir rúmlega 800 milljónir króna. Og hugsanlega er unnt að vinna verkið fyrir enn lægri upphæð.

Þetta dæmi sýnir glöggt að krafa um endurnýjaðan rökstuðning fyrir tilveru stofnana getur skilað miklum sparnaði. Í þessu tilviki munar nærri þriðjungi. Það er svo önnur saga að endurnýjaður rökstuðningur fyrir þessari starfsemi hefur ekki verið gerður opinber þó að viðkomandi ráðuneyti hafi á hann fallist.

Ef ríkisstjórnin tekur brýningu iðnaðarráðherra um ofstjórnunarsamfélagið alvarlega má ná tvíþættu markmiði: Fyrst því að draga úr þeirri ofstjórn sem ráðherrann er andsnúinn og í annan stað að knýja fram breytingar sem skila betri nýtingu á peningum skattborgaranna.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki





## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Varaformaður hjá Mannlífi

Það hljóta að teljast nokkur tíðindi þegar varaformaður stjórnmálaflokks á Alþingi hefur störf sem blaðamaður. Það er því athyglisvert að sjá að Magnús Þór Hafsteinsson, varaformaður Frjálslynda flokksins, sem féll af þingi í vor, skrifar grein um stjórnmálaástand í Noregi í nýjasta hefti Mannlífs. Heyrst hefur að Sigurjóni Þórðarsyni, sem einnig féll af þingi, hafi verið lofað stöðu framkvæmdastjóra þingflokks frjálslyndra þótt dráttur virðist á stöðuveitingunni. Magnús hefur kannski farið varhluta af bitlingunum, fyrst hann virðist kominn í vinnu á öðrum vettvangi nú þegar?



### Varaformaðurinn og Dolly

Enn af varaformönnum stjórnmálaflokka. Lögfræðingurinn Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir segir á bloggsíðu sinni frá því sem hún kallar sorglega hrifningu eiginmanns síns, Ágústs Ólafs Ágústssonar, varaformanns Samfylkingarinnar, á söngkonunni barmmiklu Dolly Parton. Með þekktari lögum Parton er „9 to 5“, þar sem sungið er um rútínuvinnudaginn fræga. Það er stundum sagt að stjórnmálamenn séu í vinnunni allan sólarhringinn. Ætli hrifning Ágústs á Dolly stafi af þrá hans eftir hefðbundinni 9 til 5 vinnu?

### Gúlag á Skólavörðustíg

Mörgum var brugðið þegar fréttatilkynning barst frá Saving Iceland-samtökunum í gær um að Miriam Rose hefði þurft að dúsa dögum saman sem pólitískur fangi í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg fyrir engar sakir. Lýsingarnar vöktu upp minningar um harðstjórn Stalíns og Pols Pot kollega hans í Kambódíu á árum áður. Fljótlega kom þó í ljós að Saving Iceland-liðar höfðu aldeilis hlaupið á sig. Miriam þurfti bara að sitja af sér sekt sem hún hlaut fyrir að mótmæla í krana síðasta sumar og neitaði að borga.



stigur@frettabladid.is

# Tími almennings er kominn



STEFÁN ÓLAFSSON

**Í DAG** | Skattar

*„Eftir að Geir Haarde varð forsætisráðherra gætti jákvæðari viðhorfa í skatta- og kjaramálum almennings.“*

Ríkisstjórnir Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar breyttu skattkerfinu mikið á síðasta áratug. Fjármagnstekjuskatturinn lækkaði skattbyrði hátekjufólks stórlega en rýrnun skattleysismarka jók skattbyrði almennings, mest hjá þeim sem lægri tekjur höfðu. Samtímis voru barnabætur rýrðar og einnig vaxtabætur, sem skerti kjör barnafjölskyldna. Ég hef sýnt gögn um það hvernig þessar aðgerðir juku skattbyrði um 9 af hverjum 10 fjölskyldum og fyrrverandi ríkisskattstjóri, Indriði H. Þorláksson, hefur staðfest í nokkrum greinum að skattbyrði vegna tekjuskatts jókst ört.

**Ungir sjálfstæðismenn á sama máli**

Ungir sjálfstæðismenn hafa tekið undir með okkur og t.d. nýlega bent á að skattbyrði almennings hafi hækkað mikið og sé nú meiri en nokkru sinni fyrr. Almenningur þarf að vinna sífellt fleiri daga fyrir hið opinbera, segja þeir. Árið 1994 voru dagarnir 141 en voru komnir upp í 171 árið 2006 (grein þeirra er á www.andriki.is). Aukna skattbyrðin nemur að jafnaði um 30 dögum, eða einum mánaðarlaunum, samkvæmt þeirra mælikvarða.

Tekjuskattar fyrirtækja voru stórlækkaðir en vegna aukinna umsvifa og betri afkomu fyrirtækja jukust tekjur af þeirri skattheimtu, úr um 0,9% af landsframleiðslu 1995 í um 1,3% árið 2004, sem er þó afar lágt miðað við OECD-ríkin. Þar eru teknir mun meiri skattar af hagnaði fyrirtækja (um 3,4% af landsframleiðslu að jafnaði 2004).

Á sama tíma hækkaði tekjuskattheimta af einstaklingum hér á landi úr um 10% af landsframleiðslu í tæp 15% um leið og tekjuskattheimta í OECD-ríkjunum samanlögðum lækkaði úr 9,9% af VLF í 9,1%. Flest OECD-ríkin voru að draga úr tekjuskattheimtu á þessum tíma. Írar lækkuðu t.d. tekjuskattheimtu úr um 10% í 8,2%. Þar hefur hagvöxtur og kaupmáttaraukning verið að minnsta kosti jafn mikil og hér. Hagsældarþróun leiðir því ekki sjálfkrafa til hærri tekjuskattbyrði, eins og haldið hefur verið fram hér landi. Sú mikla aukning á heildarskattbyrði sem varð á Íslandi lenti þannig að langmestu leyti á íslenskum fjölskyldum, öðrum en þeim tekjuhæstu.

**Jákvæðara hjá Geir Haarde**

Eftir að Geir Haarde varð forsætisráðherra gætti jákvæðari viðhorfa í skatta- og kjaramálum almennings. Undir lok stjórnartíma Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks voru skattleysismörk hækkuð í 90.000 kr. á mánuði, barnabætur hækkaðar og kjör lífeyrisþega bætt. Betur þarf þó að gera og þyrftu skattleysismörk t.d. að fara yfir 140 þús. kr. á mánuði til að ná jafnstöðu við það sem var við upptöku staðgreiðslukerfisins 1988.

Um leið og skattleysismörk væru hækkuð mættu þau hins vegar fjara út hjá fólki sem hefur hærri tekjur, til dæmis hjá þeim sem eru vel yfir meðaltekjum fjölskyldna, til að spara útgjöld ríkisins. Það myndi einnig vega upp á móti þeim miklu fríðindum sem fólk með hærri tekjur hefur af hinum lága fjármagnstekjuskatti.

Með stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar Geirs Haarde horfir nú betur fyrir almenning í landinu. Þar eru skýr loforð um kjarabætur með skattalækkunum og öðrum umbótum.

Lofað er lækkun skatta á einstaklinga á kjörtímabilinu, meðal annars með hækkun persónuafsláttar; endurskoðun á skattkerfi og almannatryggingum til að bæta hag lágtekjufólks og millitekjufólks; bættum hag barnafjölskyldna; betri stöðu aldraðra og öryrkja og að dregið verði úr tekjutengingum og skerðingum bóta í almannatryggingum.

Það er því rík ástæða til að ætla að nú sé tími almennings kominn og skattkjör þeirra sem áður fengu á sig aukna skattbyrði verði leiðrétt til betri vegar.

Ef ríkisstjórnin stendur myndarlega við ofangreind loforð verður bætt fyrir það sem misfórst á síðasta áratug. Það væri bæði skynsamlegt og réttlátt.

*Höfundur er prófessor.*

# Hvar er útboðið á tollkvótanum?

**UMRÆÐAN**

Tollkvótar á kjöt



LEIFUR ÞÓRSSON

Neytendur eiga rétt á að fá svör við því hvers vegna ekki er búið að bjóða út og byrjað að flytja inn um 400 tonn af þeim 550 tonnum af kjöti sem voru boðin út í mars á 0 kr. Þessi núllkvóti er liður í samningi sem ríkisstjórn Íslands gerði við ESB og átti að leiða til lægra vöruverðs. Eða svo fullyrtu yfirvöld í byrjun árs.

Þetta útboð er ein sorgarsaga sem ekki virðist ætla að taka enda. Einu svörin sem hægt er að fá frá ráðuneytinu er að ekki sé búið að taka ákvörðun um hvort eða hvenær kvótinn verður boðin út í þriðja sinn, þó svo að átta vikur séu síðan leyfisbréf voru ekki sótt.

Það á að vera búið að flytja allt þetta kjöt inn fyrir 31. des 2007. og miðað við gang málsins sé ég það ekki gerast. Ráðuneytið gefur engar upplýsingar og virðist ætla að hanga á málinu fram á haust. Það sætir furðu nema tilgangurinn sé að koma í veg fyrir þennan innflutning.

Við fyrsta útboð í mars var öllum tilboðum hafnað vegna þess að einhver bauð svo hátt að það var ódýrara að flytja inn á fullum tollum. Í næsta útboði 18. apríl var tilboðum tekið frá nokkrum fyrirtækjum og skar sig þar úr Sláturhúsið á Hellu sem fékk úthlutað 169 tonnum af alifugli, 50 af nautakjöti og 100 af svínakjöti. Samtals 319 tonnum. Fyrirkomulagið er þannig að menn hafa nokkrar vikur til að sækja svokallað leyfisbréf og greiða tollinn og þann frest nýttu þeir Hellumenn ásamt fleirum sem boðið höfðu í kvótann.

Ég get ekki orða bundist vegna þeirra svara sem forsvarmenn sláturhúss Hellu gefa. Að halda því fram að þeir hafi misskilið útboðið bara passar ekki. Þeir eru greinilega að reyna að klóra yfir gjörning sem var hugsaður til að tefja málið. Það er a.m.k. erfitt að láta sér detta annað í hug og maður spyr sig hvort það voru þeir sem sprengdu fyrra útboðið.

Framkvæmdastjórinn Þorgils Torfi Jónsson heldur því fram í Fréttablaðinu 27. júlí að þeir hafi boðið í undirflokka tolls af nautakjöti. Það er rétt en þeir fengu hins vegar bara úthlutað 50 tonnum af nautakjöti sem þeir buðu hátt verð í. Ég hef aldrei áður heyrt skýringu sem þessa; að hætta við að flytja inn lundir af því að menn fái ekki hakk. Þetta skilur auðvitað ekki nokkur maður og Þorgils Torfi, sem er búin að vinna við matvælaiðnað í áratugi, hlýtur að hafa ætlað að segja eitthvað annað en þetta.

Þorgils Torfi gagnrýnir útboðskerfið og segir orðrétt að kvótaúthlutun fylgi engar skuldbindingar. Svo segir hann: „Það var útgjaldalaust fyrir mig að halda kvótanum og gera síðan ekkert í því. Það er auðvitað mjög vitlaust.“ Spurningin er hvers vegna hann beið til 4. júní með að segjast ekki ætla að taka kvótann ef honum fannst þetta svona vitlaust?

Þá segir hann markaðsaðstæður hafi breyst og hann hafi hætt við kaupin þar sem kaupendur vantaði. Það var hins vegar vöntun á svína- og nautakjöti þá og er enn þannig að þessar skýringar halda ekki. Ég tel að réttast sé fyrir Þorgils Torfa segja sannleikann í þessu máli.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Ferskra kjötvara.*

**Bílaútvarpið** fagnar 75 ára afmæli sínu í ágúst. Það var þýska fyrirtækið IFA í Berlín, sem seinna fékk nafnið Blaupunkt, sem framleiddi fyrsta bílaútvarpstækið sem vó heil fimmtán kíló. Tækið var það orkufrekt að varla var hægt að hafa útvarp í gangi á sama tíma sem kveikt var á ljósunum.



**Skólahljómsveitir** eru starfræktar á vegum Reykjavíkurborgar og eru um 450 grunnskólanemendur í skólahljómsveitum á höfuðborgarsvæðinu. Í starfi skólahljómsveitanna er stuðlað að aukinni tónlistariðkun og félagsþroska, stutt við tónlistaruppeldi grunnskólanema og leitast við að jafna tækifæri nemenda til tónlistarnáms. Á þessu ári er liðin hálf öld frá stofnun skólahljómsveita í Reykjavík en hægt er að sækja um vist á heimasíðu Reykjavíkurborgar. www.reykjavik.is



**Félag** garðplöntuframleiðenda og Grasagarður Reykjavíkur bjóða upp á fræðslugöngu á morgun, fimmtudag, í Grasagarðinum kl. 20.00. Skoðaðar verða fimmtíu tegundir trjáa og runna sem að öllu jöfnu er mögulegt að fá keyptar hjá garðplöntuframleiðendum.

# allt







MYNDAVÉLAR, MIKIÐ ÚRVAL

KYNNTU ÞÉR VERÐIN Á

FOTOVAL.IS




Árni Rafn Rúnarsson til vinstri ásamt félaga sínum, Andra Stefánssyni jarðfræðingi, við störf sín í Skaftárkötlum. MYND/MAGNÚS ÞÓR KARLSSON

# Óþekktra örvera leitað í blindbyl á reginfjöllum

***Árni Rafn Rúnarsson líffræðingur fór í rannsóknarferð til að skoða lífríki lónsins í Skaftárkötlum.***

Síðastliðin tvö sumur hafa umfangsmiklar rannsóknir staðið á Skaftárkötlum á Vatnajökli, þar á meðal á lífríki lónsins. Árni Rafn Rúnarsson, líffræðingur og starfsmaður hjá Matís, er einn þeirra sem tekur þátt í rannsókninni. Hann segir hugsanlegt að hægt verði að rannsaka örveruflóruna frekar og nota í líftækni.

„Við vorum átta manns sem fórum í þessa rannsóknarferð og vorum í samfloti við Jöklarannsóknafélagið sem fer árlega á þessum tíma," segir Árni. „Markmiðið með rannsókninni er margþætt og hluti Matís í verkefninu er að skoða örveruflóruna undir Vatnajökli í Skaftárkötlunum."

Að sögn Árna er um viðamikið samstarf innlendra og erlendra fyrirtækja og stofnana að ræða. Fyrir utan Matís koma Orkustofnun, Veðurstofa Íslands, Jarðvísindastofnun HÍ, Montana State University og University of Hawaii að verkefninu, sem Þorsteinn Þorsteinsson hjá Orkustofnun hefur haft veg og vanda af því að skipuleggja.

Vonir standa til að hægt verði að finna óþekktar tegundir örvera eða baktería, sem hægt er að rannsaka frekar og nota í líftækni. „Við vorum náttúrlega að leita í umhverfi sem hefur aldrei verið skoðað," segir Árni. „Þetta gætu jafnvel verið frumstæðar örverur þótt það sé ekki enn vitað."

Hópurinn dvaldist í átta daga ofan í eystri Skaftárkatlinum. Í upphafi var bylur og frekar blint og við þannig aðstæður þurfti að vinna fyrstu fjóra dagana. Borað var í gegnum jökulinn með bræðslubor frá Vatnamælingum til að taka sýni og segir Árni vinnuna í raun hafa gengið vonum framar.

„Nú er verið að kanna niðurstöðurnar með sameindalíffræðilegum aðferðum. Við vitum enn ekki hvort taka þurfi fleiri sýni. Erum með nóg af sýnum í bili, sem á eftir að rækta upp til að geta skoðað aðra eiginleika örvera. Það er því lítið hægt að segja á þessu stigi málsins, en ætli við verðum ekki komin með eitthvað í hendurnar í lok sumarsins."

*roald@frettabladid.is*


Miðaldaborg frá 11. öld




Ódýrt að borða, drekka og versla.
Kastalar, hallir, friðsæl sveitaþorp o.fl. Borgin er á minjaskrá Unesco. Fjörug næturlíf. Úrval skoðunarferða.

| Tallinn | *Flogið frá* |
|---|---|
| 22.-25. október | Keflavík *(3 dagar og 2 nætur)* |
| 26.-28. október | Keflavík *(3 dagar og 2 nætur)* |

**Setjum upp sérstakar ferðir fyrir fyrirtæki og hópa eftir óskum.**

Verð frá **56.180** kr.

Innifalið: Flug, skattar, hótel, morgunmatur, rúta og fararstjórn

Trans-Atlantic
Sími 588 8900

Trans-Atlantic sérhæfir sig í ferðum til Eystrasaltslanda.
Verð miðast við gengi Evru 1. ágúst 2007

www.transatlantic.is





**Útsölulok**

**Lokað laugardaginn 4.ágúst**

Lene Bjerre

Feim-Lene Bjerre

Bæjarlind 6, Kóp. • s. 534 7470 • www.feim.is
Opið virka daga 10-18



**Vaka ehf.** selur ýmsa notaða varahluti í góðu ástandi á fínu verði. Þar er einnig hægt að fá dekk fyrir lítinn pening. Það borgar sig að hringja og athuga hvort þeir eigi varahlutinn sem vantar.

ÓL - BÍLAVERKSTÆÐI
Bremsuviðgerðir
Almennar viðgerðir
Smurþjónusta
Fljót og góð þjónusta
Skemmuvegur 22 - 200 Kópavogur
S. 555 3755 - 869 2259 - b.ol@internet.is

Þýskar álkerrur
fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leitið upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.
N1 Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836

BIFREIÐAVERKSTÆÐI
FRIÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.
Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi
Sími: 567 7360 · www.bfo.is
SUBARU þjónusta
HONDA þjónusta
NISSAN þjónusta

JCB TRACKMAKERS Slitsterk og endingargóð
Eigum til á lager GÚMMÍBELTI undir flestar gerðir mini- beltavéla.
"Kynntu þér verðin"
VÉLAVER
Krókhálsi 16, Reykjavík - Gleráreyrum 2, Akureyri - Sími 588 2600 - www.velaver.is

Vinnuvélaeigendur!
Veljið réttu dekkin undir vélarnar
GALAXY
Þrautreynd vinnuvéladekk fyrir flestar gerðir vinnuvéla.
"TRAUST vara á góðu verði"
Iðnaðarmynstur fyrir Traktorsgröfur og Skotbómulyftara
Afturdekk - felgustærðir 24 - 28 tommur.
Framdekk - felgustærðir 18 og 20 tommur
Flestar stærðir til á lager!
Krókhálsi 16, Reykjavík - Gleráreyrum 2, Akureyri - Sími 588 2600 - www.velaver.is
VÉLAVER




Steinunn er meðlimur í Reiðhjólagenginu Ræbbblunum, sem tekur meðal annars við gömlum hjólum og lappar upp á þau. Markmið hópsins er þó að bæta reiðhjólamenningu á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Ef hjól eru vel með farin eru partar úr þeim notaðir í önnur hjól. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Reykvíkingar óhræddir við að prófa tryllitækin

***Reiðhjólagengið Ræbbblarnir hefur verið önnum kafið við viðgerðir og smíðar á hjólum í sumar og hafa alls konar furðuhjól litið dagsins ljós.***

Reiðhjólagengið Ræbbblarnir, félagsskapur ungmenna með áhuga á reiðhjólum, hefur verið upptekið við viðgerðir og smíðar á reiðhjólum í sumar. Að sögn Steinunnar Lilju Heiðarsdóttur, eins meðlima hópsins, hefur starfinu miðað vel áfram, sem markast meðal annars af þeim gríðarlega áhuga sem Reykvíkingar hafa sýnt því.

„Íbúar Reykjavíkur og nágrennis hafa verið einstaklega duglegir við að koma með reiðhjól til okkar í stað þess að henda þeim," segir Steinunn. „Margir hafa gefið hjól í staðinn fyrir önnur hjól. Svo höfum við líka boðið fólki að koma á verkstæðið okkar á Ásvallagötu 48 og gera sjálft við hjólin sín undir okkar leiðsögn."

Ef marka má Steinunni hafa alls konar skemmtileg hjól komið út úr starfinu, það sem af er sumars. „Sjálf hef ég ekki verið að smíða en krakkarnir hafa smíðað þónokkur hjól og sum furðulegri en önnur," bendir hún á. „Má þar nefna svokölluð choppers, það er að segja hjól sem líkjast mótorhjóli með skökku framhjóli og eru töff útlits. Síðan sendlahjól, sem eru með farangursrými og henta vel til að hendast með dót á milli staða."

Mesta athygli hafa þó svokölluð tall bike-hjól vakið, en um er að ræða tveggja hæða hjól, sem reyna töluvert á færni hjólreiðamanna. Hefur það komið Steinunni á óvart hversu óhræddur almenningur hefur verið að taka í þessi tryllitæki og láta menn ekki stöðva sig þótt þeir séu komnir á efri ár.

„Við erum almennt séð mjög ánægð með hvernig til hefur tekist í sumar, enda markmiðið meðal annars að bæta reiðhjólamenningu á götum borgarinnar og reyndar á Íslandi öllu. Ég held ég geti fullyrt það að við ætlum að reyna að reka verkstæðið áfram," segir hún og bætir við að hópurinn muni að sjálfsögðu gæta þess að halda hávaða í skefjum. Íbúar hverfisins komi ekki til með að verða varir við einhver læti á kvöldin þar sem aðeins sé unnið á daginn.

*roald@frettabladid.is*

KERRUR
FRÁ AÐEINS 29.990 KR.
ÓTRÚLEGT ÚRVAL AF KERRUM!
FYRIR:
HEIMILIÐ
FYRIRTÆKIÐ
ÁHUGAMÁLIN
FRÍR FLUTNINGUR TIL REYKJAVÍKUR
(EINU SINNI Í VIKU).
DEKKJAHÖLLIN
DEKKJAHOLLIN.IS EGILSSTAÐIR - AKUREYRI
DRAUPNISGÖTU 5, AKUREYRI S. 462 3002
ÞVERKLETTUM 1, EGILSSTÖÐUM S. 471 2002

# Indverskur Jaguar?

***Mörg fyrirtæki og félög hafa áhuga á að kaupa Jaguar og Land Rover af Ford. Áhuginn kemur bæði að austan og vestan.***

Jaguar og Land Rover-merkin eru að öllum líkindum til sölu. Ford leitar nú að hugsanlegum kaupendum og ekki vantar áhugann. Meðal þeirra fyrirtækja og félaga sem þykja líkleg að hreppa hnossið eru bresku fjárfestingarfyrirtækin Cerberus og One Equity Partners. Myndu þá þessi bresku krúnudjásn komast aftur í hendur heimamanna.

Önnur nöfn sem nefnd hafa verið eru bandarísku fjárfestingarfélögin TPG og Ripplewood Holdings en áhugi austlægari fyrirtækja hefur einnig vakið nokkra athygli.

Rússneska fyrirtækið Group GAZ og indverski bílaframleiðandinn Tata Motors hafa átt í viðræðum við Ford en án efa fussar margur Bretinn yfir tilhugsuninni um að Jaguar verði í eigu þegna fyrrum nýlenduþjóðar. *- tg*




Jaguar gæti orðið að indversku fyrirtæki. Skyldi jagúarinn breytast í tígrisdýr?



**Viðey** er fjölskylduvæn perla sem er gaman að sækja heim um helgar. Taka ferjuna frá Sundahöfn og fá sér vöfflur og kaffi á meðan sögufræg hús eyjunnar eru skoðuð.



Í Campache Playa er unnið að því að byggja upp einn glæsilegasta sumarleyfisstað í Ameríku. Þetta skal þó gert í sátt og samlyndi við náttúruna, enda mörg svæði í nágrenninu friðuð með öllu.

# Lúxus við Mexíkóflóa

***Í Campache í Mexíkó er nú unnið að uppbyggingu vistvænnar ferðamannaparadísar. Íbúðir á svæðinu eru til sölu hérlendis.***



Til að komast í golfið í Campache er flogið til Orlando, en þaðan eru um tveir tímar til Campache.

Í Campache-héraði á Yucatanskaga í Mexíkó er unnið að því að byggja upp metnaðarfullan sumardvalarstað. Þetta væri ekki í frásögur færandi væri Íslendingum ekki boðið að taka þátt í uppbyggingunni með kaupum á íbúðum.

Svæðið, sem kallast „Campeche Playa, Golf, Marina & Spa Resort“, nær yfir 3.000.000 fermetra við strandlengju Mexíkóflóa. Svæðið státar af 2,6 kílómetra langri hvítri strandlengju, 3.000 glæsíbúðum, fimm stjörnu hóteli, miðbæ, snekkjuhöfn fyrir um 150 báta, „Hawksbill“ sæskjaldbökusafni og rannsóknarstöð. Þar er einnig umhverfisvænn 18 holu Jack Nicklaus Signature-golfvöllur sem nær yfir mýrasvæði, vötn og margvíslegan gróður, auk þess sem hann liggur að hluta til meðfram ströndinni og miðbænum.

„Jack Nicklaus Signature-golfvellir eru Rollsinn í golfvöllum en bara bestu golfvellirnir af þeim 30.000 þúsund sem teknir hafa verið út fá þann stimpil,“ segir Ingvar Ragnarsson fasteignasali hjá Akkúrat, en Akkúrat er milligönguaðili fyrir sölu íbúða á svæðinu hérlendis. „Við uppbygginguna svæðisins er líka mikil áhersla lögð á umhverfisvernd og svokallaðan „eco-túrisma“ enda svæðið gríðarlega fallegt og með fjölbreyttu dýra- og plöntulífi.“

Íbúðirnar á svæðinu kosta á bilinu 18 til 40 milljónir en samkvæmt Ingvari hækka þær hratt í verði. „Verktakinn hækkar verðið á íbúðunum um tíu prósent á sex mánaða fresti þannig að þegar svæðið er tilbúið verða þær kannski búnar að hækka um fimmtíu prósent. Svo hefur það líka sýnt sig að íbúðir í kringum Jack Nicklaus Signature-golfvelli hækka hratt í verði því golfáhuginn er alltaf að aukast,“ segir Ingvar. „Svo býðst fólki líka að kaupa íbúðir og gera samning við leigufélagið á svæðinu. Þá borgar fólk kannski 30 prósent út og svo sér félagið um að leigja út íbúðina. Það borgar afborganirnar af láninu og sér um allt viðhald. Svo getur fólk fengið tvær vikur í íbúðinni á ári. Þú sérð það að íbúðin borgar sig því upp á tíu fimmtán árum án þess að þú komir þar nærri.“

tryggvi@frettabladid.is

## Siglt á Kvosargöngu

***Kvosargangan tekur fyrir drauga og hamfarir á Sundunum á morgun.***



Kvosarsiglingin fer á draugalegar slóðir á morgun þar sem siglt er um sundin blá.

Á hverju fimmtudagskvöldi í sumar standa menningarstofnanir Reykjavíkurborgar fyrir göngu um Kvosina.

Á morgun verður gengið til skips og fræðst um drauga og hamfarir á Sundunum. Í gegnum aldirnar hefur verið mikil skipaumferð í nágrenni höfuðborgarinnar og ýmsar sagnir til af öförum sjómanna á því svæði. Siglingin er í samstarfi við Draugagönguna í Reykjavík.

Siglingin hefst klukkan 20 í Grófinni á milli Tryggvagötu 15 og 17 og þaðan er gengið til skips í Gömlu höfninni.

Siglingin tekur um klukkustund. Ferjutollur er 1.000 kr. fyrir fullorðna og 500 fyrir börn. Allir þátttakendur fá Egils Kristal í boði Ölgerðarinnar.

- rh

## Hitler og sveitarómantík

BÆNDAFERÐIR BJÓÐA UPP Á FERÐ TIL AUSTURRÍKIS OG ÞÝSKALANDS Í HAUST.



Þinghúsið í Austurríki

Salzburg, Vínarborg og Passau eru áfangastaðir í haustferð Bændaferða til Austurríkis og Þýskalands.

Ferðin er blanda af borgarferð og sveitarómantík. Byrjað verður í München og þaðan verður ekið til tónlistarborgarinnar Salzburg. Arnarhreiður Hitlers verður skoðað í Þýskalandi og sömuleiðis Vínarborg þar sem borgin og vínbændur í næsta nágrenni verða heimsóttir.

Síðasti viðkomustaður er borgin Passau en á leiðinni heim er siglt upp hina margrómuðu Dóná. Nánari upplýsingar: www.baendaferdir.is

- rh

**KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA**
Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905

**Veiðikortið 2007**
veidikortid.is

Nú enn fleiri vatnasvæði!
**29 vatnasvæði**
**fyrir aðeins 5000 krónur!**
Handbók með ítarlegum upplýsingum, kortum o.fl. fylgir!
Fæst á N1 í veiðivöruverslunum og á www.veidikortid.is

**Ekkert mál -að verða mál**
TravelJohn
TravelJohn pokarnir eru finn ferðafélagi þegar manni verður mál.
Fást á eftirtöldum stöðum:
Lyfja, Lyf og heilsa, Fjarðarkaup, Gísli Jónsson, Húsasmiðjan,
www.donna.is www.traveljohn.com

**Ítalía**
19. eða 26. ágúst
frá kr. 24.990
Allra síðustu sætin
Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum til Trieste á Ítalíu þann 19. eða 26. ágúst í 1 eða 2 vikur. Gríptu þetta frábæra tækifæri og leggðu Ítalíu að fótum þér. Einnig getur þú farið yfir til Króatíu eða Slóveníu og notið lífsins. Þú kaupir flug og gistingu, flug og bíl eða flugsæti eingöngu all eftir því hvað þú hefur í huga í fríinu
Verð kr. 24.990
Netverð á mann. Flugsæti með sköttum, m.v. sértilboð 19. eða 26. ágúst í 1 eða 2 vikur. Ath. takmarkaður fjöldi flugsæta á þessu verði.
Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

**Skólinn** byrjar í lok ágúst og tími til kominn að huga að skóladótinu. Útsölurnar eru enn í fullum gangi og því hægt að kaupa pennaveski, töskur og nestisdót á góðu verði.

Full búð af nýjum vörum
Du pareil... au même
Laugavegur 17 og Kringlunni
Sími 552-6744 og 588-6750

Sensitive ungbarnalína
Ofnæmisprófuð og mild lína sem er sérstkalega þróuð fyrir viðkvæma húð ungbarna
**Ungbarna andlitskrem** – Verndar húðina gegn óæskilegum áhrifum umhverfis og útfjólubláum geislum. Sólarvörn SPF 18, vítamín A&E.
**Bossakrem** – Mýkir og verndar bleyjusvæðið gegn ertingu, útbrotum og þurrki. Býr til verndandi lag á húðina. A&B5 vítamín. Mjög gott á bruna.
**Bossablautklútar** – Handhægir klútar í ferðapakkningu. Húðlæknisfræðilega prófaðir. Úr 100% trefjum. Alkóhól- og litefnalausir. Ph gildi 5,5.
**Ungbarna baðsápa** – Sérlega mild og rakagefandi kremsápa "sápulaus". Innih. A&E vítamín.
**Ungbarna sjampó** – Milt sjampó (tearless). Hefur góðan ilm og gerir hárið silkimjúkt.
**Ungbarna húðmjólk** – Mild og rakagefandi húðmjólk. Inniheldur E&B5 vítamín. Ph gildi 5,5.
**Ungbarna olía** – Mild olía sem mýkir og hefur róandi áhrif á húðina. Inniheldur A&E vítamín.
Dr. Fischer
Fæst í apótekum um land allt

Tomy barnapían...
Tomy Walkabout Premier Advance
- Mjög skýr hljómburður.
- 4 rása val.
- Hljóðsendingar í báðar áttir.
- Öryggistengi fyrir sendingar.
- Hitamæli sem fylgist með hitastig.
- Hljóð stillanlegur.
- Vagga og hleðslurafhlöður.
- Hægt að nota batterí í barnatæki.
- Huggandi dauft náttljós á barnatæki.
- Dregur allt að 300 metrum.
- 2 ára ábyrgð.

Verð 8.990 kr
BabySam
Skeifan 8 - s. 568 2200 - Smáralind - s. 534 2200
Dreifingaraðili: Leikco ehf heildverslun

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



Eiður Smári Guðjohnsen, Björn Ingi Hrafnsson, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Ilmur Kristjánsdóttir taka hér höndum saman, en þau Ilmur og Eiður tóku þátt í kynningu Frístundakortsins sem sérlegir fulltrúar þeirra sem hafa notið uppbyggilegs félagsstarfs í leiklist og íþróttum.

# Öll börn fá jafnan aðgang

***Á næstu misserum mun Reykjavíkurborg auka beinan stuðning við þátttöku barna og unglinga í skipulögðu æskulýðs-, tómstunda-, menningar- og íþróttastarfi.***

Með verkefninu, sem fengið hefur nafnið Frístundakortið, er leitast við að öll börn borgarinnar eigi jafnan aðgang að slíku starfi. Þannig ættu efnahagur og félagslegar aðstæður foreldra ekki að koma í veg fyrir að börnin fái að njóta góðs af þeim uppbyggilegu þáttum sem slíkt starf getur haft í för með sér.

Í stuttu máli mætti þannig kalla Frístundakortið mótframlag frá borginni og þannig fá foreldrar rétt til að ráðstafa tilgreindri upphæð í nafni barna sinna til greiðslu á hluta þátttöku- og æfingagjalda.

Markhópur Frístundakortsins er aldurshópurinn sex til átján ára en í þessum aldurshópi eru tæp 20.000 börn og unglingar í dag. Í fyrsta áfanga Frístundakortsins er gert ráð fyrir að um sextíu og fimm prósent þeirra njóti stuðnings þess.

Frístundakortið er innleitt í þremur áföngum. Sá fyrsti nú í haust með 12.000 króna framlagi. Annar áfangi hefst 1. janúar 2008 og er þá miðað við 25.000 króna framlag á árinu en lokaáfanginn verður árið 2009 og er þá miðað við 40.000 króna framlag.

Heildarfjárveiting Reykjavíkurborgar á næstu fjórum árum til Frístundakortsins verður alls 1.860 milljónir.

Nánari upplýsingar um aðild félaga að Frístundakortinu og umsóknir er að finna á vefslóðinni www.itr.is

*- mhg*

ÓTRÚLEG ÚTSALA Á SKÓM
:OUTLET FISKISLÓÐ 75
ALVÖRU SKÓMARKAÐUR
STÆRÐIR 36-41 1.900,-
STÆRÐIR 36-41 3.900,-
STÆRÐIR 27-35 2.900,-
STÆRÐIR 31-47,7 4.000,-
OPNUNARTÍMI:
Mán.-Fös. 13:00-18:00
Lau. 12:00-16:00
Fiskislóð 75 (út á Granda), 101 Reykjavík, s:514-4407
X18 SKECHERS every

Útsala á barnafatnaði, brjóstagjafabolum og höldurum
30-60% afsláttur
Rýmum fyrir nýjum vörum
Móðurást
Hamraborg 7 - Kópavogur
S: 564 1451
www.modurast.is

Auglýsingasími
512 50 50
Fréttablaðið – Mest lesið

# BT




17"

**149.999**

**Intel® Core Duo**
Nýja fartölvutæknin frá Intel. Stóraukin afkastageta, lengri rafhlöðuending og aukið öryggi.

**160GB Harður diskur**
Þú getur geymt ógrynni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 160GB hörðum disk.

## FLAKKARI



LACIE

FYLGIR 14.999

300968E
LaCie 320GB F.A. Porsche
útvær harður diskur fylgir!

## TOSHIBA

PSPB0E-0ED00QN5
TOSHIBA SATELLITE P200-16B
Intel Dual Core T2080
17" WXGA TruBrite skjár
Intel 943 251MB UMA
2GB Vinnsluminni (1024x2)
160GB SATA Harður diskur
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
Dual Layer DVD skrifari
Innbyggt þráðlaust net
Lyklaborð með talnaborði (Full Size)
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
Harman Kardon hátalarar
4xUSB2 / FireWire / TV out
Aðeins 3.2kg á þyngd
Windows Vista™ Premium
2gja ára alþjóðleg ábyrgð

BT LÁN™
Verð frá:
**4.233**
59 mánaða

## LYKLABORÐ



LÆKKAÐ VERÐ

Logitech

967559-0118
LOGITECH MEDIA ELITE ÍSLENSKT

**2.999**

## FARTÖLVUMÚS



LÆKKAÐ VERÐ

Logitech

931755-0914
LOGITECH V150 NOTEBOOK MOUSE

**3.899**

## FARTÖLVU-FJARSTÝRING



Trust

LÆKKAÐ VERÐ

14272-TRU
TRUST NB-5100 REMOTE
Nett þráðlaus fjarstýring til að stýra tölvunni
Styður: Windows Media Player, WinDVD, WinAMP PowerDVD, PowerPoint, QuickTime og PowerCinema
Forritanlegir hnappar
Dregur 7 metra
USB tengdur innfrarauður sendir

**2.999**






LACIE

FYLGIR 14.999

**2GB Vinnsluminni**
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

**15.4" WXGA TruBrite skjár**
Skarpur og bjartur skjár með sérstakri glampavörn. Skjárinn er einn mikilvægasti hluti tölvunnar.

## TOSHIBA

PSAELE-017001N5
TOSHIBA SATELLITE A210-12Q
AMD Turion 64 X2 TL-56
15.4" TFT WXGA TruBrite
ATI Mobility Radeon HD2400 128MB
2GB Vinnsluminni (2x1024)
160GB Harður diskur
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
4xUSB2 / FireWire / TV out
Aðeins 2,72kg á þyngd
Windows Vista™ Premium
2gja ára alþjóðleg ábyrgð

**Væntanleg**
Tryggðu þér eintak

**Forsölu-Kaupaukar**



- Taska
- mús

8.999

**149.999**

BT LÁN™
Verð frá:
**4.233**
59 mánaða

**2GB Vinnsluminni**
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

**Lítil og nett**
Tölvan er útbúinn 13,3" skjá og er því mun minni um sig en aðrar tölvur. Aðeins 1,85kg á þyngd!

**Intel® Core 2 Duo**
Nýjasta fartölvutæknin frá Intel. Stóraukin afkastageta, lengri rafhlöðuending og aukið öryggi.

**1GB Intel Turbomemory (Robson)**
Sérhæft minni á móðurborði sem minnkar álag á harða diskinn í tölvunni og eykur hraða gagnavinnslu um allt að 20%




## TOSHIBA

PSU30E-01P01NN5
TOSHIBA SATELLITE U300-11Z
Intel Core 2 Duo T5450
13.3" TFT WXGA TruBrite
Intel GMA X3100 358MB UMA
2GB Vinnsluminni (1024x2)
1GB Intel Turbomemory
160GB SATA Harður diskur
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
Dual Layer DVD skrifari
Innbyggt þráðlaust net
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
Harman Kardon hátalarar
Bluetooth
4xUSB2 / FireWire / TV out
Aðeins 1.85kg á þyngd
Windows Vista™ Premium
2gja ára alþjóðleg ábyrgð

FLAKKARI



LACIE

FYLGIR 14.999

300968E
LaCie 320GB F.A. Porsche
útvær harður diskur fylgir!

**149.999**

BT LÁN™
Verð frá:
**4.233**
59 mánaða

BT **Skeifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri**




**129.999**

VAR AÐ LENDA

## FLAKKARI




FYLGIR
14.999

300968E
LaCie 320GB F.A. Porsche
útvær harður diskur fylgir!

# TOSHIBA

PSAE0E-04T01GN5
TOSHIBA SATELLITE A200-1ML
Intel Core Duo T2080
15.4" TFT WXGA TruBrite
Intel 943 251MB skjástýring
1GB Vinnsluminni (2x512MHz)
120GB Harður diskur
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
4xUSB2 / FireWire / TV out
Aðeins 2,72kg á þyngd
Windows Vista™ Premium
2gja ára alþjóðleg ábyrgð

BT LÁN™
BT Verð frá:
**3.702**
59 mánaða

**1GB Vinnsluminni**
Nauðsynlegt er að hafa gott vinnsluminni í tölvunni til að tryggja hraða vinnslu.

**Intel® Core Duo**
Nýja fartölvutæknin frá Intel. Stóraukin afkastageta, lengri rafhlöðuending og aukið öryggi.

**15.4" WXGA TruBrite skjár**
Skarpur og bjartur skjár með sérstakri glampavörn. Skjárinn er einn mikilvægasti hluti tölvunnar.

**120GB Harður diskur**
Þú getur geymt ógrynni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 120GB hörðum disk.

# FRÁBÆRIR KAUPAUKAR FYLGJA MEÐ VÖLDUM VÉLUM

## 1. GREIÐSLA

1. nóvember 2007

## FLAKKARI




FYLGIR
14.999

300968E
LaCie 320GB F.A. Porsche
útvær harður diskur fylgir!

## OFFICE 2007



**Office pakkinn**
Leyfi fyrir 3 tölvur
9.999
14.999
Ef keypt með tölvu




FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

BAT:NOM1-NSUM7-LA1
FSC AMILO LA1703 AMD
AMD Sempron 3500+
15,4" CrystalView skjár
- 1280 x 768 upplausn
UniChrome Pro skjástýring
512MB DDR2 vinnsluminni (533)
80GB SATA Harður Diskur
Innbyggt þráðlaust net
DVD Skrifari - Dual Layer
Windows Vista Basic

**15,4" WXGA TrueBrite skjár**
Skarpur og bjartur skjár með sérstakri glampavörn. Skjárinn er einn mikilvægasti hluti tölvunnar.

**AMD Sempron**
Aflmikill örgjörvi frá AMD. Útbúinn PowerNow! Technology.

**69.999**

BT LÁN™

Ekkert út og fyrsta greiðsla 1.nóv

| 12 mánaða | 24 mánaða | 36 mánaða |
|---|---|---|
| 7.056* | 3.896** | 2.843*** |

Forsölu-Kaupaukar



• Taska
• mús
8.999

# TOSHIBA

PSL40E-02R01QN5
TOSHIBA SATELLITE L40-139
Intel Celeron M 520
15.4" TFT WXGA
Intel 943 251MB skjástýring
1GB Vinnsluminni (2x512MHz)
120GB Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort
Lyklaborð í fullri stærð
Aðeins 2,72kg á þyngd
Windows® Vista Premium
2gja ára alþjóðleg ábyrgð

**Væntanleg**
Tryggðu þér eintak




Ekkert út og fyrsta greiðsla 1.nóv



**Office pakkinn**
Leyfi fyrir 3 tölvur
9.999
16.999

**89.999**

BT LÁN™

| 12 mánaða | 24 mánaða | 36 mánaða |
|---|---|---|
| 9.015* | 4.958** | 3.606*** |

YVES SAINT LAURENT FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1936:

*„Í gegnum árin hef ég lært að það sem er mikilvægt við kjól er konan sem klæðist honum.“*

***Franski tískuhönnuðurinn Yves Henri Donat Mathieu-Saint-Laurent er 71 árs í dag. Hann er einn fremsti fatahönnuður sinnar kynslóðar í heiminum.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 1. ÁGÚST ÁRIÐ 1907

## *Fyrsta skátaútilega Baden-Powell*

Á þessum degi árið 1907 fór liðsforinginn Robert Baden-Powell í fyrstu skátaútileguna með tuttugu drengi af ólíkum stéttum og uppruna, sem þótti byltingarkennt á þeim tíma.

Powell skipulagði ferðina til Brownsea-eyju á Suður-Englandi til að láta reyna á hugmyndir sínar að bókinni Scouting for Boys. Útilegan gekk út á könnunarleiðangra, smíðar, riddaramennsku, björgun og þjóðrækni og hefur síðan verið nefnd fyrsta skátaútilegan og markar upphaf skátahreyfingarinnar á heimsvísu.



**STOFNANDI SKÁTAHREYFINGARINNAR** Sir Robert Baden Powell stofnandi skátahreyfingarinnar er hér ásamt syni sínum Peter.

Þar sem þetta var fyrsta skátaútilegan voru drengirnir ekki í búningi en voru þó með kakíklúta um hálsinn með mynd af skátaliljunni, sem er fyrsta skátamerkið. Eftir útileguna fengu þeir síðan látúnsbarmmerki með orðunum „Vertu viðbúinn“ til að hengja fyrir neðan skátaliljuna sem er enn í dag saumuð í búninga skátadrengja.

Í dag fagna skátar um allan heim hundrað ára afmæli hreyfingarinnar meðal annars með alheimsskátamóti í Englandi.

### MERKISATBURÐIR

1625 Gos hefst í Kötlu í Mýrdalsjökli.

1666 Átta týna lífi og þrettán þúsund hús í Lundúnum eyðileggjast í stórbruna.

1792 Æstur múgur sækir klerka og aðalsmenn í fangelsi Parísar og tekur þá af lífi.

1870 Napóleon III gefst upp fyrir Prússum.

1898 Vélbyssa er notuð í orrustu í fyrsta sinn.

1942 Þýskir hermenn ráðast inn í Stalíngrad.

1944 Anna Frank er send í útrýmingarbúðirnar Auschwitz.

1945 Japanar gefast upp fyrir Bandamönnum.

1964 Franskir vísindamenn skjóta upp eldflaug frá Mýrdalssandi.

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Sigríður Álfsdóttir,**

sem lést hinn 26. júlí að dvalarheimilinu Sunnuhlíð, áður til heimilis að Hamraborg 30, Kópavogi, verður jarðsett fimmtudaginn 2. ágúst kl. 15.00. Athöfnin fer fram frá kirkju Óháða safnaðarins. Blóm og kransar afþakkaðir, þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hjartavernd.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Eygló Jónasdóttir, Kristján Gunnarsson**
**Álfheiður Jónasdóttir, Absalon Poulsen**
**Guðmundur Jónasson, Magnús Jónasson**
**og Rannveig Einarsdóttir.**

---



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug vegna andláts og útfarar*

**Svavars Jónssonar**

**Guðný Eiríksdóttir**
**Hrefna Katrín Svavarsdóttir** **Baldvin S. Ingimarsson**
**Óskar Svavarsson** **María Kristín Þrastardóttir**
**Reynir Svavarsson** **Sigrún Anna Snorradóttir**
**Heiðdís Rós Svavarsdóttir** **Birgir Karl Ragnarsson**
**Hrefna Líneik Jónsdóttir**
**og barnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, sonur og bróðir,*

**Hannes Hafsteinsson**
matvælaverkfræðingur, Ph.D.,
Hraunbæ 162,

andaðist á gjörgæsludeild Landspítalans laugardaginn 28. júlí. Útförin verður auglýst síðar.

**Soffía Jóhannsdóttir**
**Nína Nilsdóttir,**
**Magnús Már Nilsson,** **Ásta Björg Reynisdóttir,**
**Kristín Hannesdóttir,** **Kári Kristinsson,**
**Hafsteinn Ormar Hannesson,**
**Sigríður Jóna Hannesdóttir,**
**barnabörn**
**Kristín Bárðardóttir**
**Bárður Hafsteinsson**
**Guðrún Kristjana Hafsteinsdóttir**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Ásdís Ingibergsdóttir,**

lést á heimili sínu, Sólvangi í Hafnarfirði, miðvikudaginn 25. júlí. Útför hennar fer fram í Víðistaðakirkju fimmtudaginn 2. ágúst kl. 15.00.

**Börn, tengdabörn og barnabörn.**

---



*Faðir minn, afi okkar og langafi,*

**Róbert Bjarnason,**

sem lést 23. júlí sl. á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, Árskógum 2, Reykjavík, verður jarðsunginn í Fossvogskapellu, föstudaginn 3. ágúst kl. 11.

**Ragna Róbertsdóttir, Kjartan Ari Pétursson, Ingibjörg Finnbogadóttir, María Finnbogadóttir, Berta Finnbogadóttir, Harpa Finnbogadóttir, Orri Finnbogason, makar og barnabarnabörn.**

---



*Okkar innilegustu þakkir fyrir auðsýnda samúð, vináttu og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar dóttur minnar, systur, mágkonu og frænku,*

**Guðlaugar Þórarinsdóttur,**

er lést á Skálatúnsheimilinu Mosfellsbæ 17. júlí síðastliðinn og var jarðsungin frá Norðfjarðarkirkju 27. júlí. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki, sambýlisfólki, læknum og hjúkrunarfólki Skálatúnsheimilisins fyrir ómetanlega umönnun.

**Hulda S. Bjarnadóttir og fjölskylda.**

---

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Salóme Guðmundsdóttir**
Grandavegi 47, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi að morgni föstudagsins 27. júlí sl. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 3. ágúst nk. kl. 11 árdegis.

**Þorsteinn Magnússon** **Halla Bachmann Ólafsdóttir**
**Salóme Magnúsdóttir McInnis** **Melvin McInnis**
**Guðmundur Magnússon** **Vaka Hrund Hjaltalín**
**Gunnar Magnússon Salómeson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

*Innilegar þakkir færum við þeim fjölmörgu sem hafa sýnt okkur samúð, hlýhug og stuðning við fráfall og jarðarför okkar hjartkæra*

**Einars Odds Kristjánssonar,**
alþingismanns, Sólbakka, Flateyri

og heiðrað minningu hans á margvíslegan hátt.

**Sigrún Gerða Gísladóttir**
**Brynhildur Einarsdóttir** **Illugi Gunnarsson**
**Kristján Torfi Einarsson** **Dagný E. Arnalds**
**Einar Arnalds Kristjánsson**
**Teitur Björn Einarsson**
**Jóhanna G. Kristjánsdóttir**
**Kristján Erlingsson**
**Vigdís Erlingsdóttir**
**og fjölskyldur**

---



*Hjartanlegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, dóttur, systur og ömmu,*

**Ingibjargar Richardsdóttur,**
Engjaseli 54, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir frábæra hjúkrun og atlæti, starfsfólks deildar 11G Landspítalans við Hringbraut og þeirra fjöldamörgu vina og ættingja sem sýndu mikla umhyggju og stuðning í erfiðum veikindum. Guð blessi ykkur öll.

**Kristinn Karl Dulaney,**
**Erla Kristinsdóttir, Snorri Bjarnvin Jónsson,**
**Richard Kristinsson, Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir,**
**Ingibjörg Kristinsdóttir, Hans Welling,**
**Erla Þórðardóttir,**
**Þórdís Richardsdóttir, Per Otto Sylwan**
**og aðrir aðstandendur.**

---



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu stuðning og vinarþel við andlát okkar ástkæru*

**Gretu S. Svavarsdóttur**
Grundarsmára 3, Kópavogi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar Landspítalans í Kópavogi og annarra sem önnuðust hana.

**Guðmundur Gunnlaugsson**
**Óskar Bragi Guðmundsson**
**Ingvar Geir Guðmundsson**
**Oliver Aron Guðmundsson**
**Svavar B. Bjarnason**
**Gunnlaugur B. Óskarsson**
**og systkini hinnar látnu.**

---



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Kristinn Guðmundsson,**
húsgagnasmiður, Gullsmára 5,

er lést 24. júlí, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 2. ágúst kl. 13.00.

**Guðmundur Ingi Kristinsson**
**Anna Sigurborg Kristinsdóttir**
**Inga Sigrún Kristinsdóttir** **Magnús Þór Haraldsson**
**Hildur Þorsteinsdóttir** **Karl Bjarnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Okkar ástkæri*

**Sigurgeir Pétursson**
frá Ófeigsfirði

sem lést aðfaranótt mánudagsins 23. júlí verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju á morgun, fimmtudag 2. ágúst, kl. 15.00.

**Jenný Haraldsdóttir**
**Arndís B. Sigurgeirsdóttir** **Bára K. Kristinsdóttir**

# Gerðu hagstæð innkaup í Nettó




**449** kr/2 stk í pakka
Lúxusborgari m/beikoni, osti og sósu




**1.699** kr/kg
Goða ferskar íslenskar grísalundir




**499** kr/kg, áður 998 kr/kg
Kjötsels grill-svínalærissneiðar




**749** kr/pokinn
Humar 1 kg




**3.799** kr/askjan
Humar 2 kg




**899** kr/kg, áður 1.299
Fjörfisks grill-laxabitar




**89** kr/fl
Coke Zero 2 ltr




**49** kr/kg
Vatnsmelónur




**799** kr/10x80 g
Goða frosnir hamborgarar

H:N markaðssamskipti / SÍA    Hönnun: Víkurfréttir

**full búð af frábærum tilboðum**
Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 1 .–5. ágúst eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn










## STUÐ MILLI STRÍÐA Aldurstakmörk og annar óþverri

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** ÞARF ENN AÐ PIRRAST YFIR UNGUM ALDRI



Þegar ég var yngri að árum þóttu mér aldurstakmörk alltaf agalega pirrandi. Vissulega þótti það flestum sem ekki höfðu aldur til að gera ákveðna hluti, en fyrir mér var þetta meira prinsippmál. Það fór óheyrilega í taugarnar á mér að þroski og ábyrgðartilfinning væru sí og æ bendluð við fjölda ára sem viðkomandi hefði dregið andann.

Ég er ein þeirra sem fengu að hefja skólagöngu einu ári á undan áætlun. Það var voðalega gaman til að byrja með, ég kunni að lesa og hefði örugglega drepist úr leiðindum í leikskólanum. Síðar fór að halla undan fæti. Í unglingavinnu eftir 8. bekk var ég á sömu kjörum og bekkjarsystkini mín. Eftir 9. bekk fékk ég hins vegar lægri laun en allir hinir, þar sem ég var ári yngri. Þó vann ég sömu vinnu og jafn lengi. Þegar ég lauk þriggja ára menntaskólagöngu var ég sautján og hálfs, á meðan aðrir voru á nítjánda ári. Ég þurfti því að gerast brotleg við lög og svindla mér inn á eigið útskriftarball, þar sem aldurstakmark var átján ára.

Ég hélt að með því að ná hinum langþráða tvítugsaldri væri aldursruglinu lokið. Óekki. Um daginn festi ég kaup á bíl, en þar sem ég hef ekki fagnað 25 ára afmæli enn þá þurfti ég að hafa tvo ábyrgðarmenn. Það fór í taugarnar á mér. Ég geri mér grein fyrir því að lánastofnanir og aðrir þurfa að hafa einhver viðmið, að það sé ekki hægt að senda hvern og einn sem þangað kemur í sálfræðilegt mat til að afgera hvort viðkomandi sé nægilega þroskaður til að standast afborganir. Það er samt pirrandi að allt miðist við hversu mörg jól maður hefur lifað, eins og það skipti öllu máli.

Því finnst mér það einnig óréttlátt að hafa 23 ára aldurstakmark á fjölskylduhátíð á Akureyri. Það er til mun meira af 23 ára gömlu fólki sem drekkur sig ekki blindhaugafullt og ræðst ekki á tjaldnágranna sína vopnað brotnum flöskum, en 23 ára gömlu fólki sem það stundar. Ég, til dæmis.

## myndasögur




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SJÓNVARPSTÆKI HEYRNARTÓL BÍLHÁTALARAR BÍLTÆKI ÚTVÖRP HLJÓMBORÐ BÍLMAGNARAR
MYNDAVÉLAR HÁTALARAR
DVD SPILARAR LCD SJÓNVÖRP FERÐATÆKI
ELDAVÉLAR PLASMA SJÓNVÖRP
ÞVOTTAVÉLAR ÍSSKÁPAR MP3 SPILARAR
MYNDBANDSTÆKI
KAFFIVÉLAR
MAGNARAR
REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

UPPÞVOTTAVÉLAR
ÖRBYLGJUOFNAR
RYKSUGUR
RAKVÉLAR
ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR
SAMLOKUGRILL
STRAUJÁRN
BLANDARAR
HRÆRIVÉLAR
VÖFFLUJÁRN
HÁFAR

BROT AF ÞVÍ BESTA

**Brauðristar, kaffivélar, sléttujárn, hárblásarar og fleira frá kr. 995**

**PHILIPS flatsjónvörp á frábæru verði**

**KENWOOD hrærivélar með allt að 40% afslæUtti**

**Kæliskápar með allt að 100.000 kr. afslæUtti**

**Þvottavélar frá kr. 34.995**

**Útlitsgallaðar vörur með miklum afslætti**

Skoðið tilboðin
á www.ht.is

**Heimilistæki**
www.ht.is

**TAKMARKAÐ MAGN**
**Fyrstur kemur – fyrstur fær!**

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SÆTÚNI 8<br>SÍMI 569 1500 | GLERÁRGÖTU 36<br>460 3380 | GARÐARSBRAUT 18A<br>464 1600 | EYRARVEGI 21<br>480 3700 |

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS SuperTech UNITED BEKO DeLonghi elna exido
ide line Melissa TecnoWind Bauknecht Bompani GeneralFrost indesit VESTFROST Whirlpool

>VISSIR ÞÚ?

Ekkert lag hefur verið tekið oftar upp en lagið Yesterday, sem Bítlarnir gerðu ódauðlegt, en til eru yfir 3.000 upptökur af laginu. Frá því að Yesterday kom út árið 1965, og til aldamóta, var lagið þar að auki flutt yfir sjö milljón sinnum.



Fólk

folk@frettabladid.is

# Kryddpíur vantar stílista

Mörgum þótti Kryddpíurnar ekki nógu stíliseraðar þegar þær hittust til að tilkynna um endurkomu sveitarinnar. Þegar maður skoðar myndina er það þó í rauninni aðallega Geri sem stingur í stúf enda eru allar hinar í svörtu og Mel B í svörtu og rauðu. Geri er hins vegar í skósíðum blómakjól sem passar alls ekki inn í heildarmyndina. Nýlega kom upp orðrómur þess eðlis að Kryddpíurnar hefðu fengið Donatellu til að taka stíl þeirra í gegn og var hún sögð sitja sveitt við að hanna búninga fyrir tónleikatúr stúlknanna.

Talsmaður Versace hefur hins vegar neitað þessum orðrómi. „Þetta er einfaldlega ekki satt,“ sagði hann. „Ég hef ekki hugmynd hvaðan þessi orðrómur kemur en Donatella mun ekki koma nálægt stíliseringu á píunum.“ Vonandi finnur sönghópurinn góðan stílista til að vinna með því það er augljóst að þær geta þetta ekki alveg sjálfar. Ekki frekar en óheillakrákan hún Britney Spears sem hefur lengi hunsað ráð stílista sinna. Einnig skulum við vona að Kryddpíurnar fari ekki að kafa inn í skápana í leit að platform íþróttaskóm, kjólum með hlébarðamynstri eða „baby“-kjólum eins og þær gerðu forðum daga.



**DONATELLA VERSACE** Talsmaður hennar firrar hana allri ábyrgð á tískuslysunum hjá Spice Girls.



**KRYDDPÍUR Í NEYÐ** Þær þykja ekki passa sérlega vel upp á klæðaburðinn og margir telja þær þurfa stílista hið snarasta.

# Meistari nútímans

Ítalski leikarinn Michelangelo Antonioni, sem er þekktastur fyrir kvikmyndirnar Blow-Up og L´Avventure, er látinn. Lést hann á heimili sínu í Róm 94 ára að aldri.



**ANTONIONI** Einn merkasti leikstjóri Ítala er látinn. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

„Með fráfalli Antonionis er horfinn á braut bæði einn merkasti leikstjóri okkar og jafnframt meistari nútímans,“ sagði Walter Veltroni, borgarstjóri í Róm.

Antonioni lýsti í myndum sínum firringu nútímans og hafði jafnan samtöl í algjöru lágmarki auk þess sem hver kvikmyndataka stóð yfir í langan tíma.

Antonioni, sem gerði 25 myndir á ferli sínum, og þó nokkur kvikmyndahandrit, fékk árið 1995 heiðursóskar fyrir framlag sitt til kvikmyndalistarinnar.

# Hún er ömurleg en ég elska hana

**Rokkróninn Pete Doherty gerði í gær sjarmerandi tilraun til að endurheimta ástir Kate Moss. Leiðin sem hann valdi var viðtal við breska götublaðið Mirror.**

„Ég elska hana af öllu hjarta. Mér líkar hvernig hún labbar og talar. Ég elska beinin hennar og heilann,“ segir Pete í upphafi viðtals við Daily Mirror þar sem hann reynir að vinna aftur ástir Kate Moss. Eitthvað var Pete óviss í afstöðu sinni því stuttu seinna segir hann: „Hún er illgjörn gömul tuska.“ Einnig talar hann ítarlega um hvað hún sé óþolandi afbrýðisöm og hafi beitt hann andlegu og líkamlegu ofbeldi.

Hvernig honum dettur í hug að það að kalla fyrrverandi kærustuna sína gamla tusku sé góð leið til að ná henni aftur er líklegast spurning fyrir lengra komna.

Pete segir í viðtalinu að ástæðan fyrir því að hann kom í viðtal var að það sé eina leiðin til að ná sambandi við hana. Hún sé hætt að tala við hann og hann vilji segja henni að hann elski hann. Einhverra hluta vegna finnst honum þetta sama viðtal vera rétti vettvangurinn til að hneykslast á því að hún lesi slúðurblöð yfirhöfuð.

Stuttu seinna segist hann reyndar vera í góðu sambandi við hana og fyrr í vikunni hafi hún sungið Moon River inn á talhólfið í símanum hans. Til að fullkomna ástarjátninguna segir Pete frá því í viðtalinu að hann hafi nú reyndar beðið stúlku að nafni Christine og brúðkaup sé planlagt í nóvember.

**MÓTSAGNAKENND ÁSTARYFIRLÝSING** Pete Doherty lýsti ást sinni á Kate Moss á undarlegan hátt í The Mirror í gær.








# Nýtt lag frá Millunum



**MILLJÓNAMÆRINGARNIR** Þeir eru miklir golfarar og eru svo heppnir að eiga bráðsnjallan kylfusvein en eins og sést er búið að setja andlit Stefáns Hilmarssonar á hinn lágvaxna svein.

Milljónamæringarnir hafa sent frá sér nýtt lag sem ber nafnið „Við elskum þig nú samt“. Lagið er eftir Karl Olgeirsson en textinn er eftir Stefán Hilmarsson. Þó svo að þetta sé ekta Millalag þá er það óvenjulegt að því leyti að það skartar þó nokkrum gítarleik sem hljómsveitin notar sjaldan. Það er Ómar Guðjónsson sem sér um gítarleikinn.

Plata frá drengjunum er svo væntanleg í byrjun ágúst og auk þess halda Milljónamæringarnir sinn árlega Sparidansleik á Broadway laugardaginn eftir verslunarmannahelgina, hinn 11. ágúst. Þar fá nýju lögin að hljóma í bland við gömul og Laddi verður sérstakur heiðursgestur. - bor

# Innipúkar gleðjast

Tónlistarhátíðin Innipúkinn fer fram í Reykjavík um helgina eins og undanfarin ár. Í þetta skiptið fer hátíðin fram á nýja tónleikastaðnum Organ í Hafnarstræti sem verður þá opnaður með pomp og pragt.

Hátíðin er sem fyrr hugsuð fyrir innipúka sem kjósa að vera heima við um verslunarmannahelgina og láta öðrum eftir að velkjast í regnvotum tjöldum með Bubbalög í bakgrunni.

Meðal þeirra hljómsveita sem koma fram eru Seabear, Forgotten Lores, Mr. Silla og Mongoose, Ghostigital og FM Belfast.

Miðasala fer fram í versluninni 12 Tónum á Skólavörðustíg og er afar takmarkað miðaframboð sökum stærðar staðarins. - jar



**SEABEAR Á INNIPÚKANUM** Hljómsveitin Seabear er ein þeirra sveita sem spilar á Innipúkanum í ár. Hér er hún fyrir stækkun sveitarinnar.

# Aftur í skólann



2.999 kr
Verð áður 3.999,-

2.999 kr
GOTT VERÐ



1.995 kr
Verð áður 2.930,-



Vandaðar skólatöskur í úrvali



395 kr
Verð áður 595,-

495 kr
Verð áður 700,-



Mikið úrval af pennaveskjum

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | |
| THE SIMPSONS MOVIE LÚXUS | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | |
| THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | |
| DIE HARD 4.0 | kl. 5 - 8 - 10.45 | 14 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| PLANET TERROR | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 6.30 - 8.30 - 10.30 | |
| DEATH PROOF | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| DIE HARD 4.0 | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 14 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 6 - 8 - 10 | |
| THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL | kl. 6 | |
| DEATH PROOF | kl. 10.50 | 16 |
| TRANSFORMERS FORSÝNING | kl. 8 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| PLANET TERROR | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 6 - 8 - 10 | |
| THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL | kl. 6 | |
| DEATH PROOF | kl. 10 | 16 |

MIÐASALA Á midi.is

SAMBÍÓIN www.SAMbio.is 575 8900 midi.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| NANCY DREW | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | | 7 |
| GEORGIA RULES | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | | 7 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 2 - 5 - 8 - 10:10 | | 10 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 2 - 5 - 8 | DIGITAL | 10 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 2 - 5 - 8 | VIP | |

| | | |
|---|---|---|
| EVAN ALMIGHTY | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| BLIND DATING | kl. 8 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 8 | L |
| OCEAN´S 13 | kl. 10:10 | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| NANCY DREW | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | 7 |
| GEORGIA RULES | kl. 8 - 10:30 | 7 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| NANCY DREW | kl. 8 - 10 | 7 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 6 | 10 |
| GEORGIA RULES | kl. 9 | 7 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| NANCY DREW | kl. 6 - 8 | 7 |
| SIMPSONS ENSKT TAL | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| HARRY POTTER 5 | kl. 10 | 10 |

VIP SALURINN ER BARA LÚXUS
ER STAÐSETTUR Í SAMBÍÓUNUM ÁLFABAKKA

## Nýtt í bíó

LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| PLANET TERROR | kl. 8 og 10.30-POWER | 16 |
| SIMPSONS enskt tal | kl. 4, 6, 8 og 10 | L |
| SIMPSONS íslenskt tal | kl. 4 og 6 | L |
| 1408 | kl. 8 og 10 | 16 |
| SHREK 3 íslenskt tal | kl. 4 og 6 | L |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is


# Ragga Gröndal snýr aftur

Tónlistarkonan Ragnheiður Gröndal, sem er komin heim eftir söng- og píanónám í Bandaríkjunum, heldur tónleika á Domo í kvöld ásamt hljómsveitinni Black Coffee. Sveitina skipa gítarleikararnir Ásgeir Ásgeirsson og Eðvarð Lárusson, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson kontrabassaleikari og trommarinn Erik Quick.

Munu þau leika tónlist úr ýmsum áttum auk frumsaminna laga Ragnheiðar. Tónleikarnir hefjast klukkan 21.30 og er aðgangseyrir 1.000 krónur.

Þetta verða fyrstu tónleikar Ragnheiðar eftir heimkomuna, en eins og kom fram í viðtali í Fréttablaðinu fyrir skemmstu aflýsti hún nokkrum tónleikum til að jafna sig eftir mikla keyrslu í náminu í New York.



**RAGNHEIÐUR GRÖNDAL** Ragnheiður spilar á Domo í kvöld ásamt hljómsveitinni Black Coffee.

# Rétti tíminn runninn upp

**Birgitta Haukdal ætlar að gefa út sína fyrstu sólóplötu fyrir næstu jól. Er hún nýbúin að undirrita útgáfusamning við Senu þess efnis.**

„Ég hef það á tilfinningunni að núna sé minn rétti tími. Þetta verður mjög spennandi,“ segir Birgitta. „Ég hef ekki viljað gefa út plötu fyrr en rétti tíminn kæmi. Ég er svo mikil tilfinningavera að það þarf allt að hafa sinn rétta tíma og „móment“. Þessi plata verður mjög ólík Írafári. Hún verður mjög Birgittuleg og ætti ekki að koma neinum á óvart. Ég er algjörlega samkvæm sjálfri mér. Þetta verður notaleg plata og persónuleg, ég er bara þannig. Ég vil hafa það sem ég geri svolítið persónulegt.“

### Gamalt þverflautulag

Vignir Snær Vigfússon, félagi Birgittu úr Írafári, tekur plötuna upp með henni auk þess sem þau semja nokkur lög saman. „Við erum svo góðir vinir. Það er gott að vinna með fólki sem maður þekkir 200%,“ segir Birgitta, sem á sjálf nokkur lög á plötunni, þar á meðal fyrsta lagið sem hún samdi þegar hún var níu ára. „Ég samdi það á þverflautu og tónlistarkennarinn minn var mjög hamingjusamur með það. Hann lét mig spila það á messum og á skólaskemmtunum úti um allt. Ég vildi að þetta lag væri á plötunni sama hvort mönnum fyndist það gott eða ekki. Það er í miklu uppáhaldi hjá mér því þarna fattaði ég að ég gæti kannski eitthvað í tónlistinni.“

### Sátt á Íslandi

Platan verður sungin á íslensku enda er Birgitta ekkert að velta fyrir sér frægð og frama í útlöndum. „Mér þykir svo vænt um íslenska markaðinn að ég þarf ekkert að leita lengra. Ég hef enga löngun til að gera neitt á ensku í þeirri von að einhver uppgötvi mig úti í heimi. Ég vil gera þetta á Íslandi því þar er ég sátt,“ segir hún.



**GEFUR ÚT SÍNA FYRSTU SÓLÓPLÖTU** Söngkonan Birgitta Haukdal segir að fyrsta sólóplata sín, sem er væntanleg fyrir næstu jól, verði mjög ólík því sem hún hefur gert með Írafári. Eitt lagið á plötunni samdi Birgitta þegar hún var níu ára gömul. Sólóplatan verður sungin á íslensku því hana dreymir ekki um frægð í útlöndum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Áfram með Stuðmönnum

Þrátt fyrir að sólóferill sé í vændum ætlar Birgitta að halda áfram að syngja með Stuðmönnum eins og hún hefur gert undanfarið eitt og hálft ár með góðum árangri. „Það er búið að vera alveg meiri háttar og ólíkt öllu því sem ég hef gert áður.

Við höldum því starfi áfram,“ segir Birgitta, sem segist samt ekki líta á sig sem Stuðmann. „Ég mun aldrei verða Stuðmaður en ég get kallað mig Stuðkonu. Ragga er Stuðmaðurinn.“

freyr@frettabladid.is




# Rignir niður plötum

Tónlistarmaðurinn Rigning heldur útgáfutónleika á Barnum í kvöld í tilefni af útkomu sinnar fimmtu sólóplötu, Askja Pandóru. Aðeins nokkrir mánuðir eru liðnir síðan síðasta sólóplata kappans kom út, þannig að afköst hans eru í miklu hámarki um þessar mundir. „Þessi plata varð eiginlega til fyrir tilviljun. Þetta eru lög sem ég er búinn að vera að vinna síðustu ár en átti eftir að gefa út,“ segir Rigning, eða Jói eins og hann heitir réttu nafni.

Askja Pandóru er önnur platan sem Rigning gefur út á íslensku. Hann segir það svipað að semja texta á íslensku og ensku. „Það er mismunandi eftir málefnum hvort ég syng á ensku eða íslensku. Það er mikið frjálsræði að geta flakkað á milli,“ segir hann.

Rigning er með mörg járn í eldinum um þessar mundir því hann hyggur á útgáfu annarrar plötu með Birki úr Forgotten Lores eftir tvo mánuði auk þess sem hann kemur fram á Iceland Airwaves-hátíðinni í haust með hljómsveitinni Audio Improvement.

Askja Pandóru, sem er gefin út í veglegum umbúðum, er ellefta platan sem kemur út á vegum útgáfufyrirtækisins Triangle Productions. Á útgáfutónleikunum í kvöld koma einnig fram Beatmakin Troopa og Awful Truth, sem eru einnig á vegum Triangle Productions. Tónleikarnir hefjast klukkan 22 og er aðgangur ókeypis. - fb



**RIGNING** Rapparinn Rigning heldur útgáfutónleika í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Hita upp fyrir Eyjar

Rokkstjörnurnar Magni Ásgeirsson og hinn ástralski Toby Rand halda tónleika á Gauki á Stöng í kvöld ásamt hljómsveitinni Á móti sól. Um er að ræða nokkurs konar upphitun fyrir þjóðhátíð í Eyjum, þar sem Á móti sól ætlar að spila um verslunarmannahelgina.

Toby kemur til landsins ásamt félaga sínum úr hljómsveitinni Juke Kartel, gagngert til að upplifa þjóðhátíðarstemninguna sem Magni hefur dásamað svo mjög í hans eyru og hver veit nema þeir félagar taki lagið með Á móti sól í Eyjum.



**TOBY** Ástralinn Toby Rand er á leiðinni á þjóðhátíð í Eyjum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Paris Hilton** heldur til Toronto í september þar sem hún mun leika í söngleikjamynd að nafni Repo! The Genetic Opera. Myndin fjallar um farald sem fer um heimsbyggðina og lýsir sér þannig að líffæri fólks bila í hrönnum og neyðist það til að versla líkamsparta af fyrirtækinu Geneco. Paris mun syngja og dansa í söngleiknum en auk hennar leika þau **Paul Sorvino** og **Alexa Vega** í myndinni. Tökur hefjast hinn 10. september.



**Debbie Harry** er hlynnt lýtaaðgerðum og segist hafa látið sprauta sig með frumum kindafósturvísa í um þrjátíu ár. Auk þess segist hún ganga undir vaxtarhormónameðferðir sem læknar segja nú að auki líkur á krabbameini. Fyrrnefndu meðferðina hafa læknar einnig gagnrýnt og segja hana geta leitt til gin- og klaufaveiki. Debbie ætti kannski að hætta þessu rugli og fagna eðlilegum ellimerkjum sínum.



**Steve Martin** kvæntist kærustu sinni til þriggja ára, **Anne Stringfield**, um helgina en talsverður aldursmunur er á hjónakornunum. Stringfield er ekki nema 35 ára á meðan leikarinn gamalkunni er orðinn 61 árs. Um alvöru stjörnubrúðkaup var að ræða og meðal gesta voru til dæmis **Tom Hanks**, **Diane Keaton**, **Eugene Levy**, **Carl Reiner** og **Lorne Michaels** sem var svaramaður Steves.



**Usher** var ekki eins heppinn um helgina en hann og kærasta hans, **Tameka Foster**, hættu við væntanlegt brúðkaup sitt um helgina sem margir segja að hafi verið dauðadæmt frá upphafi. Móðir Ushers og umboðsmaður þoldi aldrei Tameku sem var sennilega ástæðan fyrir því að Usher rak hana sem umboðsmann sinn og bauð henni ekki í brúðkaupið. Einnig var guðfaðir Ushers, **Ben Vereen**, tekinn af gestalistanum vegna þess að Tameka þoldi hann ekki. Ekkert af þessu veit á gott fyrir ævilangt hjónaband og eflaust hefur ákvörðunin um að hætta við brúðkaupið verið sú rétta.


EKKI MISSA AF ÞESSU – STÓRÚTSALA

30 - 75%

HEFST Í DAG
MIÐVIKUDAG KL. 10.00




| | | |
|---|---|---|
| GALLABUXUR | 3500,- | 2 STK 6000,- |
| BOLIR | 1500,- | 2 STK 2000,- |
| PEYSUR | 2500,- | 2 STK 4000,- |
| SKYRTUR | 2500,- | 2 STK 4000,- |
| JAKKAR | 3000,- | 2 STK 5000,- |
| SKÓR | 2500,- | 2 PÖR 4000,- |

OPIÐ

| | | |
|---|---|---|
| MIÐVIKUDAG | 1 ÁGÚST | 10-19 |
| FIMMTUDAG | 2 ÁGÚST | 10-21 |
| FÖSTUDAG | 3 ÁGÚST | 10-19 |
| LAUGARDAG | 4 ÁGÚST | 10-18 |
| SUNNUDAG | 5 ÁGÚST | 13-18 Í SMÁRALIND |

BLEND®
Keflavik // Smaralind // Kringlan
blendofamerica.com // blendshe.com

### > Besti dómarinn



Kristinn Jakobsson var besti dómari umferðarinnar en hann dæmdi leik Vals og Fylkis mjög vel.

### > Bestu ummælin

Ólafur H. Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, eftir að liðið fór enn á ný illa með dauðafæri í 1-1 jafntefli við KR . „Við erum að reyna að spila fótbolta eins og ég vil sjá hann spilaðan. Liðið sem ég var með í fyrra var með mann sem gerði 11 mörk í 13 leikjum og ég vildi gjarnan vilja hafa einn svoleiðis í þessu liði. Þá værum við á allt öðrum stað í töflunni.“



**sport**
sport@frettabladid.is

**11. UMFERÐ LANDSBANKADEILDAR KARLA:** FH NÁÐI AFTUR GÓÐU FORSKOTI

## *Valsmenn náðu ekki toppsætinu*

Valsmönnum mistókst að ná toppsætinu af FH-ingum sem síðan tryggðu sér fimm stiga forskot með því að vinna Keflavík 3-2.

Valsmenn töpuðu 2-4 fyrir Fylkismönnum en þetta var fyrsti deildarsigur Árbæinga síðan 14. júní. Fylkismenn lentu 2-1 undir en skoruðu þrjú mörk eftir hlé og tryggðu sér langþráðan sigur.

Blikar fóru illa með færin gegn KR sem þýddi að vesturbæjarliðið fékk stig út úr fjórða leiknum í röð. Þeir eru þó enn á botninum en tap Fram fyrir Víkingum þýðir að nú munar aðeins einu stigi á liðunum. Sigur Víkinga var sá fyrsti hjá þeim í sjö leikjum og kom þeim í aðeins betri stöðu.

Skagamenn fóru illa með HK-inga og unnu 4-1 upp á Skaga. ÍA hefur nú náð í 13 stig af síðustu 15 mögulegum og er farið að blanda sér í toppbaráttuna.

Eftir tapið gegn FH hafa Keflvíkingar aðeins fengið eitt stig út úr síðustu þremur leikjum og þjálfarinn er búinn að afskrifa titilinn.




### TÖLURNAR TALA

**Flest skot:** 18, Breiðablik.
**Flest skot á mark:** 9, Breiðablik, Keflavík
**Fæst skot:** 9, KR, HK.
**Besta skotnýting:** ÍA, 30,8%
**Hæsta meðale.:** ÍA, 6,38.
**Lægsta meðaleink.:** HK 4,45.
**Grófasta liðið:** KR, 20 brot.
**Prúðasta liðið:** Breiðablik, 6 brot.

**Fjöldi áhorfenda:** 8.123
Að meðaltali mættu 1624 manns á leikina fimm í tíundu umferðinni sem er önnur hæsta aðsókn á eina umferð í sumar. Flestir mættu á leik FH og Keflavíkur, 2166 manns, en fæstir lögðu leið sína í Laugardalinn á leik Vals og Fylkis, eða 1137 manns. Það mættu því yfir þúsund manns á alla leikina fimm.

Stökktu til
Fuerteventura
14. ágúst
frá kr. 39.990

Frábært tilboð!

Verð kr. 39.990
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í viku, 14. ágúst.

Verð kr. 49.990
Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi/stúdíó/íbúð í viku, 14. ágúst.

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum til Fuerteventura í viku 14. ágúst. Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Gríptu tækifærið og tryggðu þér sumarfrí á frábærum kjörum á þessum vinsæla sumarleyfisstað.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is
Ferðaskrifstofa

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

# Vissi alltaf að ég gæti þetta

**Stefán Logi Magnússon hefur staðið sig með mikilli prýði eftir að hafa komið inn í lið KR í 8. umferð Landsbankadeildarinnar. Hann var frábær í leiknum gegn Breiðabliki í síðustu viku og er leikmaður 11. umferðar að mati Fréttablaðsins.**

**FÓTBOLTI** „Það hefur vissulega gengið ágætlega en persónulega finnst mér frammistaða mín hafa verið fullkomlega eðlileg. Ég vissi alltaf að ég gæti þetta, en ég hefði nú samt viljað vera búinn að fá á mig færri mörk. En maður ver víst ekki öll skot,“ segir Stefán Logi, en óhætt er að fullyrða að hann hafi bjargað stiginu fyrir KR-inga í leiknum gegn Blikum á miðvikudagskvöldið.

Markvarsla Stefáns í aukaspyrnu Nenad Petrovic, leikmanni Blika, undir lok leiksins var á heimsmælikvarða og strax í kjölfarið varði hann skot frá Prince Raijcomar, sem hafði hirt frákastið. Það gerði Stefán Logi með því að baða út höndum og fótum og loka þannig á skotramma sóknarmannsins. Þóttu tilburðir hans minna um margt á tækni hins danska Peter Smeichel.

„Já, þetta var hálfgerð handboltamarkvarsla. Ég var nú lengi í marki í handboltanum á mínum yngri árum og grunaði alltaf að æfingin þar ætti eftir að koma sér vel,“ sagði Stefán og hló þegar hann rifjaði upp atvikið.



**ÖRUGGUR Í TEIGNUM** Stefán Logi er stór og sterkur og á flesta bolta sem koma inn í teiginn.

Gengi KR-inga hefur smám saman verið að réttast við eftir hörmulega byrjun á tímabilinu og er auðvelt að tengja þá breytingu við innkomu Stefáns Loga í liðið. Hann leysti Kristján Finnbogason af í 8. umferð deildarinnar og átti stóran þátt í að KR-ingar innbyrtu sinn fyrsta sigur í sumar. Síðan þá hefur liðið leikið þrjá leiki á útivelli og gert jafntefli í þeim öllum. Í þessum fjórum leikjum hefur Stefán Logi fengið á sig þrjú mörk en til samanburðar má nefna að Kristján Finnbogason fékk á sig 14 mörk í fyrstu sjö umferðum deildarinnar.

„Ég var mjög sáttur með að fá sénsinn gegn Fram og ég var ákveðinn í að nýta mér traustið sem Teitur (Þórðarson, fyrrverandi þjálfari KR) sýndi mér. Hann sagði mér að sýna það sem hann vissi að byggi í mér. Ég gerði mitt besta og auðvitað er ég ánægður með að hafa haldið sæti mínu.“

Stefán Logi segir samvinnu sína og Kristjáns varamarkvarðar með miklum ágætum. „Það er náttúrlega enginn sáttur við að vera á bekknum og vitandi hvað Kristján er mikill keppnismaður vissi ég ekki alveg hverju ég átti von á eftir að ég fékk tækifærið í byrjunarliðinu. En hans viðbrögð hafa verið framar mínum vonum. Hann hefur stutt mig og gerir það áfram, jafnvel þó ég hafi tekið sætið hans. Það er ekki skrítið að hann hafi verið fyrirliði liðsins.“

Stefán Logi er stór og stæðilegur markvörður en þykir afar snöggur á milli stanganna. Hann vílar úthlaupin ekki fyrir sér í hornspyrnum og fyrirgjöfum andstæðinganna og er öruggur á bolta. Hann hefur hins vegar orð á sér fyrir að vera villtur og gjarn á að gera mistök. Stefán Logi gefur lítið fyrir þann stimpil.

„Sjálfstraustið er jafn gott og það hefur alltaf verið og ég hef aldrei verið hræddur við að gera mistök. Það er kannski þess vegna sem þau gerast einstaka sinnum. Auðvitað vill maður halda þeim í lágmarki en mistök eru hluti af fótboltanum. Það væri ekkert gaman að honum ef það yrðu aldrei mistök.“ **- vig**

FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR!
Þúsundir nýrra og núverandi viðskiptavina Glitnis hafa nú þegar skráð sig í Vildarklúbb Glitnis.

GLITNISPUNKTAR
Fylgstu með Glitnispunktunum safnast upp í Netbanka Glitnis.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 8131



**ALHLIÐA LEIKMAÐUR** Kevin Garnett er með 20,4 stig, 11,4 fráköst og 4,5 stoðsendingar að meðaltali í 927 leikjum í NBA. NORDICPHOTOS/GETTY

Risaskipti í NBA-deildinni:

## Kevin Garnett fer til Boston

**KÖRFUBOLTI** Kevin Garnett er á leið til Boston Celtics frá Minnesota Timberwolves fyrir allt að sjö leikmenn og valrétt Boston Celtics. Leikmennirnir Al Jefferson, Gerald Green, Sebastian Telfair og Theo Ratliff eru meðal þeirra sem fara yfir til Minnesota.

Sumarið 2007 hefur breytt miklu fyrir Boston Celtics. Fyrst nældi liðið í Ray Allen frá Seattle og í gær bættist einn eftirsóttasti leikmaður deildarinnar, Kevin Garnett, í herbúðir Celtics sem hafa ekki unnið nema þrjú einvígi í úrslitakeppninni undanfarin fimmtán ár.

Boston er því komin með þrjá stjörnuleikmenn í sitt lið og er um leið orðið afar sigurstranglegt á Austurströndinni. Boston hefur ekki unnið NBA-titilinn síðan 1986 en þeir hafa ekki haft þrjá stjörnuleikmenn í liðinu frá því að Larry Bird, Kevin McHale og Robert Parish unnu þrjá titla með félaginu frá 1981 til 1986. - óój

Landsbankadeild karla:

## Fram fær Dana

**FÓTBOLTI Fram hefur samið við danska leikmanninn Henrik Eggerts um að spila með liðinu út tímabilið í Landsbankadeild karla.**

**Eggerts þessi er 31 árs gamall sókndjarfur miðjumaður. Hann kemur frá liði Nordsjælland í heimalandi sínu.** - vig

Ólafur Páll Snorrason:

## Aftur til FH

**FÓTBOLTI** FH hefur kallað sóknarmanninn Ólaf Pál Snorrason til baka úr láni frá 1. deildar liði Fjölnis. Ólafur Páll hafði leikið sex leiki með Fjölni á tveimur mánuðum, skorað eitt mark og staðið sig mjög vel.

Mikið álag er á Íslandsmeisturum FH þessar vikurnar og gerir þátttaka liðsins í Evrópukeppninni það að verkum að liðið spilar tvo leiki á viku. Verður því kærkomið að fá Ólaf Pál til baka úr láni til að þétta hópinn. Brotthvarf hans er að sama skapi mikið áfall fyrir Fjölni.








**GRÉTAR RAFN** Sést hér í baráttu við fyrrverandi landsliðsmanninn Edgar Davids, leikmann Ajax. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Grétar Rafn Steinsson er eftirsóttur í Englandi:

# AZ hafnaði tilboði frá Newcastle í Grétar Rafn

**FÓTBOLTI** Enska úrvalsdeildarliðið Newcastle gerði formlegt tilboð í landsliðsmanninn Grétar Rafn Steinsson fyrir helgi sem var umsvifalaust hafnað af félagi hans í Hollandi, AZ Alkmaar. Fjölmiðlar í Hollandi segja að tilboðið hafi hljóðað upp á tæpar tvær milljónir punda, en forráðamenn AZ halda fast í þá ákvörðun sína að selja Grétar Rafn ekki fyrir minna en fjórar milljónir punda.

Grétar Rafn staðfesti við Fréttablaðið í gær að tilboð hefði borist en vildi þó meina að allar upphæðir sem nefndar hafa verið væru ofmetnar. Viðræður um nýjan samning Grétars við AZ eru langt komnar og sjálfur segist hann pollrólegur yfir öllu tali um hugsanleg félagsskipti hans.

„Ef ég er sáttur við það sem býður verðið sem AZ vill fá þá mun ég að sjálfsögðu skoða það. En ég sé ekki ástæðuna fyrir því að stökkva eitthvað annað þegar mér líður svona vel í Hollandi. Hér er ég í góðu liði, hef traust frá þjálfaranum og er að sýna framfarir. Auk þess er félagið að verðlauna mig fyrir góða frammistöðu með því að bjóða nýjan samning. Eins og staðan er núna reikna ég með að vera áfram hjá AZ,“ segir Grétar Rafn.

Sam Allardyce, knattspyrnustjóri Newcastle, leitar nú logandi ljósi að hægri bakverði í lið sitt en hægri vængmaðurinn Nolberto Solano hefur verið að leysa þá stöðu á undirbúningstímabilinu. Allardyce er sagður vilja sóknarsinnaðan bakvörð og því hafi hann horft hýru auga til Grétars Rafns. Núverandi samningur hins 25 ára gamla Grétars við AZ rennur út árið 2011. - vig

# Ummæli pabba eru oftúlkuð

**Eiður Smári Guðjohnsen segist fyrst og fremst vilja berjast fyrir sæti í byrjunarliði Barcelona. Hann segir fjölmiðla oftúlka orð föður hans um áhuga sinn á því að ganga til liðs við Íslendingaliðið West Ham.**

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen sagði við Fréttablaðið í gær að hann vildi halda áfram að berjast fyrir sæti sínu í stjörnum prýddu liði Barcelona. Enskir fjölmiðlar fullyrða að viðræður West Ham og Barcelona séu hafnar og að spænska liðið vilji fá um níu milljónir punda fyrir landsliðsfyrirliðann. Barcelona borgaði Chelsea níu milljónir punda fyrir Eið Smára í fyrra.

Arnór Guðjohnsen, faðir Eiðs og umboðsmaður, sagði við Sky-fréttastofuna í vikunni að Eiður útilokaði ekki að fara til West Ham. „Ég hef heyrt af áhuganum frá West Ham en það hafa engar viðræður átt sér stað ennþá. Að fara til West Ham væri eitthvað sem Eiður myndi íhuga vegna Íslendinganna þar,“ sagði Arnór. Nýjustu fregnir herma þó að viðræður hafi átt sér stað en samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins flaug Arnór út til Lundúna á mánudagsmorgun.

Eiður Smári dró verulega úr orðum föður síns. „Ég held að fréttamenn séu að fara fram úr sjálfum sér. Ég tel að ummæli pabba við Sky hafi verið oftúlkuð,“ sagði Eiður Smári við Fréttablaðið í gær.

Hann segir einnig að þrátt fyrir allt vilji hann vera áfram í Katalóníu. „Ég er leikmaður Barcelona og ég ætla að berjast fyrir sæti mínu hér. Það er forgangsatriði að ná mér góðum af þessum meiðslum sem hrjá mig en síðan mun ég berjast fyrir sæti mínu í byrjunarliðinu,“ sagði Eiður.

Meiðsli í hné hrjá Eið sem fer ekki með Barcelona í æfingaferð til Kína. Hann missti einnig af æfingaferð félagsins til Skotlands en hann vinnur nú með sjúkraþjálfurum tvisvar á dag í bland við hefðbundnari æfingar.

Eggert Magnússon hefur verið orðaður við Eið Smára allt frá því hann keypti West Ham og er talinn tilbúinn að borga honum 65 þúsund pund í vikulaun til að lokka Eið aftur til London. Eggert vildi ekkert tjá sig um málið þegar Fréttablaðið leitaðist eftir því í gær. „Ég hef ekkert um málið að segja,“ sagði Eggert.

hjalti@frettabladid.is



**EIÐUR SMÁRI** Kveinkar sér hér í vinstra hné en meiðsli þar koma í veg fyrir að hann geti æft eðlilega. Hann segist ekki vera á leiðinni til West Ham. NORDICPHOTOS/AFP






Gunnar Heiðar Þorvaldsson, leikmaður Hanover:

# Skoraði gegn Real Madrid

**FÓTBOLTI** Gunnar Heiðar Þorvaldsson skoraði annað mark Hanover í 3-0 sigri liðsins á Spánarmeisturum Real Madrid sem fram fór í Þýskalandi í gær. Tæplega 48 þúsund áhorfendur sáu Gunnar Heiðar skora markið á 63. mínútu, aðeins mínútu eftir að hafa komið inn á sem varamaður. Lið Real Madrid var stjörnum prýtt og innihélt liðið í gær leikmenn á borð við Fabio Cannavaro, Sergio Ramos, Iker Casillas og Raul.

„Ég fékk sendingu inn fyrir með Cannavaro í mér, tók hann í fyrsta með ristinni og boltinn steinlá í netinu. Fyrsta snertingin á móti Real Madrid og það er mark. Það er ekki slæm byrjun, þó ég segi sjálfur frá,“ sagði Gunnar Heiðar við Fréttablaðið í gær, hinn kátasti.

Gunnar Heiðar hefur verið í frábæru formi á undirbúningstímabilinu og skorað fjögur mörk í jafnmörgum leikjum. „Ég hef æft eins og skepna og finn ekkert fyrir meiðslunum lengur. Það hafa verið keyptir tveir framherjar til liðsins í sumar og mér var sagt að ég fengi undirbúningstímabilið til að sanna mig. Maður veit náttúrlega aldrei hvað gerist en ég held að ég hafi náð að gera þeim erfitt fyrir. Nú vita þeir allavega af mér,“ segir Gunnar Heiðar. - vig



**MARK Í FYRSTU SNERTINGU** Gunnar Heiðar fagnar markinu gegn Real í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Heimir Guðjónsson fór á leik í Hvíta-Rússlandi:

# Þurfum tvo toppleiki

**FÓTBOLTI** FH-ingar mæta FC BATE frá Hvíta-Rússlandi í forkeppni Meistaradeildarinnar í Kaplakrika í kvöld en þetta er fyrri leikur liðanna. Leikurinn hefst klukkan 19.00. FC BATE sló Apoel frá Kýpur út í fyrstu umferð og á vellinum var Heimir Guðjónsson, aðstoðarþjálfari FH-liðsins, sem njósnaði um verðandi mótherja FH-liðsins.

„Þetta er mjög sterkt lið, vel skipulagt og í leiknum sem ég sá þá spiluðu þeir mjög grimman sóknarleik. Þeir eru með fljóta og flinka leikmenn og eru góðir í að halda boltanum innan liðsins,“ segir,“ segir Heimir og bætir við að liðið eigi margt skylt með FH.

„Það er sumardeild í Hvíta-Rússlandi og þeir eru því á svipuðum stað og við. Þeir eru í toppformi og eru langefstir í deildinni heima fyrir. Þeir eru búnir að skora mikið á mörkum og eru mjög sterkir sóknarlega. Við þurfum að verjast vel í þessum leik.“

Heimir segir verkefnið framundan mjög krefjandi. „Til að eiga einhverja möguleika þurfum við að vinna heimaleikinn en við megum ekki æða út í neitt því það er mjög dýrt að fá á sig mark á heimavelli í þessari Evrópukeppni. Við verðum að flýta okkur hægt. FH þarf að eiga tvo toppleiki til að komast áfram,“ sagði Heimir. - óój

Tvöfaldur pottur 2

# 260 milljónir

100+160
1. vinningur

Bónus-vinningur 14 milljónir

**Víkingalottó óskar eftir** vinningshafa að **tvöföldum potti** upp á 100 milljónir.
Viðkomandi verður að uppfylla eftirfarandi skilyrði: **Kaupa miða.**
Einnig er í boði ofurpottur upp á 160 milljónir og **bónuspottur** upp á 14 milljónir.

Fáðu þér miða fyrir kl. 16 í dag eða taktu séns á að missa af þessu!

TÍVOLÍ-TÍVOLÍ TÍVOLÍ-LÍ-LÍ

Ein fjölskylda á hverjum laugardegi í allt sumar!

Ef þú kaupir 10 raða seðil í Lottó eða Víkingalottó fylgir aukamiði sem getur fært þér og fjölskyldunni sólarhringsferð til Kaupmannahafnar.

VÍKINGA LOTTÓ
Alltaf á miðvikudögum!
lotto.is

ENNEMM / SIA / NM28953

### > Juliette Lewis

Juliette átti í ástarsambandi við Brad Pitt í mörg ár og lék á móti honum í myndunum Kalifornia og Too Young to Die? Þá var hún með barnfóstru Kurt Cobains heitins og Courtney Love, Michael Dewit. Hún giftist hjólabrettamanninum Steve Berra árið 1999 en þau skildu fyrir tveimur árum síðan. Juliette er meðlimur í vísindakirkjunni eins og fleiri frægir leikarar. Hún leikur í myndinni Picture Claire á Stöð 2 Bíó kl. 24.00.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FYLGDIST MEÐ FRÆGRI RIMMU MAN. UTD OG NEWCASTLE

# *Ferguson vann sálfræðistríðið*

Upphitun er í fullum gangi á bresku sjónvarpsstöðinni Sky Sports fyrir enska boltann sem hefst um miðjan ágúst. Í fyrrakvöld var tekið fyrir tímabilið 1995 til 1996 þar sem Manchester United og Newcastle háðu fræga rimmu um meistaratitilinn. Framan af tímabilinu spilaði Newcastle fantafótbolta þar sem leikmenn á borð við David Ginola og Les Ferdinand fóru á kostum í sókninni. Flestir töldu að Newcastle myndi vinna titilinn auðveldlega enda náði liðið mest tólf stiga forystu á Manchester. Lærisveinar Alex Ferguson voru ekki á sama máli og smám saman hrukku þeir í gang eftir afleita byrjun á meðan Newcastle gaf eftir. Segja má að á endasprettinum hafi hinn franski Eric Cantona tryggt Manchester titilinn nánast einn síns liðs með ótrúlegri frammistöðu. Hann skoraði hvert sigurmarkið á fætur öðru og þegar hann skoraði ekki var hann að leggja upp á samherja sína. Kórónaði hann síðan tímabilið með því að skora sigurmarkið í bikarúrslitaleiknum.



Í þættinum var einnig gaman að fylgjast með rimmu stjóranna Alex Ferguson og Kevin Keegan. Ferguson var afar öruggur í tilsvörum og reyndi hvað hann gat til að koma höggi á Newcastle, á meðan Keegan virkaði taugaveiklaður og linur. Sýndi þessi rimma svo ekki verður um villst hvað það skiptir máli fyrir menn í þeirra stöðu að halda ró sinni út á við, vera klókir og segja réttu hlutina, því annars getur allt farið úrskeiðis.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** Moonlight Mile STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.05** Oprah STÖÐ 2



▶ **20.10** Bráðavaktin SJÓNVARPIÐ



▶ **20.30** Extra Time - Footballers' Wive SIRKUS



▶ **22.00** Sex, love and secrets SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Stjáni** (62:65)
**18.23 Sígildar teiknimyndir** (4:13)
**18.30 Alvöru dreki** (1:4)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Bráðavaktin** (3:23) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**21.00 Litla-Bretland** (5:6) Bresk gamanþáttaröð þar sem grínistarnir Matt Lucas og David Walliams bregða sér í ýmissa kvikinda líki og kynna áhorfendum Bretland og furður þess. Þættirnir hafa unnið til fjölda verðlauna. e.
**21.35 Nýgræðingar** Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Formúlukvöld** Hitað upp fyrir Formúlu 1 kappaksturinn um helgina.
**22.50 Hver á sinn hátt** (Blue Note) Þýsk heimildamynd úr sögu nútímadjassins. Hér segir frá þeim Alfred Lion og Francis Wolff sem stofnuðu til tónlistarútgáfu í New York og gáfu m.a. út plötur með Art Blakey, Dexter Gordon, Ron Carter, Herb Monk og Miles Davis.
**00.45 Kastljós**
**01.15 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Tom Thumb & Thumbelina**
**08.00 Clint Eastwood: Líf og ferill**
**10.00 To Walk with Lions**
**12.00 Moonlight Mile**
**14.00 Tom Thumb & Thumbelina**
**16.00 Clint Eastwood: Líf og ferill**
**18.00 To Walk with Lions**
▶**20.00 Moonlight Mile** Átakanleg mynd um ungan mann sem syrgir unnustu sína. Aðalhlutverk: Jake Gyllenhaal, Dustin Hoffman og Susan Sarandon.
**22.00 To Kill a King**
**00.00 Picture Claire**
**02.00 White Oleander**
**04.00 To Kill a King**

## STÖÐ 2

**07.00 Stubbarnir**
**07.25 Litlu Tommi og Jenni**
**07.45 Kalli litli kanína og vinir**
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi 2005**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Forboðin fegurð** (103.114)
**10.15 Grey´s Anatomy 3**
**11.00 Fresh Prince of Bel Air** (24.24)
**11.25 Sjálfstætt fólk**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Í sjöunda himni með Hemma Gunn**
**14.20 Extreme Makeover. Home Edition** (7.32)
**15.50 Smá skrítnir foreldrar**
**16.13 Batman**
**16.33 Addi Panda**
**16.38 Pocoyo**
**16.48 Könnuðurinn Dóra**
**17.13 Gordon Garðálfur**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veð**
**19.40 The Simpsons** (3.22) (e)
▶**20.05 Oprah** (Ask Dr. OZ III) Uppáhaldslæknir Opruh kemur í heimsókn.
**20.50 The Riches** (10.13)
**21.40 Ghost Whisperer** (24.44) Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjándans Melindu Gordon í þessum dulræna spennuþætti.
**22.25 Venus and Mars** Rómantísk gamanmynd um unga konu sem er harðákveðin í því að hjónabönd valdi eingöngu óhamingju. Mamma hennar vill ekki heyra á þessa vitleysu minnst og spáir því að fyrr en seinna muni draumaprinsinn bakna á dyrnar hjá henni. Aðalhlutverk. Lynn Redgrave.
**00.05 Bones** (10.21)
**00.50 Naqoyqatsi**
**02.20 Medium** (20.22)
**03.05 The Riches** (10.13)
**03.55 Ghost Whisperer** (24.44)
**04.40 Oprah**
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**
**06.35 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SIRKUS

**18.00 Insider**
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Entertainment Tonight**
**20.05 Gary the Rat** Gary Andrews er farsæll lögfræðingur sem af einhverri furðulegri ástæði vaknar einn daginn sem rotta í mannsstærð. Fólk hefur ýmsar getgátur um hvers vegna Gary vaknaði einn daginn sem rotta og segja sumir að það breytingin hafi verið útaf slæmu karma. Gary er snjall lögfræðingur sem svífst einskis til að koma sínu fram. Í stað þess að gráta yfir því að vera orðin rotta þá reynir Gary heldur að átta sig á hvernig hann getur haldið velgengni sinni lifandi í heimi manna.
▶**20.30 Extra Time - Footballers' Wive** Þær eru fallegar, moldríkar og geta gert það sem þær vilja! Í þessari þáttaröð er fjallað um Aniku, systur Tanyu Turner. Ef ykkur fannst Tanya vera slæm, bíðið þá þar til þið sjáið Aniku.
**20.55 Extra Time - Footballers' Wive**
**21.15 Filthy Rich Cattle Drive** (3:8) (Calf Named Fred Segal) Börn frægra einstaklinga eru hér samankomin í raunveruleikaþætti þar sem þau reyna fyrir sér í nýjum hlutverkum sem eru ekki beint í anda lífstíls þeirra.
**22.00 Las Vegas** (15:17) Spennandi bandarísk þáttaröð sem gerist í partíborginni Las Vegas. James Caan er hér í hlutverki Stóra-Eds Delines, yfirmanns öryggismála í stóru spilavíti þar sem allt getur gerst.
**22.45 The Shield** (8:10) Hörkuspennandi þáttaröð um lögreglulið í Los Angeles sem hikar ekki við að brjóta lögin til að fá sínu framgengt.
**23.30 My Name Is Earl** (23:23) (e)
**23.55 Hidden Palms** (7:8) (e)
**00.40 Ren & Stimpy**
**01.10 Entertainment Tonight** (e)
**01.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.35 Everybody Loves Raymond** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.15 Vörutorg**
**17.15 Design Star** (e)
**18.15 Dr. Phil** Dr. Phil, hreinskilni sjónvarpssálfræðingurinn frá Texas heldur áfram að hjálpa fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segja frábærar sögur og gefa góð ráð.
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 Will & Grace** (e)
**20.00 On the Lot** (13.15) Ný raunveruleikasería frá Mark Burnett, manninum á bak við Survivor, The Contender og Rock Star. Nú leitar hann að efnilegum leikstjóra og hefur fengið frægasta leikstjóra allra tíma, Steven Spielberg, í lið með sér. Fimm leikstjórar eru eftir og einn verður sendur heim í kvöld. Síðan munu þeir fjórir sem eftir eru sýna myndirnar sínar. Gestadómari að þessu sinni er Gary Ross, sem m.a. leikstýrði Seabiscuit.
**21.00 America's Next Top Model - Lokaþáttur** Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Það er komið að lokaþætti áttundu fyrirsætuleitarinnar. Stúlkurnar þrjár sem eftir eru þurfa að sanna sig í myndatöku og auglýsingu fyrir CoverGirl. Ein stúlkan á lendir í vandræðum í myndatökunni og önnur á erfitt með að muna hvað hún á að segja í auglýsingunni. Síðan er ein stúlka send heim og þær tvær sem eftir taka þátt í tískusýningu sem ræður úrslitum um hvor stendur uppi sem sigurvegari.
▶**22.00 Sex, love and secrets** (4.8) Bandarísk þáttaröð um vinahóp í Los Angeles. Þegar Jolene hversu mikla athygli Charlie vekur fyrir hárgreiðsluna á einum af umbjóðendum hennar ákveður hún að nýta tækifærið og gera hann að næstu hárgreiðslustjörnu. Fyrrum kærasta Hanks kemur í heimsókn og fær hann til að koma í prufu með hljómsveit sem er á hennar snærum.
**22.50 Everybody Loves Raymond** Bandarískur gamanþáttur. Ray er búin að fá alveg nóg af því hve Debra er alltaf sein svo hann skilur hana eftir heima í stað þess að taka hana með sér á verðlaunaafhendingu íþróttafréttamanna.
**23.15 Jay Leno**
**00.05 Angela's Eyes** (e)
**00.55 Charmed** (e)
**01.45 Vörutorg**
**02.45 Óstöðvandi tónlist**


ÁSKRIFT: 512 5100 | VERSLANIR VODAFONE

Kristall plus EJS



HVER VERÐUR NÆSTA DANSSTJARNAN?
SO YOU THINK YOU CAN DANCE
ALLA FIMMTUDAGA KL. 20:40 OG FÖSTUDAGA KL. 20:30

skemmtilegri

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.40

**Ghost Whisperer**

Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjáandans Melindu Gordon í þessum dulræna spennuþætti sem notið hefur mikilla vinsælda. Í þætti kvöldsins tekst Melinda á við draug fyrrum kærasta hennar en hann var til vandræða á meðan hann lifði og er svo sannarlega ekki betri sem draugur.



### AMERICA'S NEXT TOP MODEL

**Skjár einn kl. 21.00**

Það er komið að lokaþætti áttundu fyrirsætuleitarinnar. Stúlkurnar þrjár sem eftir eru þurfa að sanna sig í myndatöku og auglýsingu fyrir CoverGirl. Ein stúlkan lendir í vandræðum í myndatökunni og önnur á erfitt með að muna hvað hún á að segja í auglýsingunni. Síðan er ein stúlka send heim og þær tvær sem eftir eru taka þátt í tískusýningu sem ræður úrslitum í keppninni.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Dragspilið dunar
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Sakamálaleikritið: Mótleikur
**13.15** Á sumarvegi
**14.03** Útvarpssagan: Hótel Kalifornía
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Út yfir stað og stund
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Á sumarvegi
**19.40** Útvarpsleikhúsið: Mæja spæja
**20.00** Heima er best
**20.40** Sérðu það sem ég sé ?
**21.00** Sólarglingur
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Ævintýri Artúrs Gordons
**22.45** Kvöldtónar
**23.10** Söguhraðlestin
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### SÝN

**07.00 Meistaradeildin 2007 - forkeppni 2. umferð**

**16.40 Meistaradeildin 2007 - forkeppni 2. umferð**

**18.20 Gillette World Sport 2007** Íþróttir í lofti, láði og legi. Fjölbreyttur þáttur þar sem allar greinar íþrótta eru teknar fyrir.

**18.50 Meistaradeildin 2007 - forkeppni 2. umferð**

**21.00 Sumarmótin 2007** (Símamótið) Þáttur um hið árlega Símamót í knattspyrnu þar sem stúlkur alls staðar af landinu koma saman í Kópavogi og reyna með sér. Keppt er í 4., 5., 6. og 7. flokki .

**21.40 Augusta Masters** Masters mótið er eitt af risamótunum fjórum í golfi og óhætt er að segja að þar séu hefðirnar í hávegum hafðar. Þetta er eina risamótið sem fer ávallt fram á sama velli, Augusta National, í Georgíu sem hannaður var af Bobby Jones. Sigurvegarar mótsins fá ævilangan þáttökurétt á mótinu auk græna jakkans.

**22.35 Meistaradeildin 2007 - forkeppni 2. umferð**

### BBC PRIME

**6.15** Come Outside **6.30** Andy Pandy **6.35** Teletubbies **7.00** House Invaders **7.30** Little Angels **8.00** Little Angels **8.30** Perfect Properties **9.00** Garden Challenge **9.30** Big Cat Diary **10.00** Big Cat Diary **10.30** Keeping Up Appearances **11.00** As Time Goes By **11.30** My Family **12.00** Hetty Wainthropp Investigates **13.00** Waking the Dead **14.00** House Invaders **14.30** Get a New Life **15.30** Bargain Hunt **16.00** As Time Goes By **16.30** My Family **17.00** The Week the Women Went **17.30** Small Town Gardens **18.00** Waking the Dead **19.00** The Inspector Lynley Mysteries **20.00** Knowing Me, Knowing You... With Alan Partridge **20.30** Nighty Night **21.00** Waking the Dead **22.00** Keeping Up Appearances **22.30** The Inspector Lynley Mysteries **23.30** As Time Goes By **0.00** My Family **0.30** EastEnders **1.00** Waking the Dead **2.00** Hetty Wainthropp Investigates **3.00** Perfect Properties **3.30** Balamory **3.50** Tweenies **4.10** Big Cook Little Cook **4.30** Tikkabilla **5.00** Boogie Beebies **5.15** Tweenies **5.35** Balamory **5.55** Big Cook Little Cook

### DR 1

**6.00** SommerSummarum **7.35** Yu-Gi-Oh! **7.55** Grænseskoven **8.25** Kappe af Siv **8.40** Shin Chan **8.50** Dyre-Internatet **9.20** Vagn på floden **10.00** TV Avisen **10.10** Desperate boligdr¢mme **10.40 M**ed rygsæk **11.05** Orkesterliv **11.35** Hokus Krokus **12.05** Dawsons Creek **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.05** Pigebandet Frank **13.30** SommerSummarum **15.05** Trolddomsæsken **15.30** Klassen 1. b **15.45** Tagkammerater **16.00** Når orangutangen skaber sig **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** SommerVejret **17.05** Sherlock Holmes **18.00** S¢ren Ryge **18.30** Familiejagten **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret på DR1 **19.40** Post Danmark Rundt 2007 **20.05** Kriminalkommissær Foyle **21.40** Seinfeld **22.05** Onsdags Lotto **22.10** Planet X **5.30** Home things **5.35** Anton **5.40** Byggemand Bob **5.50** Tagkammerater **6.00** SommerSummarum

### NRK 1

**6.00** Teddy og Annie **6.15** Postmann Pat **6.35** Danny og Daddy **6.40** Noahs dyrebare ¢y **7.10** Gjengen på taket **7.25** Moro med dyr **7.35** Kalle på kroa **7.45** Grusomme gr¢ss **8.00** Landsskytterstevnet 2007 **15.50** Oddasat - Nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Nysgjerrige Nils 16.15 I Mummidalen **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Og nå **17.55** Walkabout **18.25** Ed Robinson **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Siste nytt **19.10** Sommeråpent **20.00** Komiprisen - årets morsomste **20.05** Vikinglotto **20.15** Lov og orden: New York **21.00** Kveldsnytt **21.15** Norge i dag **21.25** Carniväle **22.10** Battlestar Galactica **22.50** Alfred Hitchcock presenterer **5.30** Sommermorgen **5.55** Peppa Gris **6.00** Teddy og Annie

### SVT 1

**7.15** Hej hej sommar **7.16** Tintin **7.45** Blue Water High **10.00** Rapport **10.05** Varför, Ouafa? **10.35** Där ingen skulle tro att någon kunde bo **12.05** Målaren på Moulin Rouge **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Författarporträtt **15.25** Anslagstavlan **15.30** Att odla sin trädgård **16.00** Fifi och blomsterfröna **16.10** Evas sommarplåster **16.20** Lilla röda traktorn **16.30** Hej hej sommar **16.31** Tintin **17.00** Blue Water High **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag granskning - sommarspecial **19.00** A View from the Top **20.25** Ett liv utan minnen **21.15** Rapport **21.25** Försvarsadvokaterna **22.05** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige




## GAMLA MYNDIN



*„Þetta er líklega leikur sem þingmenn spiluðu á móti liði, sem ég man ekki hvað var í svipinn. Við tókum einhver spörk áður en við fórum í búningana. Ég var í marki, Ellert Schram var í vörninni og Frikki Sóf í sókn. Við unnum, ég man það.“*

Árni Johnsen alþingismaður.

Myndin var tekin í apríl 1985.

# Bar Dóru Takefusa opnaður í kvöld

Dóra Takefusa, fyrrum sjónvarps- og athafnakona, opnar nýjan bar í Kaupmannahöfn í kvöld. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá fluttist Dóra nýlega til Kaupmannahafnar ásamt kærasta sínum og dóttur sinni. Barinn hefur nú hlotið nafnið Jolene, sem væntanlega er sótt í frægt lag kántrístjörnunnar Dolly Parton. Hann mun opna klukkan átta í kvöld, samkvæmt tilkynningu sem ferðast nú manna á milli á netsamfélaginu Myspace.



**OPNAR BAR Í KAUPMANNAHÖFN** Bar Dóru heitir Jolene, eins og frægt lag með Dolly Parton.

Að rekstrinum standa, auk Dóru, tónlistarmaðurinn Örn Tönsberg, kærasti hennar, og Dóra Dúna Sighvatsdóttir, að því er Fréttablaðið kemst næst. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Jolene ætlað að vera afslappaður hverfisbar, sem svipa mun mest til íslenska barsins Sirkus. Sá hefur löngum verið vinsæll hjá listafólki og öðrum sem iðulega eru kenndir við 101, og því ættu íslenskar listaspírur í Kaupmannahöfn að finna sér samastað þar á bæ.

Jolene er til húsa á Sorgenfrigade, hliðargötu við Nörrebrogade á Norðurbrú í Kaupmannahöfn.

Dóra vildi ekki tjá sig um barinn eða fyrirhugaða opnun í samtali við Fréttablaðið í gær. - sun




**JOLENE** Bar Dóru Takefusa er til húsa á hliðargötu við Nörrebrogade í Kaupmannahöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



**LÁRÉTT**
**2.** ómskoðun **6.** einnig **8.** forsögn **9.** festing **11.** fyrir hönd **12.** rusl **14.** viðburður **16.** frá **17.** skammstöfun **18.** þakbrún **20.** í röð **21.** á fæti.

**LÓÐRÉTT**
**1.** líkami **3.** sjúkdómur **4.** skynja **5.** lík **7.** afríku dýr **10.** fæðu **13.** síðan **15.** klúryrði **16.** for **19.** vörumerki.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ómun, **6.** og, **8.** spá, **9.** lím, **11.** pr, **12.** drasl, **14.** atvik, **16.** af, **17.** ofl, **18.** ufs, **20.** aá, **21.** rist.

**LÓÐRÉTT: 1.** hold, **3.** ms, **4.** upplifa, **5.** nár, **7.** gíraffi, **10.** mat, **13.** svo, **15.** klám, **16.** aur, **19.** ss.

## SARA MARÍA SKÚLADÓTTIR: VINNUR FYRIR FRÆGA FATAHÖNNUÐI

# Frá Vibskov til Willhelm

Sara María Skúladóttir er nýsnúin frá Danmörku, þar sem hún vann í stúdíói fatahönnuðarins þekkta, Henrik Vibskov í einn mánuð. Í lok ágústmánaðar heldur hún svo til Parísar, þar sem hún hefur fengið vinnu hjá öðrum þekktum hönnuði, Bernhard Willhelm.

Sara María er í klæðskeranámi við Iðnskólann í Reykjavík, sem hún mun ljúka næsta vor. Saumakunnáttan nýttist henni vel í vistinni hjá Henrik Vibskov. „Þegar ég var þarna var verið að gera dömulínuna fyrir næsta sumar. Þau eru tvö, Henrik sem sér um karlafötin, og Maja sem gerir dömulínuna. Ég var að vinna svolítið mikið með henni við að klára línuna og koma henni úr húsi,“ útskýrði Sara.

Starfið fólst bæði í því að sníða og sauma svokallaðar prótótýpur. „Prótótýpurnar þurfa að vera vel gerðar. Þær eru sendar á sölusýningar, eða showroom, þar sem línurnar eru sýndar. Þangað kemur fólk úr verslununum til að skoða og panta,“ sagði Sara, sem kvaðst ánægð með að hafa komið inn á þessum tíma. „Það er gaman að sjá hlutina verða til og vita að þeir fara svo í framleiðslu,“ sagði hún.

Sara er útskrifuð úr textílhönnun frá Listaháskóla Íslands. „Það var þess vegna líka skemmtilegt að sjá hvað Henrik lætur prenta fyrir sig. Þar er stelpa bara í því að prenta mynstur fyrir hann. Sumar flíkurnar úr línunni hans eru úr efnum sem fást hvergi annars staðar,“ útskýrði hún.

Í lok ágúst heldur Sara til Parísar, þar sem hún hefur fengið vinnu hjá Bernhard Willhelm, sem hefur vakið mikla athygli fyrir hönnun sína. „Það er líka rosalega spennandi. Ég sótti um hjá þeim tveimur og fékk bæði – ég var ótrúlega heppin, finnst mér,“ sagði Sara. Í báðum tilfellum hafði hún samband við hönnuðina vegna eigin hrifningar á verkum þeirra. „Ég hitti Bernhard líka þegar hann kom til landsins á vegum góðrar vinkonu minnar. Hann hefur verið að hanna búninga fyrir tónleikaferðalagið sem Björk er á núna,“ sagði Sara. Hún segir það þó allt annað en sjálfgefið að fá inni hjá hönnuðum á borð við Vibskov og Willhelm. „Maður þarf alveg að hafa fyrir þessu,“ sagði hún sposk.

Þegar vistinni hjá Willhelm lýkur á Sara bara eina önn eftir af náminu. „Þá velur maður hvort maður fer í kjólasaum eða klæðskerann, dömu- eða herrafatnað, sem sagt. Ég er ekki búin að ákveða í hvoru ég ætla að útskrifast, ég ætla bara að láta það ráðast dálítið af því hvernig þetta starfsnám þróast,“ sagði hún. sunna@frettabladid.is



**VINNUR FYRIR VIBSKOV OG WILLHELM** Sara María Skúladóttir er nýsnúin heim eftir mánaðarvinnu fyrir Henrik Vibskov. Í lok ágúst heldur hún til Parísar til að vinna fyrir Bernhard Willhelm. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Rúnar Marvinsson**, hinn landsfrægi kokkur á Við tjörnina, er nú sagður vera með nýja matreiðslubók í smíðum. Að sögn kunnugra telur Rúnar mikla vöntun á fjölbreyttri matreiðslubók fyrir Íslendinga, alvöru bitastæðri bók. Rúnar hefur unnið að bókinni um hríð í félagi við ljósmyndarann **Áslaugu Snorradóttur** en þó er ekki talið líklegt að bókin komi út á þessu ári. Mun matreiðslumeistarinn hafa haft á orði að hann nennti ekki neinu jólamarkaðskjaftæði, bókin kæmi út þegar hún yrði tilbúin. Það gerist í fyrsta lagi næsta vor.



Sjónvarpshjónin **Logi Bergmann Eiðsson** og **Svanhildur Hólm Valsdóttir** hafa eytt stórum hluta sumarsins á Dalvík þar sem þau festu nýverið kaup á húsi. Þau hjónakornin kunna lífinu þar vel eins og lesa má um á bloggsíðu Svanhildar, laedan.blogspot.com. Um helgina bar vel í veiði fyrir þau þegar góða gesti bar að garði. Þar voru á ferðinni Kastljóssmaðurinn **Helgi Seljan** og unnusta hans **Katrín Rut Bessadóttir** sem stendur vaktina í Íslandi í dag. Ekki má ólíklegt telja að Logi hafi gert tilraun til að smita Helga af golfbakteríunni sem hann er með á háu stigi, en Helgi hefur til þessa ekki verið þekktur fyrir afrek sín á íþróttasviðinu.



Leikaraparið **Unnur Ösp Stefánsdóttir** og **Björn Thors** eignuðust fyrsta barn sitt á dögunum. Þau eignuðust heilbrigðan strák og ríkir mikil gleði á heimili þeirra í miðborg Reykjavíkur. Drengurinn hefur nú verið skírður og fékk hann nafnið Dagur Thors.






# Ráðist á Eið Smára í miðbænum

„Þetta var algerlega að tilefnislausu,“ segir Eggert Skúlason, talsmaður knattspyrnumannsins Eiðs Smára Guðjohnsen, sem ráðist var að í miðborg Reykjavíkur á laugardagskvöld. Eiður Smári var að koma úr þrítugsafmæli góðvinar síns Sverris Þórs Sverrissonar þegar ölvaður maður vatt sér að honum. Þegar Eiður sýndi manninum ekki nægja athygli hrinti hann landsliðsfyrirliðanum í jörðina. Félagi árásarmannsins kýldi Eið í kjölfarið í andlitið.

Eggert Skúlason sagði við Fréttablaðið í gær að Eiður þekkti ekkert til árásarmannsins og hefði því aldrei séð hann áður. Jafnframt sagði hann ekkert hæft í kjaftasögum sem fóru af stað á netinu í gær um að Eiður væri kjálkabrotinn eða hefði þurft að leita sér aðhlynningar á sjúkrahúsi eftir atvikið. Meiðsl hans væru ekki teljandi. „Eiður var mættur á æfingu hjá Barcelona strax á mánudagsmorgun,“ sagði Eggert. Engin eftirmál verða af málinu af hálfu Eiðs Smára: „Hann mun ekki kæra þetta, enda var hann fyrst og fremst leiður yfir atvikinu.“

Að því er Eggert segir er þetta í fyrsta sinn sem ráðist er á Eið í miðborg Reykjavíkur. Hann fái þó vissulega nægan skerf af athygli þegar hann skemmtir sér þar með vinum sínum. „Hann hefur ekki orðið fyrir aðkasti áður og hefur aldrei lent í neinu þessu líku. Eiður fær aftur á móti mikla athygli í bænum, það er bara hluti af því að vera þekktur.“ - hdm



**KVÖLDIÐ ENDAÐI ILLA** Eiður Smári skemmti sér vel framan af kvöldi á Domo í afmæli Sveppa en kvöldið fékk snöggan endi þegar ráðist var á hann í miðbænum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Europris

Tilboðin gilda 1.8 - 6.8.
Eða meðan birgðir endast.

**ÓDÝRT FYRIR ALLA!**

MIKIÐ *fyrir* LÍTIÐ

# ALLT FYRIR HELGINA!



**990** ÚTILEGUSTÓLL
- Með burðarpoka
- Fleiri litir



**39** pr. stk COCA COLA
- 33 cl
- Kr 936 pr. kassi (24 stk)



**990** FÖTUGRILL



5 stk

**199** KITKAT
- 5 x 45 gr




**199** EINNOTA GRILL
- Tilbúið eftir 15 mín.
- Grillar í ca 1-2 tíma



**1290** STÍGVÉL
- St 38 - 46




**59** FAXE KONDI
- 33 cl
- Gulur / appelsínugulur / grænn



400 gr

**229** HLAUP
- 400 gr



**1490** KÚLUGRILL
- 43 cm



**18.900** TRAMPÓLÍN - 4.0 M
- Öryggisnet, kr 12.900
- Trappa, kr 2590
- Yfirbreiðsla, kr 2990



**1990** KÆLIBOX
- Kælibox 12V, kr 4990



**199** pr. pk EINNOTA BORÐBÚNAÐUR
- Hnífar, gafflar og skeiðar
- Glært
- 30 í pk

Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!

Fiskislóð / Lynghálsi / Skútuvogi / Dalvegi, Kópavogi / Austurvegi, Selfossi

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



vísir www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR






**BAKÞANKAR**

**ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR**

## *Konurnar sex*

Í þessari viku þegar komandi verslunarmannahelgi bindur endahnútinn á sumarið, er útsvarið sígilt umræðuefni í fjölmiðlum. Annars vegar hversu mikið ríkustu menn hafa greitt eða ekki greitt í skatta og hins vegar hversu illa Samband ungra sjálfstæðismanna kann við að opinber gjöld séu opinber.

**NÚ** hefur ekki verið í tísku í nokkur ár að ragast í því hversu svakalega mikla peninga fáeinar manneskjur hafa á milli handanna. Einmitt þeir ofurríku séu verðmætasta fólkið fyrir samfélagið, beri vitni um vaxandi velsæld í landinu og því skuli samgleðjast. Allar vangaveltur um misskiptingu veraldargæða séu öfundsýki.

**ÓSKÖP VENJULEGRI** réttlætiskennd finnst samt eitthvað skakkt við það að stakur maður skuli hafa svo mikið í vasanum að hann greiði allt að fjögurhundruð milljónir í skatta. Líklega hefur svo efnað fólk mikið ímyndunarafl því það þarf yfir höfuð að láta sér detta ýmislegt í hug til að nota allt þetta fé annað en að græða á því enn meiri peninga. Einhverjir halda svakalegar afmælisveislur fyrir sjálfa sig og gefa svo eitthvað svolítið í góðgerðarmál, en samt er ævintýralega mikið eftir.

**SVO KEMUR Í LJÓS** að af níutíu hæstu skattgreiðendum landsins eru sex konur. Fyrir þá sem hafa gaman af prósentureikningi þýðir það að 93,3% þeirra sem eiga mest í handraðanum þetta árið eru karlar. Ef talsmenn nýfrjálshyggju byggðu á staðreyndum segðu þessar tölur væntanlega til um ólíka samkeppnishæfni karla og kvenna en ekki nokkurn hlut um mismikil tækifæri. Fáir dirfast þó að halda því beinlínis fram að karlar séu hreinlega svona miklu klárari en konur. Vilji til að leita raunverulegra skýringa á því að konur skuli varla komast á listann nema kannski sem eiginkonur auðmanna ætti auðvitað að vera kappsmál allra þeirra sem láta sig samfélagið varða. Það er löngu tímabært að áhugi á misrétti kynjanna hætti að vera málefni sérstakra hagsmunahópa.

**EF** Samband ungra sjálfstæðismanna hefur raunverulegan áhuga á tækifærum einstaklingsins ætti félagið að ræða ójafna stöðu og tækifæri kynjanna. Sýndarmennska af því tagi sem fer fram í árlegum giggum formanns félagsins hjá skattstjóra skilar engu í þá áttina.


Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is






ÍSLENSKA/SIA.IS/LEX 38487 07/07

RX 350 sameinar glæsileika, fágun, gríðarmikið afl og einstakt öryggi. Hann er athvarf frá álagi hinna virku daga. Hann er hrein upplifun þar sem landið hættir að setja þér takmörk og víður sjóndeildarhringur opnar þér nýja möguleika.
Komdu og gefðu Lexus RX 350 færi á að uppfylla ýtrustu kröfur sem þú gerir til lúxussportjeppa. Niðurstaðan verður gagnkvæm virðing milli þín og RX 350, bíls sem er smíðaður til að standa undir ströngustu væntingum.

Verð frá: 5.520.000 kr.

Nýbýlavegi 6 Kópavogur Sími 570 5400 www.lexus.is

LEXUS
The pursuit of perfection